

# INNFLYTJENDUR OG STAÐA ÞEIRRA Á VINNUMARKAÐI Í COVID-KREPPU

---

**Hver er staða innflytjenda á vinnumarkaði landsbyggðarinnar í samanburði við  
höfuðborgarsvæðið á tímum Covid?**

Vífill Karlsson, Ph.D.

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Skýrsla SSV  
Nr. 1 2022  
Ágúst 2022

ISSN 1670-7923



# 1 EFNISYFIRLIT

---

|                                                                             |    |
|-----------------------------------------------------------------------------|----|
| Myndayfirlit.....                                                           | 3  |
| Töfluyfirlit.....                                                           | 3  |
| 2 Samandregnar niðurstöður.....                                             | 4  |
| 2.1 Megin niðurstöður.....                                                  | 4  |
| 2.2 Aðrar áhugaverðar niðurstöður.....                                      | 5  |
| 3 Inngangur.....                                                            | 8  |
| 4 Af innflytjendum á Íslandi.....                                           | 11 |
| 4.1 Vinnumarkaður.....                                                      | 12 |
| 4.2 Samantekt.....                                                          | 16 |
| 5 Fyrri rannsóknir.....                                                     | 17 |
| 5.1 Samantekt.....                                                          | 19 |
| 6 Aðferðir.....                                                             | 21 |
| 7 Gögn.....                                                                 | 23 |
| 7.1.1 Almennt um gögnin.....                                                | 23 |
| 8 Niðurstöður.....                                                          | 28 |
| 8.1 Lýsandi greining.....                                                   | 28 |
| 8.1.1 Vinnumarkaður og önnur búsetuskilyrði.....                            | 28 |
| 8.1.2 Staðan á vinnumarkaði.....                                            | 35 |
| 8.1.3 Atvinnugreinar.....                                                   | 36 |
| 8.1.4 Hreyfanleiki vinnuafls.....                                           | 37 |
| 8.1.5 Færni vinnuafls.....                                                  | 38 |
| 8.1.6 Ánægja með stöðuna á vinnumarkaði, tekjur og hamingja.....            | 44 |
| 8.2 Aðhvarfsgreining.....                                                   | 50 |
| 8.3 Frekari samanburður, greining og vangaveltur.....                       | 55 |
| 8.4 niðurstöður dregnar saman.....                                          | 61 |
| 8.4.1 Innflytjendur og Íslendingar 2020.....                                | 61 |
| 8.4.2 Staða innflytjenda 2016/2017 og 2020.....                             | 62 |
| 8.4.3 Staða innflytjenda á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu 2020..... | 62 |
| 8.4.4 Staða innflytjenda á Vesturlandi og á höfuðborgarsvæðinu 2020.....    | 62 |
| 9 Lokaorð.....                                                              | 63 |
| Heimildaskrá.....                                                           | 64 |

## MYNDAYFIRLIT

---

|                                                                                                                          |    |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| MYND 3.1: INNFLYTJENDUR Á ÍSLANDI SEM HLUTFALL AF HEILDARFJÖLDA ÍBÚA BORIÐ SAMAN VIÐ ÖNNUR OECD LÖND. ....               | 8  |
| MYND 3.2: FJÖLDI ÞJÓÐERNA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU (HB) OG LANDSBYGGÐINNI (LB) ÁRIN 2001, 2011 OG 2021. ....                 | 9  |
| MYND 4.1: FJÖLDI INNFLYTJENDA, ÞAR AF STARFANDI, ÁSAMT ÍBÚUM MEÐ ERLENT RÍKISFANG, ÞAR AF ATVINNULAUSIR, 1996-2021. .... | 12 |
| MYND 4.2: ATVINNULEYSI ERLENDRA RÍKISBORGARA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU, LANDSBYGGÐINNI OG VESTURLANDI 2017-2022. ....         | 13 |
| MYND 4.3: HLUTFALL FÓLKS MEÐ ERLENT RÍKISFANG MEÐAL ATVINNULAUSRA 2000-2021. ....                                        | 14 |
| MYND 4.4: ATVINNUGREINASKIPTING INNFLYTJENDA OG ÍSLENDINGA 2020. ....                                                    | 14 |
| MYND 4.5: ATVINNUGREINASKIPTING INNFLYTJENDA 2018 OG 2020. ....                                                          | 15 |
| MYND 8.1: STAÐA OG MIKILVÆGI BÚSETUSKILYRÐA AÐ MATI INNFLYTJENDA 2020. ....                                              | 28 |
| MYND 8.2: SAMANBURÐUR Á INNFLYTJENDUM OG INNFÆDDUM 2020. ....                                                            | 30 |
| MYND 8.3: SAMANBURÐUR Á INNFLYTJENDUM Á LANDSBYGGÐINNI OG HÖFUÐBORGARSVÆÐINU 2020. ....                                  | 31 |
| MYND 8.4: SAMANBURÐUR Á INNFLYTJENDUM Á VESTURLANDI OG HÖFUÐBORGARSVÆÐINU 2020. ....                                     | 32 |
| MYND 8.5: SAMANBURÐUR Á INNFLYTJENDUM MILLI KANNANNA. ....                                                               | 34 |
| MYND 8.6: STAÐA ALLRA ÞÁTTTAKENDA Á VINNUMARKAÐI 2020 EFTIR UPPRUNA. ....                                                | 35 |
| MYND 8.7: STAÐA INNFLYTJENDA Á VINNUMARKAÐI 2020 EFTIR BÚSETU. ....                                                      | 35 |
| MYND 8.8: ATVINNUGREINASKIPTING ÞÁTTTAKENDA 2020 EFTIR UPPRUNA. ....                                                     | 36 |
| MYND 8.9: ATVINNUGREINASKIPTING INNFLYTJENDA 2020 EFTIR BÚSETU. ....                                                     | 37 |
| MYND 8.10: FJARLÆGÐ MILLI HEIMILIS OG VINNUSTAÐAR 2020. ....                                                             | 38 |
| MYND 8.11: STARFSREYNSLA ÞEIRRA SEM ERU Í VINNU 2020. ....                                                               | 39 |
| MYND 8.12: STARFSALDUR ÞEIRRA SEM ERU Í VINNU 2020. ....                                                                 | 40 |
| MYND 8.13: MENNTUN ÞEIRRA SEM ERU Í VINNU 2020. ....                                                                     | 42 |
| MYND 8.14: SÍMENNTUN OG ENDURMENNTUN ÞEIRRA SEM VORU Í VINNU 2020. ....                                                  | 43 |
| MYND 8.15: LAUN 2020. ....                                                                                               | 44 |
| MYND 8.16: ATVINNUÖRYGGI 2020. ....                                                                                      | 45 |
| MYND 8.17: ATVINNUÚRVAL 2020. ....                                                                                       | 46 |
| MYND 8.18: ATVINNUREKSTUR 2020. ....                                                                                     | 47 |
| MYND 8.19: HAMINGJA 2020. ....                                                                                           | 48 |
| MYND 8.20: TEKJUR 2020. ....                                                                                             | 49 |

## TÖFLUYFIRLIT

---

|                                                                                             |    |
|---------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| TAFLA 7.1: LÝSANDI TÖLFRÆÐI HÁÐRA BREYTA 2020. ....                                         | 24 |
| TAFLA 7.2: LÝSANDI TÖLFRÆÐI BAKGRUNNSBREYTA 2020. ....                                      | 24 |
| TAFLA 7.3: LÝSANDI TÖLFRÆÐI YFIR BREYTUR FYRIR ATVINNUGREINAR 2020. ....                    | 25 |
| TAFLA 7.4: LÝSANDI TÖLFRÆÐI YFIR BREYTUR FYRIR STARFSGREINAR 2020. ....                     | 26 |
| TAFLA 7.5: LÝSANDI TÖLFRÆÐI YFIR BREYTUR FYRIR TÍMA OG RÝMI 2020. ....                      | 27 |
| TAFLA 7.6: LÝSANDI TÖLFRÆÐI YFIR BREYTUR FYRIR MENNTUN. ....                                | 27 |
| TAFLA 8.1: VÆGI STARFSREYNSLU OG STARFSALDURS 2020. ....                                    | 41 |
| TAFLA 8.2: NIÐURSTÖÐUR AÐHVARFSGREININGAR FYRIR ATVINNUÖRYGGI OG ÁNÆGJU MEÐ LAUN 2020. .... | 51 |
| TAFLA 8.3: NIÐURSTÖÐUR AÐHVARFSGREININGAR FYRIR ATVINNUREKSTUR OG ATVINNUÚRVAL 2020. ....   | 52 |
| TAFLA 8.4: NIÐURSTÖÐUR AÐHVARFSGREININGAR FYRIR HAMINGJU OG TEKJUR 2020. ....               | 54 |
| TAFLA 8.5: NIÐURSTÖÐUR AÐHVARFSGREININGA 2020 TEKNAR SAMAN FYRIR INNFLYTJENDUR. ....        | 56 |
| TAFLA 8.6: NIÐURSTÖÐUR AÐHVARFSGREININGA 2020 TEKNAR SAMAN FYRIR INNFÆDDA. ....             | 57 |

## 2 SAMANDREGNAR NIÐURSTÖÐUR

---

### 2.1 MEGIN NIÐURSTÖÐUR

---

Megin niðurstöður aðhvarfsgreiningar fyrir árið 2020 á lykilþáttum rannsóknarinnar (kafla 8.2):

- Innflytjendur voru ekki marktækt óánægðari með laun (launatekjur) sín en innfæddir.
  - Sérfræðingar og stjórnendur af erlendu bergi brotnir voru almennt ánægðari með laun sín en aðrir innflytjendur (Líkan 2, bls. 51). Einnig voru innflytjendur á Akureyri almennt ánægðari með laun sín en þeir sem bjuggu annars staðar. Innflytjendur á höfuðborgarsvæðinu virtust vera ánægðari með laun sín en þeir sem bjuggu á landsbyggðinni þegar horft var til einfaldrar greiningar (Mynd 8.15) en það var síðan rakið til þátta eins og fjölda sérfræðinga, sem voru fleiri á höfuðborgarsvæðinu, og hversu margir þeirra bjuggu einir með börnum sínum, sem voru fleiri á landsbyggðinni (Líkan 2, bls. 51). Fátt annað jók ánægju innflytjenda með laun sín á meðan mun fleiri þættir höfðu áhrif á ánægju innfæddra með þau.
  - Innflytjendur sem búa einir með börn sín voru almennt óánægðari með laun sín en aðrir innflytjendur (Líkan 2, bls. 51). Þetta var sá hópur meðal innflytjenda sem var í hvað verstri stöðu á vinnumarkaði. Þá voru innflytjendur með stutt starfsnám heldur óánægðari með laun sín en ófaglærðir.
- Innflytjendur voru almennt óánægðari með atvinnuöryggi sitt en innfæddir (Líkan 3, bls. 51).
  - Atvinnuöryggi innflytjenda var minna hjá þeim sem voru með meiri menntun (Líkan 4, bls. 51). Atvinnuöryggi var einnig almennt minna hjá þeim innflytjendum sem störfuðu í ferðapjónustu og þeim sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu í samanburði við landsbyggðina. Þá voru innflytjendur með próf í iðngrein og þeir sem höfðu lokið BS-prófi heldur óánægðari með atvinnuöryggi sitt.
  - Innflytjendur sem flengdust í störfum sínum voru ánægðari með atvinnuöryggi sitt en aðrir innflytjendur (Líkan 4, bls. 51). Það sama gildi um þá sem störfuðu við landbúnað. Einnig sérfræðingar og þeir sem störfuðu við þjónustu, bjuggu á Akureyri eða bjuggu einir.
- Innflytjendur töldu úrval atvinnu minna en innfæddir (Líkan 5, bls. 52).
  - Innflytjendur sem störfuðu í ferðapjónustu og upplýsingatækni töldu sig hafa minna úr að velja á vinnumarkaði (Líkan 6, bls. 52). Þeir innflytjendur sem störfuðu sem sérfræðingar, iðnaðamenn, stjórnendur og við þjónustu eða byggingarstarfsemi töldu sig hins vegar hafa meira úrval atvinnu en aðrir innflytjendur. Einnig þeir sem bjuggu einir eða á höfuðborgarsvæðinu.
- Möguleikar innflytjenda til að ráðast í eigin atvinnurekstur voru rýrari en innfæddra (Líkan 7, bls. 52).
  - Þeir innflytjendur sem unnu mikið samkvæmt starfshlutfalli (Líkan 8, bls. 52) virtust hafa almennt færri tækifæri til að hefja atvinnurekstur en aðrir innflytjendur. Einnig virtist það vinna gegn þeim að þessu leyti ef þeir voru einstæðir foreldrar. Hins vegar jók starfsreynsla möguleikana á að ráðast í eigin atvinnurekstur, sem og tryggð við atvinnurekendur, tekjur, búseta á Akureyri eða stúdentspróf eða próf í iðngrein.
- Tekjur innflytjenda mældust lægri en innfæddra (Líkan 9, bls. 53).

- Konur af erlendu bergi brotnar voru með lægri tekjur en erlendir karlar (Líkan 10). Þó er athyglisvert að sjá að munur á tekjum kynja mældist minni meðal innflytjenda en innfæddra (Líkan 9 og 10, bls. 53). Þá hafði starfsreynsla marktæk jákvæð áhrif á tekjur innflytjenda. Þess utan höfðu innflytjendur sem störfuðu sem sérfræðingar eða tæknar hærri tekjur en aðrir innflytjendur (Líkan 10, bls. 53). Hins vegar höfðu iðnaðarmenn í röðum innflytjenda eða þeir sem störfuðu við þjónustu marktækt lægri tekjur en aðrir innflytjendur. Einnig þeir sem störfuðu í sjávarútvegi en því var öfugt farið meðal innfæddra (Líkan 9, bls. 53). Þá höfðu innflytjendur sem bjuggu einir, á Akureyri eða höfuðborgarsvæðinu, marktækt lægri tekjur.
- Innflytjendur voru almennt óhamingjusamari en innfæddir (Mynd 8.19 og Tafla 8.4, Líkan 11).
  - Innflytjendur sem störfuðu við sjávarútveg og við sérfræðilega eða vísindalega starfsemi voru óhamingjusamari en aðrir innflytjendur (Líkan 12). Þannig voru innflytjendur sem störfuðu í sjávarútvegi mun óhamingjusamari en innfæddir. Einnig virtust innflytjendur sem bjuggu einir, voru karlar eða höfðu starfað lengi hjá sama vinnuveitanda óhamingjusamari en aðrir innflytjendur. Sama gildi um þá sem höfðu BS-próf frá háskóla. Þá var jákvæð fylgni á milli hamingju innflytjenda og þess hvort þeir störfuðu sem sérfræðingar eða við þjónustu. Einnig ef þeir bjuggu á Akureyri.

Niðurstöður úr ýmsum greiningum skýrslunnar:

- Vísbendingar komu fram um að staða innflytjenda á milli áranna 2016/2017 og 2020 varð almennt verri á vinnumarkaði, mest hvað varðaði atvinnuöryggi (Mynd 8.5). Ýmis önnur búsetuskilyrði höfðu líka versnað og þá helst varðandi framfærslu og ýmsa þjónustu. Nokkur höfðu batnað að mati innflytjenda og helst hvað varðaði leiguíbúðir, vegakerfið og nettengingar.
- Ekki var mikill munur á stöðu innflytjenda á vinnumarkaði eftir því hvort þeir bjuggu á landsbyggðinni eða höfuðborgarsvæðinu þegar horft var til lykilþáttanna sex. Munurinn fólst aðallega í því að tekjur þeirra voru meiri á landsbyggðinni en atvinnuúrval var meira á höfuðborgarsvæðinu (Kafli 8.4.3). Þegar horft var til 40 mismunandi búsetuskilyrða þá voru færri sem komu betur út á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu (Mynd 8.3). Þættir sem tengjast framfærslu, umferð og íbúðamarkaði voru þeir helstu. Á höfuðborgarsvæðinu voru það þættir sem tengjast afþreyingu og þjónustu sem komu best út.
- Munurinn á stöðu innflytjenda á Vesturlandi og höfuðborgarsvæðinu var frekar áþekkur því sem kom út í samanburðinum á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis þó svo að vísbendingar hafi komið fram um að innflytjendur á Vesturlandi hafi staðið lítið eitt betur en annars staðar á landsbyggðinni (Kafli 8.4.4). Ekki má gera of mikið úr þessari niðurstöðu vegna gagnaskorts.

## 2.2 AÐRAR ÁHUGAVERÐAR NIÐURSTÖÐUR

---

Úr staðtölugreiningum (Kafli 4):

- Fjöldi innflytjenda á Íslandi hefur tífaldast síðan 1996 (Mynd 4.1).
- Árin 2016-2020 fjölgaði starfandi innflytjendum um 7.700 á meðan starfandi innfæddum fækkaði um rúmlega 4.500 (Mynd 4.1). Á sama tíma fjölgaði atvinnulausum innflytjendum um 5.800. Þarna eru trúlega kerfislægar hindranir að verki þar sem fólk í ferðaþjónustu gengur ekki sjálfkrafa í störf iðnaðarmanna eða hjúkrunarfólks.
- Atvinnulausum innflytjendum fækkaði mikið á árinu 2021 eftir að hafa fjölgað mikið árið 2020. Þeim fækkaði enn frekar á árinu 2022 (Mynd 4.2).

- Árið 2020 störfuðu hlutfallslega flestir innflytjendur í framleiðslu (20%), einkennandi greinum ferðaþjónustunnar (20%) og opinberri þjónustu (18%) (Mynd 4.4).
- Árið 2018 störfuðu flestir innflytjenda í einkennandi greinum ferðaþjónustunnar (27%), næst flestir í framleiðslu (18%) og í þriðja sæti voru störf hjá hinu opinbera (13%) (Mynd 4.5).
- Framleiðsla, ferðaþjónusta og byggingarstarfsemi veittu hlutfallslega fleiri innflytjendum atvinnu en innfæddum árið 2020 (Mynd 4.4).
- Atvinnuleysi innflytjenda hefur dregist hratt saman á árinu 2021 og hraðar en hjá innfæddum en áður var það líka hlutfallslega meira hjá innflytjendum en innfæddum (Mynd 4.2).

Niðurstöður lýsandi greiningar (Kafli 8.1):

- Vinnumarkaðstengdir þættir (ánægja með laun, möguleikar til eigin atvinnureksturs, atvinnuúrval og atvinnuöryggi) voru ekki mikilvægustu þættir fyrir áframhaldandi búsetu árið 2020 af þeim 40 þáttum sem spurt var um, en af þeim fjórum þáttum sem hér að framan eru nefndir voru atvinnuöryggi og ánægja með laun mikilvægastir (Mynd 8.1). Mikilvægari voru almennt öryggi, friðsæld, loftgæði, gott mannlíf, náttúran, nettengingar og umferðaröryggi.
- Vinnumarkaðstengdu þættirnir voru hins vegar meðal verstu búsetuskilyrðanna árið 2020. Verst stóðu þættir tengdir íbúðamarkaði og framfærslu (Mynd 8.1).
- Framfærsla er sá þáttur sem kom verst út hjá innflytjendum árið 2020 af þeim 40 búsetuskilyrðum sem spurt var um í íbúakönnuninni (Mynd 8.1). Framfærsluþátturinn versnaði næst mest á milli kannana (Mynd 8.5) og þar var munurinn mestur á milli innflytjenda og innfæddra (Mynd 8.2).
- Innflytjendur stóðu verr að vígi á vinnumarkaði en innfæddir árið 2020 (Mynd 8.2). Þar munaði mest um atvinnuöryggi og af þeim þáttum sem tengjast vinnumarkaðnum með beinum hætti hallaði hvergi eins mikið á innflytjendur en hvað atvinnuöryggi varðar. Enginn þáttur versnaði eins mikið á milli kannana og atvinnuöryggi (Mynd 8.5).
- Einnig hallaði verulega á innflytjendur í skólakerfinu, að háskólastiginu undanskýldu (Mynd 8.2).
- Starfsaldur og starfsreynsla innflytjenda var minni en innfæddra árið 2020 (Mynd 8.11 og Mynd 8.12).
- Menntun innflytjenda á vinnumarkaði hérlandis var almennt meiri en innfæddra árið 2020 (Mynd 8.13). Hins vegar voru þeir ólíklegri til að sækja sér endurmenntun en innfæddir (Mynd 8.14).

Niðurstöður aðhvarfsgreiningar (Kafli 7.3):


- Einstæð foreldri af erlendum uppruna virtust vera í sérstaklega viðkvæmri stöðu á vinnumarkaði árið 2020 (Tafla 8.5).
- Innflytjendur í ferðaþjónustu og sjávarútvegi virtust standa almennt verr að vígi á vinnumarkaði árið 2020 en innflytjendur í öðrum atvinnugreinum þar sem menn hafa verið duglegir að ráða innflytjendur (Tafla 8.5). Nánari rýni og samanburður við innfædda skilaði vísbendingum um að innflytjendur hafi líka staðið frekar höllum fæti í byggingariðnaði.
- Innflytjendur sem störfuðu sem stjórnendur, sérfræðingar eða í þjónustu (annarri en ferðaþjónustu) stóðu betur en aðrir innflytjendur á vinnumarkaði árið 2020 (Tafla 7.5).
- Innflytjendur sem búa í fjölmennari samfélögum stóðu yfirleitt betur á vinnumarkaði árið 2020 en innflytjendur í fámennari samfélögum (Tafla 8.5).
- Athygli vekur að innflytjendur voru marktækt óánægðari en innfæddir árið 2020 með alla þætti sem tengjast vinnumarkaði nema launin (Tafla 8.6).

- Vísbendingar eru um það að kjör innflytjenda (þ.e. atvinnuöryggi, atvinnuúrval, möguleiki til eigin atvinnurekstrar og ánægja með laun) hafi versnað í Covid-kreppunni (Mynd 8.5).

### 3 INNGANGUR

Árið 1996 voru innflytjendur á Íslandi 5.148 (Mynd 4.1) sem mun þá hafa verið 1,9% landsmanna ef stuðst er við mannfjöldatölur Hagstofu Íslands. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar því fjöldi þeirra hefur rúmlega tífaldað og voru innflytjendur um 15% íbúa í janúar árið 2021.

Þann 13. janúar 1993 samþykkti Alþingi lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið og tóku þau gildi 1. janúar 1994. Þá varð Ísland hluti af evrópska efnahagssvæðinu og þar með hluti af vinnumarkaði Evrópusambandsins og EFTA ásamt ýmsu öðru sem finna má í lögum þessum. Íslendingum varð því frjálst að starfa í öðrum aðildarlöndum til jafns við þarlenda ríkisborgara auk þess sem íbúar aðildarríkjanna öðluðust sama rétt og íslenskir ríkisborgarar til að starfa hérlandis. Fram að þessu höfðu innflytjendur verið frekar fáir á Íslandi. Þeim fjölgaði þó ekki hratt framan af 10. áratugnum. Atvinnuástandið á Íslandi var ekki gott á þessum tíma vegna samdráttarskeiðs og færri innlend fyrirtæki voru að leita að fólki. Það kann að vera stór hluti skýringarinnar. Það var því ekki fyrr en á hagvaxtarskeiðunum í aðdraganda bankahrunsins og Covid-kreppunnar sem mikil umframeftirspurn varð eftir vinnuafla hér á landi og starfsfólk var sótt út fyrir landsteinana. Á fyrri hagvaxtarskeiðinu voru það aðallega fyrirtæki í mannvirkjagerð sem leiddu þróunina en eftir bankahrún voru það frekar fyrirtæki í ferðaþjónustu. Sjávarútvegurinn hefur einnig verið lengi í þörf fyrir vinnuafl sem komið hefur erlendis frá en eftir að kvótakerfið kom til hafa sveiflurnar verið vægari en í hinum tveimur atvinnugreinunum. Þess utan hefur eftirspurn eftir vinnuafla í sjávarútvegi dregist hægt og bítandi saman vegna hagræðingar í greininni og eru samþjöppun og tækniþróun meðal orsaka þess. Vöxtur í ferðaþjónustu hefur hins vegar verið ævintýrlegur frá þúsaldarmótum og hefur gert mikið fyrir viðspyrnu þjóðarþúsins eftir bankahrúnið. Hann hefur um leið kallað á mikið vinnuafl á skömmum tíma og þá hefur aðgengi að Evrópska efnahagssvæðinu stutt við bakið á greininni og um leið stuðlað að mikilli fjölgun innflytjenda hérlandis.




**Mynd 3.1: Innflytjendur á Íslandi sem hlutfall af heildarfjölda íbúa borið saman við önnur OECD lönd.**

Tölur OECD. Stuðst var við tölur 2019 eða þær nýjustu sem í boði voru. Elstar voru tölurnar frá 2016 í Kanada. Tölurnar voru frá 2017 í Grikklandi, Síle og USA. Tölurnar voru frá 2018 í Bretlandi, Póllandi og Tyrklandi.



Árið 2019 var svo komið að Ísland var í 7. sæti af 32 OECD ríkjum þegar kom að fjölda innflytjenda sem hlutfalli af heildarfjölda íbúa, þá 13,1% (Mynd 3.1). Árið 2020 var þetta hlutfall orðið 15,2% sem setti Ísland í 5. sæti. Þróunin á Íslandi hefur nefnilega verið hraðari en í flestum öðrum löndum. Þegar breytingin frá 2000-2019<sup>1</sup> er skoðuð kemur í ljós að þá fjölgaði innflytjendum mest í Lúxemborg, eða um 11,3 prósentustig. Næstmesta fjölgun var á Írlandi, um 9,7 prósentustig, og þar á eftir kom Ísland með um 9,6 prósentustig. Austurríki var fjórða ríkið með 7,4 prósentustig. Þessi mikla fjölgun er athyglisverð miðað við það högg sem ferðapjónustan fékk í Covid-19 kreppunni.

Á þessu sést að mikil þróun hefur orðið á Íslandi og því ástæða til að hafa augun opin gagnvart því hvort samfélagið hafi náð að fylgja henni eftir með viðunandi upplýsingagjöf og þjálfun til þessa hóps, t.d. er varðar tungumál og fræðslu til að efla almenna félagsfærni. Þetta getur verið krefjandi þar sem fjöldi tungumála sem innflytjendur tala eykst stöðugt ef marka má vísbendingar sem fjöldi þjóðerna gefur þar um (Mynd 3.2).



**Mynd 3.2: Fjöldi þjóðerna á höfuðborgarsvæðinu (HB) og landsbyggðinni (LB) árin 2001, 2011 og 2021.**  
Tölur Hagstofu Íslands.

Vísbendingar hafa komið fram í fjölmiðlum um að brotið hafi verið á starfsfólki af erlendum uppruna hérlandis og því full ástæða til að hlúa að þáttum sem bætt geta upplýsingaflæði til þeirra. Þetta á kannski sérstaklega við á krepputímum þegar athygli manna snýr að kreppunni og leiðum til að lifa hana af en rannsóknir benda til að innflytjendur séu sérstaklega viðkvæmir á tímum sem slíkum eins og fjallað verður betur um síðar í þessari skýrslu (kafli 5).

Markmið verkefnisins er að greina stöðu innflytjenda á vinnumarkaði á Covid-árinu 2020. Það verður gert í nokkrum skrefum. Í fyrsta lagi verður staða innflytjenda borin saman við stöðu Íslendinga á vinnumarkaði ársins 2020. Í öðru lagi verður gerð tilraun til að bera saman stöðu innflytjenda á vinnumarkaði árið 2020 annars vegar og árin 2016-2017 hins vegar. Að lokum verður gerð tilraun til að skoða stöðuna landfræðilega og það í tvennu lagi: 1) Staða innflytjenda á vinnumarkaði á höfuðborgarsvæðinu verður borin saman við stöðu þeirra á restinni af landinu. 2) Staða innflytjenda á vinnumarkaði á Vesturlandi

<sup>1</sup> Eins og fyrir gildin 2019 þá voru ekki öll lönd með mælingar árið 2000 svo gildin fyrir árin 2001, 2002 og 2003 voru nýtt fyrir fáein lönd í þessum samanburði.

verður borin saman við stöðu þeirra á restinni af landinu. Síðari samanburðurinn er sérstaklega framkvæmdur til leiðbeiningar á Vesturlandi sem er starfssvæði höfundar.

Í verkefninu verður sérstaklega einblínt á sex lykilþætti til greiningar. Það eru ánægja innflytjenda með laun sín, atvinnuöryggi, úrval atvinnu og möguleika til að ráðast í eigin atvinnurekstur ásamt raunverulegum tekjum og svo mat þeirra á eigin hamingju. Í skýrslunni er gerður munur á launum og tekjum með lítið eitt óvenjulegum hætti. Þegar talað er um laun þá er vísað til þess hversu ánægðir þátttakendur eru með launatekjur sínar. Þegar talað er um tekjur er vísað til þeirra tekna sem þátttakendur sögðust vera með í krónum og aurum (raunverulegra tekna) án tillits til þess hvort þeir væru ánægðir með þær eða ekki. Annar munur er á hugtökunum hér. Með launum er vísað til launatekna og því vísað til tekna sem fólk fær af atvinnu sinni. Tekjurnar voru hins vegar launatekjur, lífeyrir, námslán og atvinnuleysisbætur og vísa því til alls aflafjár annars en fjármagnstekna eða bóta.

Gildi verkefnisins er mikið fyrir landshlutasamtök og aðra sem koma að atvinnuþróun eða almennri byggðaðróun. Ætlunin er að fá einhverja hugmynd um stöðu innflytjenda á vinnumarkaði hérlandis og greina þá eftir kyni, aldri, búsetu og fjölskyldugerð.

Rannsóknin byggist á Íbúakönnun landshlutanna sem gerð var í öllum landshlutum árið 2020 þar sem tæplega 11.000 tóku þátt og um 900 innflytjendur. Fjöldi spurninga var um vinnumarkaðinn m.a. var spurt hvað þátttakendum fyndist um atvinnuöryggi, launatekjur, möguleika á eigin atvinnurekstri og fjölbreytni atvinnu. Tilsvareandi könnun var gerð árin 2016 og 2017 í fimm landshlutum þar sem rúmlega 6000 svöruðu, þar af 225 innflytjendur. Samanburður við þá könnun gæti gefið áhugaverðar vísbendingar en vissulega hefði þátttaka innflytjenda mátt vera miklu meiri í fyrri könnuninni.

## 4 AF INNFLYTJENDUM Á ÍSLANDI

---

Hagstofa Íslands á ýmsar tölur yfir innflytjendur á Íslandi. Fyrst kom upp hugmynd um að skoða fimm ára tímabilið 2016-2020. Þá kom í ljós að á því tímabili hafði innflytjendum fjölgað meðal starfandi á vinnumarkaði um 7.700 sem þótti ótrúlegt miðað við umfjöllunina í fjölmiðlum um fjölda atvinnulausra innflytjenda og að á sama tíma fækkaði starfandi Íslendingum um rúmlega 4.500. Þá voru atvinnuleysistölur sóttar og í ljós kom að innflytjendum hafði líka fjölgað þar mikið eða um tæplega 5.800. Þetta hljómaði eins og þversögn og því voru tölur yfir fjölda innflytjenda á Íslandi skoðaðar á þessu tímabili og í ljós kom að þeim hafði fjölgað um rúmlega 23.500 á þessum 5 árum. Þetta þótti mjög athyglisvert og því ákveðið að skoða þessar tölur á eins löngu tímabili og völ var á.

Áður en lengra verður haldið er rétt að fjalla um muninn á innflytjendum, útlendingum og fólki með erlent ríkisfang. Samkvæmt orðabók Menningarsjóðs (1983, bls. 1103) þá er útlendingur „maður í eða úr öðru landi“ (og er þá átt við manneskju af öllum kynjum). Útlendingur getur verið innflytjandi þar sem innflytjandi er skilgreindur í fyrrnefndri orðabók sem „maður sem er að flytja (er nýfluttur) búferlum til lands“ (1983, bls. 457). Innflytjandi getur því samkvæmt þessu bæði verið útlendingur og Íslendingur. Í þessari rannsókn er hugtakið innflytjandi aldrei notað yfir Íslending (innfæddan íbúa). Ef útlendingur kemur hingað sem ferðamaður eða til að vinna án þess að setjast að hérlandis er hann ekki innflytjandi. Svo má spyrja sig hvenær fólk er sest að því það verður að búa einhversstaðar meðan það ferðast um landið eða starfar hér um skamman tíma. Athugið að íbúar geta verið útlendingar og með innlent eða erlent ríkisfang eða bæði. Samkvæmt þessu eru allir innflytjendur útlendingar en ekki eru allir útlendingar hérlandis innflytjendur.

Samkvæmt símtali við starfsmann Hagstofunnar notar stofnunin ekki hugtakið útlendingur. Í umfjöllun Hagstofunnar um innflytjendur má finna eftirfarandi skilgreiningu á því hvern skal kalla innflytjanda: „Innflytjandi er einstaklingur sem er fæddur erlendis og á foreldra sem einnig eru fæddir erlendis, svo og báðir afar og ömmur. Innflytjendur af annarri kynslóð eru einstaklingar sem fæddir eru á Íslandi og eiga foreldra sem báðir eru innflytjendur. Fólk er talið hafa erlendan bakgrunn ef annað foreldrið er erlent. Einstaklingur sem fæddist erlendis en á foreldra sem báðir eru fæddir hér á landi telst einnig hafa erlendan bakgrunn.“ (Hagstofa Íslands, 2020, bls. 1) Innflytjandi er hér að ofan skilgreint frekar eins og útlendingur en innflytjandi. Hér er gott að hafa umfjöllun um innflytjendur eftir kynslóðum auk eins jaðartilviks þar sem einstaklingur sem á íslenska foreldra gæti flokkast sem innflytjandi ef hann fæddist í útlöndum. Í fyrrgreindu símtali kom þó fram að íslenskir ríkisborgarar sem flytja heim eftir nám eða vinnu (kannski árum saman) teljast aldrei til innflytjenda.


Í tölvupósti frá starfsmanni Hagstofunnar (Guðjón Hauksson, 31. mars 2022) kom einnig fram: „Einstaklingar sem að hafa tvöfalt ríkisfang eru taldir sem einstaklingar með íslenskan ríkisborgararétt hér á landi. Einstaklingur með tvöfalt ríkisfang getur verið innflytjandi, að því gefnu að hann uppfylli skilyrði um það, sem eru að hann sé fæddur erlendis, og að foreldrar hans séu bæði fæddir erlendis. Það er sem sagt ekki horft til ríkisfangs þegar er verið að horfa á innflytjendur eða ekki.“

Í þessari skýrslu verður áherslan á umfjöllun um innflytjendur en stundum verður fjallað um fólk með erlent ríkisfang eða með erlendan bakgrunn ef samhengi krefur eða gögnin hamla á einhvern hátt. Stuðst verður við skilgreiningu Hagstofunnar á innflytjendum og fólk með erlent ríkisfang eða bakgrunn og ekki rætt um útlendinga þó svo það geti verið betra í vissu samhengi. Það er samt ekki gert þar sem umfjöllunin hér byggir á gögnum Hagstofunnar og Vinnumálastofnunar og þar er aldrei talað um útlendinga. Gögn

Íbúakönnunarinnar sem nýtt verða í greiningum rannsóknarinnar ná ekki til allra innflytjenda eins og Hagstofan skilgreinir þá en fjallað verður betur um það í viðkomandi kafla.

## 4.1 VINNUMARKAÐUR

Tölur yfir fjölda starfandi innflytjenda voru til frá árinu 2007. Starfandi innflytjendum fækkaði fram til 2010 en fór síðan að fjölga. Fjölgunin var sérstaklega mikil á árunum 2015-2019 eða um 18.420 og var það nærri tvöföldun (Mynd 4.1). Þeim fækkaði fyrst árið 2020 á því tímabili um 5.795 sem er tæpur þriðjungur af aukningunni.




**Mynd 4.1: Fjöldi innflytjenda, þar af starfandi, ásamt íbúum með erlent ríkisfang, þar af atvinnulausir, 1996-2021.**  
Tölur Hagstofu Íslands og Vinnuáætlunar.

Þessi þróun er athyglisverð í ljósi þróunar fjölda erlendra ferðamanna til Íslands sem finna má á heimasíðu Ferðamálastofu. Ferðmenn voru flestir árið 2018 eða 2.343.800 talsins. Þeim fjölgaði á bilinu 15-40% á milli ára frá 2010 en svo hægði á fjölguninni árið 2018 niður í 5,4% og hefur þeim fækkað eftir það. Fyrst um 14,1% árið 2019 og svo 75,8%. Fækkun ferðamanna verður fyrst rakin til styrkingar íslensku krónunnar, svo til falls Wow-air 28. mars 2019 og að lokum til Covid-19 sem hefur hrellt heimsbyggðina síðan í byrjun árs 2020. Umræða um möguleg neikvæð áhrif styrkingar krónunnar á ferðapjónustu má a.m.k. rekja aftur til ársins 2017 og þá fyrst tengt þjónustu sem kalla má einskonar lúxuspjónustu (Magnús Heimir Jónasson, 2017). Síðan átti krónan eftir að styrkjast mikið (Seðlabanki Íslands, 2021, bls. 5).

Atvinnuleysi meðal fólks með erlent ríkisfang jókst strax árið 2016 þrátt fyrir fjölgun starfandi innflytjenda alveg fram til ársins 2019 (Mynd 4.1). Það útskýrir m.a. mikil fjölgun innflytjenda allt tímabilið þó svo að hægst hafi lítið eitt á fjölguninni árið 2020. Það kemur e.t.v. til vegna kerfisbundinna þátta. Þó fólk missi vinnuna í ferðapjónustu þá nýtist það ekki í önnur störf eins og byggingastarfsemi eða í heilbrigðisþjónustu. Þenslan í þeim greinum hefur mögulega fjölgað innflytjendum á meðan uppsagnir í ferðapjónustu leiddu til fjölgunar atvinnulausra. Nú eru tæplega 3.900 atvinnulausir ef miðað er við meðaltal fyrstu sex mánaða ársins 2022. Atvinnuleysi meðal fólks með erlent ríkisfang var um 16% árið 2020 ef það var reiknað sem hlutfall af heildarfjölda innflytjenda á aldrinum 20-69 ára (Mynd 4.3). Hluttur erlendra ríkisborgara í

heildaratvinnuleysi á Íslandi var um 40% það ár. Sú tala hækkaði lítið eitt ef marka má meðaltal fyrstu sex mánaða ársins 2022.




**Mynd 4.2: Atvinnuleysi erlendra ríkisborgara á höfuðborgarsvæðinu, landsbyggðinni og Vesturlandi 2017-2022.**

Gögn Vinnumálastofnunar. Fjöldi í lok mánaðar. Vísitala þar sem 1. október 2017 er grunntala.

Þegar mánaðarlegar tölur yfir fjölda atvinnulausra voru skoðaðar sem vísitala frá 1. október 2017 til sama mánaðar 2021 kom í ljós að atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara hefur dregist mikið saman (Mynd 4.2). Atvinnulausum fjölgaði hlutfallslega mest á landsbyggðinni frá 1. október 2017. Á Vesturlandi varð fjölgunin jafn mikil og á höfuðborgarsvæðinu í örfáa mánuði á tímabilinu en annars var hún alltaf minni. Í lok tímabilsins hafði þróunin verið hagfelldust á Vesturlandi þegar það var borið saman við höfuðborgarsvæðið og landsbyggðina alla. Athygli vekur hvað árstíðasveiflan í atvinnuleysi innflytjenda s.l. vetur er miklu meiri hjá innflytjendum en innfæddum. Það tengist trúlega ferðapjónustunni og vægi hennar sem vinnuveitanda meðal innflytjenda.


Til frekari samanburðar höfum við þróunina fyrir Íslendinga á öllu landinu (Mynd 4.2). Hún sýnir að hlutfallslega eykst atvinnuleysi Íslendinga minna en erlendra ríkisborgara og hefur líka dregist saman árið 2021.



**Mynd 4.3: Hlutfall fólks með erlent ríkisfang meðal atvinnulausra 2000-2021.**

Tölur Vinnumálastofnunar. Talan fyrir 2021 byggir á bráðabirgðatölum fyrir janúar-apríl það ár.

Athygli vekur hvað hlutfur erlendra ríkisborgara í heildaratvinnuleysi landsins var lágt árin 2010-2011 (15%) þrátt fyrir hátt atvinnuleysi þeirra (12%) í samanburði við árið 2020 (Mynd 4.3). Það skýrist af fjölgun innflytjenda á Íslandi á þessum árum eða úr 25.692 árið 2011 í 55.354 árið 2020 (Mynd 4.1).




**Mynd 4.4: Atvinnugreinaskipting innflytjenda og Íslendinga 2020.**

Tölur Hagstofu Íslands yfir fjölda starfandi. Sex stærstu atvinnugreinar innflytjenda sem ná yfir 90% alls vinnuafls þeirra en 80% Íslendinga.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar þá voru starfandi innflytjendur hlutfallslega flestir í framleiðslu (C) árið 2020 (20%) og í einkennandi greinum ferðaþjónustunnar (20%) þegar stuðst var við tölur yfir fjölda starfandi (Mynd 4.4). Næst flestir voru þeir í opinberri þjónustu (O-Q) (18%), síðan 11% í ýmskonar

sérhæfðri þjónustu (M-N), 11% í verslun (G) og 10% í bygginga- og mannvirkjagerð (F). Fiskiðnaður flokkast undir framleiðslu. Hann er þó ekki frekastur framleiðslugreina á erlent vinnuafl. Það er ýmis önnur framleiðsla því fiskiðnaður veitti tæplega 39% innflytjenda í framleiðslu atvinnu. Ekki er um tæmandi lista atvinnugreina að ræða. Þær sem veittu hlutfallslega flestum innflytjendum vinnu voru teknar með í myndina og þær veittu 90% starfandi innflytjenda atvinnu. Athygli vekur að 35.612 innflytjendur voru í starfi árið 2020 og hafði þeim þá fjölgað um 7.701 frá árinu 2016 eins og áður sagði og á sama tíma hafði Íslendingum fækkað um 4.727 meðal fjölda starfandi.

Samanburður við Íslendinga sýnir að ferðaþjónusta veitti hlutfallslega færri Íslendingum atvinnu en innflytjendum árið 2020 (Mynd 4.4). Það átti líka við um ýmsa sérhæfða þjónustu, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð og framleiðslu (þ.m.t. fiskiðnað). Hins vegar veitti opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis-, félagsþjónusta og verslun hlutfallslega fleiri Íslendingum atvinnu en innflytjendum.



**Mynd 4.5: Atvinnugreinaskipting innflytjenda 2018 og 2020.**

Byggt er á tölum Hagstofu Íslands yfir fjölda starfandi. Sex stærstu atvinnugreinar innflytjenda sem ná yfir 90% alls vinnuafls þeirra. Breyting á fjölda starfandi á milli árunna 2018 og 2020 stendur við rauðu súluna þó að súlurnar sjálfar séu hlutfallstölur yfir hlutfallslega skiptingu innflytjenda í viðkomandi atvinnugrein.

Samanburður við árið 2018 gefur til kynna að vægi ferðaþjónustu fyrir innflytjendur dróst saman eins og búast mátti við (Mynd 4.5). Einnig ýmis sérhæfð þjónusta og byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð þó í minna mæli væri. Hins vegar jókst vægi hins opinbera mest. Einnig verslun og framleiðsla. Þetta eru tölur yfir vægi eða hlutfallslega skiptingu en ef skoðaðar eru fjöldatölur þá dróst fjöldi starfandi innflytjenda saman í flestum þessum greinum. Lang mest í ferðaþjónustu 4.006 af 4.518 í heildina. Hins vegar fjölgaði í fáeinum greinum. Lang mest hjá hinu opinbera (O-Q), um 1.008, og um 179 í verslun (G).

## 4.2 SAMANTEKT

---

Innflytjendum hefur fjölgað á Íslandi þrátt fyrir vaxandi atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara eftir að ferðaþjónustu á Íslandi fataðist flugið. Það átti sér fyrst stað eftir að styrking krónunnar fór að þrengja að greininni, síðan fall Wow-air í lok mars 2019 og svo Covid 2020. Árið 2020 veitti ferðaþjónusta 20% innflytjenda atvinnu en 27% árið 2018. Fyrri árið var ferðaþjónustan stærsti vinnuveitandi innflytjenda en seinna árið var hún nærri jafn stór (20%) framleiðslugreinum (20%) og hinu opinbera (18%). Framleiðsla, ferðaþjónusta og byggingarstarfsemi veittu hlutfallslega fleiri innflytjendum atvinnu en innfæddum árið 2020. Atvinnuleysi erlendra ríkisborgara dróst mikið saman á árinu 2021 og fram á sumarið 2022.



## 5 FYRRI RANNSÓKNIR

---

Stór rannsókn var gerð á aðstæðum innflytjenda frá Suður-Ameríku og hvernig þeim hefur vegnað í Bandaríkjunum og á Spáni eftir að bankakreppan skall á árið 2008 og hefur rannsóknin verið gefin út í bók (Cachon & Aysa-Lastra, 2015). Þar kemur fram að í upphafi kreppunnar hafi innflytjendur um allan heim verið um 214 milljónir (Cachon & Aysa-Lastra, 2015, bls. 1) og vitnað er til upplýsinga í skýrslu Sameinuðu þjóðanna (UN, 2009) um að þar af hafi 38 milljónir búið í Bandaríkjunum en 6 á Spáni. Suður-Ameríkumenn voru 38% innflytjenda á Spáni en 53% í Bandaríkjunum. Í bókinni segir einnig að á meðal OECD-ríkja hafi Spánn og Bandaríkin verið þau tvö ríki þar sem innflytjendum fjölgaði mest á árunum 2004-2008. Í ágripi bókarinnar er fjallað um að innflytjendur séu sérstaklega berskjaldaðir í kreppum eða á samdráttarskeiðum vegna þess að þeir séu hlutfallslega margir á markaði fyrir afgangsvinnuafli eða varavinnuafli (e. secondary labour market). Höfundar segja að á þeim markaði séu störfín gjarnan óstöðug, illa launuð og hlunnindaráyr og innflytjendum sé því hættara við að missa vinnuna og lenda í fátækt þegar harðnar á dalnum. Athygli vakti að í bókinni kom fram að óöryggi innfæddra virtist aukast á samdráttarskeiðum jafnvel þó þeir stæðu betur en innflytjendur og að gremja innfæddra geti beinst gegn innflytjendum, eins og í tilfelli gagnvart innflytjanda af suður-amerískum uppruna. Samkvæmt bókinni mættu þeir meiri mismunun og félagslegi einangrun í Bandaríkjunum og á Spáni eftir að bankakreppan skall á. Þar kemur einnig fram að mismunun gagnvart innflytjendum hefur verið minna áberandi á Spáni en í Bandaríkjunum og er það rakið til þess að ólöglegir innflytjendur af suður-amerískum uppruna eru hlutfallslega fleiri í Bandaríkjunum en á Spáni, sem kemur m.a. fram í mun lægri launum. Þetta er í samræmi við niðurstöður Lessem og Nakjima (2019) sem fundu líka vísbendingar fyrir því að ólöglegir innflytjendur lækkuðu meira í launum en löglegir innflytjendur. Þau sögðu líka að aukin tíðni launaviðræðna (eins og hjá þeim ólöglegu) auki sveigjanleika í launum og að búferlaflutningar (milli landa) séu næmir fyrir launabreytingum. Sem vísbendingu fyrir versnandi efnahag heimila má nýta sér upplýsingar um breytingu á neyslu þeirra. Slík rannsókn var gerð á Spáni en þar dróst neysla innflytjenda meira saman en hjá innfæddum í sömu kreppu (Ballester, Velazco, & Rigall-I-Torrent, 2015).

Atvinnuleysi innflytjenda var brotið upp eftir kynjum og þá kom í ljós að atvinnuleysi var meira meðal karla en kvenna í báðum löndum (Cachon & Aysa-Lastra, 2015, bls. 82). Að mati bókarhöfunda átti það reyndar líka við um innfædda enda var þessi munur rakinn til eðli starfa eftir kynjum eins og hin karllæga atvinnugrein mannvirkjagerð er dæmi um.

Atvinnuleysi faglærðra innflytjenda af suður-amerískum uppruna var meira en hjá faglærðum heimamönnum bæði í Bandaríkjunum og á Spáni en munurinn var meiri í síðarnefnda landinu (Cachon & Aysa-Lastra, 2015, bls. 101-102). Hins vegar verða ófaglærðir innflytjendur að þessu leyti harðar úti í kreppum og á samdráttarskeiðum en faglærðir innflytjendur. Það er í samræmi við niðurstöður annarrar rannsóknar (Orrenius & Madeline, 2009).

Upplifun innflytjenda af suður-amerískum uppruna af því hversu vel þeir eru samþykktir af heimamönnum er sú að þeir eru sáttari á Spáni en í Bandaríkjunum og tengist það helst sameiginlegu tungumáli, trú og sögulegum og menningarlegum uppruna (Cachon & Aysa-Lastra, 2015, bls. 142-143). Hins vegar kom þarna fram að þarna væri munur á: Þeir sem flokkast sem frumbyggjar Ameríku eða þeir sem voru með lægri tekjurnar upplifðu sig ekki eins velkomna. Einnig kom fram að þetta breyttist ekkert við kreppuna sérstaklega og að innflytjendur eru samþykktari eftir því sem þeir dvelja lengur í landinu.

Í kreppunni eftir bankahrún fækkaði innflytjendum frá Suður Ameríku til Bandaríkjanna og að það virtist sem að það drægi úr möguleikum innflytjenda að komast aftur í vinnu ef þeir fluttu úr borgum og í

fámennari samfélög (Calnan & Painter, 2017). Búseta innflytjenda í nágrenni við fólk af sama eða svipuðum uppruna virðist hafa getað aukið líkurnar á að fólk komist í vinnu eða haldi henni á krepputímum en það gat kostað að viðkomandi þurfti að sækja hana lengra en áður var (Zhu, Liu, & Painter, 2014).

Innflytjendur virðast vera meiri frumkvöðlar en heimamenn en fyrirtæki þeirra eru fyrri til að leggja upp laupana á samdráttarskeiðum (Irastorza & Peña-Legazkue, 2018).

Í rannsókn þeirra Petrelli og félaga (2017), sem unnin var á ítölsk gögn, kom í ljós að kreppan eftir bankahrunið hefði mögulega haft neikvæð áhrif á félags- og efnahagslega stöðu íbúa sem aftur hafði neikvæð áhrif á andlega heilsu þeirra og sérstaklega innflytjenda sögðu höfundar og vitnuðu í Barbaglia og félaga (2015). Hins vegar kom fram hjá Petrelli og félögum að engin munur hafi verið á þróun andlegrar heilsu kvenna eftir uppruna, andstætt því sem spænsk rannsókn leiddi í ljós (Gotsens et al., 2015). Á Ítalíu virðast innflytjendur þó hafa haft almennt betri heilsu en víða annars staðar og báru þeir sig saman við þrjár aðrar rannsóknir (Nielsen & Krasnik, 2010; Spallek, Zeeb, & Razum, 2011; Subedi & Rosenberg, 2014).

Á Spáni höfðu konur af erlendum uppruna mátt þola aukið ofbeldi í kjölfar kreppunnar eftir bankahrunið og minni þjónustu eða aðstoð hins opinberra eða einhvers þriðja aðila vegna ofbeldisins (Briones-Vozmediano, Agudelo-Suarez, Goicolea, & Vives-Cases, 2014). Þegar kom að þjónustu heilbrigðiskerfisins þá versnaði hún í kjölfar kreppunnar en sérstaklega gagnvart innflytjendum (Porthé et al., 2017).

Innflytjendur í Tékklandi kusu að flytja ekki heim eftir að bankakreppan 2008 skall á þrátt fyrir að líf skjör hefðu versnað mikið (Marketa, 2012).

Nýleg rannsókn (Fromentin, Damette, & Zou, 2017) gaf til kynna að fjölgun erlendra starfsmanna hefði ekki haft neikvæð áhrif á atvinnustig innfæddra. Ekki virtist skipta máli hvar í hagsveiflunni þeir voru ráðnir. Niðurstöðurnar gáfu til kynna að áhrif fjölgunar erlendra starfsmanna á atvinnustig innfæddra hafi verið væg og jákvæð á öllum stigum hagsveiflunnar.

Í Japan virtist það hjálpa innflytjendum að halda út atvinnuleysistímabilið þar í landi ef þeir höfðu farið í gegnum ákveðin stuðningsnámskeið (Takenoshita, 2017). Rannsóknin var gerð á innflytjendum frá Brasilíu, Perú, Kína, Indónesíu, Suður-Kóreu, Filipseyjum og Víetnam. Þar kom einnig fram að tengsl innflytjenda við skyldmenn eða vini af sama uppruna virtust ekki draga úr líkunum á atvinnuleysi. Hins vegar dró úr líkum á atvinnuleysi ef innflytjandi var karlmaður giftur Japana en ekki ef viðkomandi var kona gift Japana. Rannsóknin leiddi í ljós að stofnanalegur stuðningur hefði hjálpað innflytjendum í atvinnuleysi.

Vísbendingar komu fram um aukna óvild í garð innflytjenda í bankakreppunni í löndum þar sem allir íbúarnir upplifðu aukið efnahagslegt óöryggi en ekki annars staðar (Kuntz, Davidov, & Semyonov, 2017).

Ný skýrsla kom frá Nordregio um stöðu innflytjenda á vinnumarkaði á Norðurlöndum á tímum Covid-19 kreppunnar (Gassen & Penje, 2021). Þar komu fram áður þekkt stef eins og að í kreppunni hefði félagslegur og efnahagslegur munur eftir uppruna aukist meðal íbúa. Enn fremur að fólk af erlendum uppruna (n.t.t. fætt erlendis) hafi misst atvinnu sína í ríkari mæli en innfæddir af sömu stétt og stöðu og sérstaklega þeir sem fæddir eru utan Evrópusambandsríkja og hafa minni menntun. Einnig kom þarna fram að sumar atvinnugreinar hafi dafnað í kreppunni og hafi verið að ráða til sín fleiri innflytjendur. Þess var getið að Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð höfðu verið að glíma við áskoranir er tengjast innflytjendum á vinnumarkaði, að þær áskoranir mögnuðust eftir Covid-19 og talið var mikilvægt að bregðast sérstaklega við til að koma í veg fyrir langtímaatvinnuleysi þeirra.

Þá hafa komið fram vísbendingar um að innflytjendur séu í meiri smithættu gagnvart Covid-19 en innfæddir (Hjördís Rut Sigurjónsdóttir, Sigvardsson, & Oliveira e Costa, 2021).

Lokaritgerð var unnin við Háskólann á Bifröst rétt eftir bankahrun á Íslandi og fjallaði um hagi Filippseyinga við þær aðstæður (Violeta Tolo, 2013). Þar kom í ljós að efnahagur þeirra versnaði verulega vegna atvinnuleysis og stöðu á fasteignamarkaði. Einnig kom fram að veiking krónunnar olli verulegum búsigjum vegna þess að þeir áttu erfiðara með að styðja við fjölskyldur sínar í upprunalandinu með fjárframlögum eins og þeir höfðu gert um tíma.

Annars hefur staða innflytjenda á Íslandi lítið verið rannsökuð í tengslum við kreppur eða hagsveiflur yfirleitt.

## 5.1 SAMANTEKT

---

Af framansögðu má sjá að innflytjendur eru viðkvæmur hópur í félagslegu og efnahagslegu tilliti víða um heim og sérstaklega á samdráttarskeiðum. Afkoma þeirra versnar á samdráttarskeiðum eða í kreppum, þeir verða frekar atvinnulausir en heimamenn og eiga erfiðara með að komast aftur í vinnu. Þeim er því hættara við að sitja eftir er varðar eignamyndun. Staða karlkyns innflytjenda virðist geta verið verri en kvenkyns og eins ef innflytjendur eru ólöglegir. Þá eru ófaglærðir í verri stöðu en faglærðir. Möguleikinn að komast í atvinnu eftir að hafa misst hana getur verið breytilegur meðal innflytjenda og geta búseta og félagslegar aðstæður haft áhrif, eins og t.d. hvort þeir bjuggu í borgum eða á minni stöðum og hvort þeir ættu maka úr röðum heimamanna eða ekki. Opinber stuðningur eins og sérstök námskeið fyrir atvinnulausa hjálpar þeim að komast aftur í vinnu. Í Covid-kreppunni hafa komið fram vísbendingar um að sumar atvinnugreinar dafni og þær hafi verið að ráða til sín fólk af erlendum uppruna. Vísbendingar um slíkt hérlandis er að finna í staðtölum sem farið var yfir hér framar (Mynd 4.1 og Mynd 4.5). Athygli vakti að versnandi fjárhagsleg staða innflytjenda á krepputímum hafði neikvæð áhrif á ættingja þeirra í heimalandinu þar sem þeir eru háðir fjárstuðningi þeirra sem flytja á milli landa í leit að atvinnu.

Félagsleg staða innflytjenda versnar á krepputímum en ólíkt innbyrðis. Stétt og uppruni innflytjenda geta haft áhrif á það hvort þeir upplifi sig velkomna eða ekki. Kynþáttafordómar aukast á kreppu- og samdráttarskeiðum ef ööryggi eykst almennt í viðkomandi samfélagi en samt hefur verið sýnt fram á að fjölgun erlendra á vinnumarkaði fækki ekki atvinnutækifærum heimamanna, heldur þvert á móti. Þá jókst ofbeldi gegn konum af erlendum uppruna í bankakreppunni. En þrátt fyrir þetta sýndi rannsókn frá Tékklandi að innflytjendur væru samt tregir til að flytja heim á krepputímum. Það segir eitthvað um hvernig innflytjendur meta möguleika sína og stöðu í upprunalandinu í samanburði við möguleika þeirra til framtíðar þar sem þeir búa. Þá kunna lög og reglur um atvinnuleysisbætur, sem þeir eiga rétt á þar sem þeir búa, að hafa þarna áhrif en þó alls ekki víst.

Eftirfarandi upplýsingar fengust hjá Jóngeiri Hjörvari Hlinasyni í símtali þann 3. febrúar (2022): Yfirleitt geta innflytjendur flutt með sér réttinn til atvinnuleysisbóta á milli landa um leið og þeir verða atvinnulausir og þiggja þá bætur í því landi sem þeir flytja til en það er háð lögum þess lands. Þá verða þeir að hafa unnið sér inn rétt til atvinnuleysisbóta en það tekur innan við mánuð að öðlast hann hérlandis. Síðan geta innflytjendur eða útlendingar sem hafa þegið atvinnuleysisbætur í einn mánuð á Íslandi flutt utan og fengið íslenskar atvinnuleysisbætur í þrjá mánuði með sér. Stundum er hægt að sækja um þriggja mánaða framlengingu.

Þessar reglur geta í einhverjum tilvikum latt útlendinga til að flytja frá Íslandi ef þeir verða atvinnulausir. Það er þó alls ekki víst og fer það væntanlega eftir því hvernig þeir meta möguleika sína á að fá þar atvinnu. Í sumum löndum (t.d. A-Evrópu) kemur vel út að hafa atvinnuleysisbætur frá Íslandi í 3-6 mánuði.

## 6 AÐFERÐIR

---

Við greiningu á stöðu innflytjenda á vinnumarkaði voru sex atriði til skoðunar sem kölluð eru lykilþættir rannsóknarinnar:

1. Ánægja innflytjenda með launatekjur sínar eða laun
2. Ánægja innflytjenda með atvinnuöryggi sitt
3. Ánægja innflytjenda með atvinnuúrval sitt
4. Ánægja innflytjenda með möguleika sína til að fara af stað með atvinnurekstur
5. Tekjur innflytjenda
6. Hamingja innflytjenda

Tvær aðferðir voru notaðar við greiningar. Það eru lýsandi greining og aðhvarfsgreining. Lýsandi greining gengur út á að skoða breytingar, frávik og mismun myndrænt en stundum stutt með einföldu tölfræðiprófi á því sem til skoðunar er hverju sinni. Þetta tölfræðipróf felst í einfaldri aðhvarfsgreiningu þar sem metið er hvort það sé marktækur munur á milli svara innflytjenda og innfæddra (Mynd 8.11 - Mynd 8.20). Þá var (L.1) notað og var breytan innflytjendur eina skýribreytan.

Aðhvarfsgreining tekur fyrir nokkur líkön. Tæknileg umfjöllun um þau má finna í fyrri rannsókn minni (Vífill Karlsson, 2020, bls. 25) og verður ekki endurtekin hér. Með almennum hætti má þó stilla upp grunni allra líkananna með eftirfarandi hætti:

$$y_i^* = X_i' \beta + \varepsilon_i \quad (L.1)$$

Líkanið má, með ákveðinni aðlögun (Vífill Karlsson, 2020, bls. 25), nýta til greiningar á raðtölum úr skoðunarkannannagögnum og er þá kallað raðkvarðalíkan (e. ordered response model). Í einu tilviki er um venjulega aðhvarfsgreiningu að ræða. Það er þegar tekjur verða greindar, því talnaröðin fyrir þær er ekki heiltölur heldur samfelldar.

Upptalningin hér að ofan (1-6) ákveður háðu breytur líkananna,  $y_i^*$ . Þessi líkön voru fyrst keyrð fyrir alla þátttakendur árið 2020 þar sem innflytjendur voru einkenndir sérstaklega með leppbreytu. Þá fengust upplýsingar um það hvort munur væri á þeim og innfæddum m.t.t. þess atriðis sem var til skoðunar hverju sinni (í háðu breytunni). Síðan voru þessi sex atriði greind eingöngu á gögn innflytjenda til að draga fram blæbrigði niðurstaðnanna. Hér er því um tólf ólík líkön að ræða, sex háðar breytur og þess vegna eru tvö líkön á hverja háða breytu.

Óháðu breytum líkananna má skipta í fjóra flokka:

1. *Bakgrunnsbreytur.* Þeim er ætlað að draga fram mun á einstaklingum sem gætu haft áhrif á launamyndun þeirra annað hvort út frá hreinum færnipáttum eða þekktum þáttum sem leitt hafa til launamismununar eins og t.d. kyns.
2. *Atvinnugreinar.* Þessum breytum er ætlað að greina mismunandi fylgni eftir atvinnugreinum sem gæti verið til staðar eins og t.a.m. í launum. Sem dæmi er þekkt að sjávarútvegur á Íslandi greiðir hærri laun en ferðaþjónustan. Ástæðuna getur verið að finna í afkomu greinanna eða ólíkum kjarasamningum. Hér var höfundur þó vandi á höndum vegna þess að atvinnugreinar voru flokkaðar með ólíkum hætti í könnunum tveimur. Þá var ákveðið að reyna að ná fram þeim atvinnugreinum þar sem innflytjendur eru fjölmennir. Það tókst nokkuð vel nema einna síst í ferðaþjónustu þar sem að ferðaþjónusta í fyrri könnuninni var eingöngu skilgreind sem rekstur gisti- og veitingastaða. Það

kemur ekki svo mikið að sök þar sem innflytjendur voru óvenju fáir í þeirri könnun og ætla má að þorra innflytjenda í ferðaðþjónustu sé einmitt að finna starfandi á gisti- og veitingastöðum.

3. *Starfsgreinar* eru þriðji flokkurinn og eiga það til eins og atvinnugreinar að draga skil í launaþróun og ýmsu öðru er tengist stöðu á vinnumarkaði. Dæmi um þetta er verkamaður og stjórnandi sem gætu verið að fá mjög ólík laun innan sömu atvinnugreinar. Þær voru því settar inn sem háðar breytur í öll líkönin.
4. *Rými*. Þessum breytum er ætlað að nema áhrif sem rekja má til staðbundinna þátta. Samkvæmt kenningum um borgarhagræði geta fyrirtæki í þéttbýli skilað betri afkomu en þau sem starfa í dreifbýli. Þeim mun fjölmennari sem byggðakjarnar eru þeim mun betri afkoma. Sömu kenningar gefa til kynna að þetta geti skilað sér í hærri launum. Þess vegna eru þessar rýmisbreytur hafðar með.
5. *Menntun*. Laun geta og eru gjarnan mismunandi eftir menntun launþeganna. Gögnin buðu upp á fimm mismunandi menntunarbreytur; stutt starfsnám, próf í iðngrein, stúdentspróf, BS gráða á háskólastigi og MS gráða á háskólastigi eða meira.

Nánari sundurliðun þessara þátta er að finna í kaflanum yfir gögnin.

## 7 GÖGN

---

Gögnin eru úr íbúakönnunum landshlutanna fyrir árin 2016<sup>2</sup> og 2020. Þá voru þrír landshlutar ekki með; Norðurland eystra, Austurland og höfuðborgarsvæðið. Á hverju landsvæði starfa landshlutasamtök. Öllum landshlutasamtökum var boðið að vera með en það þáðu einungis fimm af átta. Árið 2020 voru allir landshlutar með jafnvel þó Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafi ekki það að vera með. Á höfuðborgarsvæðinu var svokallaðri snjóboltaaðferð beitt við framkvæmd skoðanakönnunarinnar vegna kostnaðar en allir aðrir landshlutar byggja á þátttöku eftir tilviljunarkenndu úrtaki. Árin 2016 og 2017 tóku 225 innflytjendur þátt en þeir voru tæplega 1.300 árið 2020. Frekari upplýsingar um söfnun gagnanna og ýmsa aðra yfirlitstölfræði má finna í skýrslum sem gerðar voru um kannanirnar (Vifill Karlsson, 2018, 2021)

Þátttakendur könnunarinnar sem annað hvort svöruðu því til að þeir væru ekki með íslenskan ríkisborgararétt eða völdu að svara könnuninni á ensku eða pólsku frekar en íslensku voru flokkaðir sem innflytjendur. Þannig fékkst 1.261 innflytjandi inn í könnunina árið 2020 en 1.486 í þeim báðum þar sem 225 tóku þátt í könnuninni 2016 og 2017. Síðan gat þátttakan verið eitthvað minni allt eftir því hversu mörgum spurningum hver og einn svaraði en þátttakendum var frjálst að sleppa spurningum nema þeirri fyrstu þar sem þeir voru beðnir um að samþykkja eða hafna þátttöku. Segja má að virk svör hafi oftast komið frá um 900 þeirra árið 2020.

Í gögnum rannsóknarinnar eru innflytjendur skilgreindir mun þrengra en víða annars staðar þar sem er t.d. að finna fyrstu og annarrar kynslóðar innflytjendur sem eru bæði íslenskir ríkisborgarar og erlendir eða völdu að svara könnuninni á íslensku af því hún var bara boðin á þremur tungumálum. Það sést t.d. á skilgreiningu Hagstofunnar sem greint var frá framar í skýrslunni. Hér er skilgreiningin einhvers staðar á milli þess að geta talist erlendir ríkisborgarar eða innflytjendur.

Í hluta af greiningunum eru svör og afstaða innflytjenda borin saman við afstöðu Íslendinga í sömu málum. Heildarfjöldi svara bæði Íslendinga og innflytjenda var 5.949 árið 2016 og 10.253 árið 2020.

### 7.1.1 ALMENNT UM GÖGNIN

Háðu breyturnar voru sex talsins. Það eru tekjur, hamingja, atvinnuúrval, atvinnuöryggi, atvinnurekstur og laun (launatekjur). Tekjurnar byggja á eftirfarandi spurningu úr íbúakönnuninni: *Hverjar eru heildartekjur þínar fyrir skatta á mánuði? Átt er við allar launatekjur, lífeyri, námslán og atvinnuleysisbætur en ekki fjármagns-, leigutekjur eða barnabætur og aðrar bætur.* Í fyrri könnuninni var þetta opin spurning og þátttakandi gat svarað nákvæmlega ef hann vildi. Í seinni könnuninni var þátttakendum boðið að velja laun á 100.000 kr. bili sem byrjaði á minna en 300.000 kr. og endaði á meira en 2.000.000 kr. Í úrvinnslunni var miðgildi svarsins síðan valið en 250.000 kr. fyrir minna en 300.000 kr. og 2.050.000 kr. fyrir meira en 2.000.000 kr. Ástæðan fyrir því að hafa launin á 100.000 kr. bili voru tvær. Til að einfalda úrvinnslu gagnanna og til að auka svörun við spurningunni. Talið var að með því að bjóða þátttakendum að svara launum sínum á bili væru þeir fljótari að svara og að þeim þætti ekki eins viðkvæmt að veita þær upplýsingar. Seinna markmiðið náðist ekki þar sem enn færri svöruðu þessari spurningu í seinni könnuninni. Náttúrulegur lógaritmi ( $Ln$ ) var reiknaður af gildum breytunnar til þess að leiðrétta skekkju sem getur komið upp í svona mælingum.

---

<sup>2</sup> Könnunin 2016 var tvö ár í framkvæmd, árin 2016 og 2017.

**Tafla 7.1: Lýsandi tölfræði háðra breyta 2020.**

| Breytur        | Allir þátttakendur |          |              | Innflytjendur |          |              |
|----------------|--------------------|----------|--------------|---------------|----------|--------------|
|                | Fjöldi             | Meðaltal | Staðalfrávik | Fjöldi        | Meðaltal | Staðalfrávik |
| Tekjur, Ln     | 5.461              | 14,01    | 0,47         | 499           | 13,75    | 0,42         |
| Hamingja, Ln   | 6.952              | 2,04     | 0,27         | 554           | 1,86     | 0,41         |
| Atvinnuúrval   | 8.009              | 3,10     | 1,08         | 608           | 3,02     | 1,07         |
| Atvinnuöryggi  | 7.887              | 3,43     | 0,97         | 601           | 3,16     | 1,00         |
| Atvinnurekstur | 7.496              | 3,28     | 0,95         | 504           | 3,04     | 1,01         |
| Laun           | 7.755              | 3,06     | 0,94         | 499           | 13,75    | 0,42         |

Breytan hamingja byggir á svörum við spurningunni: *Hversu hamingjusamur/hamingjusöm ertu í dag á skalanum 1 til 10 þegar þú horfir til allra þátta í lífi þínu (algjörlega óhamingjusamur er 1 og gæti ekki verið meira hamingjusamur er 10)?* Hér voru gildi breytunnar umreiknuð með náttúrulegum lógaritma af sömu ástæðu og fyrr.

Breyturnar atvinnuúrval, atvinnuöryggi, atvinnurekstur og laun voru unnar upp úr spurningunni: *Hvert er álit þitt á stöðu eftirfarandi þátta/málaflokka í þínu sveitarfélagi? Vinsamlegast hakið þar sem við á.* Síðan var birtur listi með 40 þáttum, sem yfirleitt eru kallaðir búsetuskilyrði, og þátttakendur gátu gefið hverjum þeirra einkunnina „mjög gott“, „frekar gott“, „hvorki né“, „frekar slæmt“ og „mjög slæmt“. Í úrvinnslu fékk svarið „mjög slæmt“ tölugildið 1 og „frekar slæmt“ 2 og svo koll af kolli þannig að „mjög gott“ fékk tölugildið 5. Atvinnuúrval, atvinnuöryggi, atvinnurekstur og laun voru því meðal þessara 40 þátta. Segja má að hér séu svör við því hversu ánægðir þátttakendur voru með atvinnuúrval, atvinnuöryggi, atvinnurekstur og laun. Að því leyti eru breyturnar tekjur og laun ólíkar þó skyldar séu, sú fyrri hefur að geyma hinar raunverulegu tekjur og hin síðari ánægju með laun sín. Breytan tekjur er síðan líka víðtækari þar sem hún nær til lífeyris, námslána og atvinnuleysisbóta auk launatekna.

**Tafla 7.2: Lýsandi tölfræði bakgrunnsbreyta 2020.**

| Breytur        | Allir þátttakendur |          |              | Innflytjendur |          |              |
|----------------|--------------------|----------|--------------|---------------|----------|--------------|
|                | Fjöldi             | Meðaltal | Staðalfrávik | Fjöldi        | Meðaltal | Staðalfrávik |
| Aldur          | 9.123              | 49,52    | 15,12        | 945           | 39,26    | 10,92        |
| Býreinn        | 9.594              | 0,12     | 0,33         | 960           | 0,18     | 0,38         |
| Býreinnbörn    | 9.594              | 0,05     | 0,21         | 960           | 0,04     | 0,21         |
| Kyn            | 9.536              | 0,46     | 0,50         | 951           | 0,37     | 0,48         |
| Starfsreynsla  | 6.554              | 12,42    | 11,83        | 559           | 5,42     | 5,80         |
| Starfshlutfall | 6.482              | 0,95     | 0,24         | 546           | 0,95     | 0,21         |
| Tekjur         | 6.439              | 587.304  | 314.696      | 538           | 460.037  | 219.894      |
| Tryggur        | 6.253              | 1,37     | 2,56         | 547           | 1,10     | 1,65         |
| Innflytjendur  | 9.524              | 0,11     | 0,31         | 1.046         | 1,00     | 0,00         |

Bakgrunnsbreyturnar eru síðan unnar upp úr spurningum um aldur, kyn og fleira er einkennir fólki á vinnumarkaði (Tafla 7.2). Þær skulu nú útskýrðar og skilgreindar svo lesendur geti lesið betur í niðurstöðurnar.

- Aldur var talinn í árum og er því heiltölubreyta. Spurt var „*Hvaða ár fæddist þú?*“. Þátttakendur voru 18 ára og eldri.
- Atvinnulaus var leppbreyta sem tók gildið einn ef þátttakandi merkti við atvinnulaus annars núll. Spurt var „*Hver er staða þín á vinnumarkaði? Vinsamlegast svarið því sem best lýsir þínum aðstæðum.*“ Þar gátu þátttakendur valið á milli: Launþegi, atvinnurekandi, lífeyrisþegi, nemi, atvinnulaus, öryrki og verktaki. Ekki var unnt að nota þessa breytu í líkaninu þar sem



starfshlutfall var nauðsynlegt í líkaninu og það var yfirleitt 0 í tilfelli þessarar hópa. Þeim var því sleppt í greiningunni enda er fókus rannsóknarinnar á fólk á vinnumarkaði.

- Bý ein (-n) var leppbreyta sem tók gildið einn ef þátttakandi merkti við „býr ein (-n)“, annars núll.
- Bý ein (-n) með börn var leppbreyta sem tók gildið einn ef þátttakandi merkti við „bý ein (-n) barni/börnum“, annars núll.
- Kyn var leppbreyta sem fékk gildið einn ef svarað var karl, núll ef svarað var kona annars ekkert.
- Starfshlutfall var heiltölubreyta sem gat tekið gildin 1% til 200% (síðasta gildið var reyndar orðað „meira en 200%). Spurt var: „Hvert er starfshlutfall þitt? Þeir sem eru ekki í fullu starfi áætli starfshlutfall sitt (má vera gróflega áætlað) og gefi það upp í prósentum. T.d. ef aðili er í hálfu starfi velur hann 50% eða 150% ef hann er í einu og hálfu starfi (stöðugildi).“
- Starfsreynsla var eiginlega heiltölubreyta sem gat tekið gildin 0,5 til 75 og hljóp á hálfum. Spurt var: „Hvað hefur þú starfað lengi í núverandi starfi (ár)? Veldu þann árafjölda sem kemst næst hinu sanna. Má nálgast/áætla.“
- Tekjur voru útskýrðar undir háðar breytur. Í sumum líkönum urðu tekjur óháð breyta og hún því talin hér.
- Tryggur átti að endurspegla hversu lengi menn ílengdust í starfi og var reiknuð stærð þannig að starfsreynslu var deilt upp í starfsaldur. Starfsaldur var eiginlega heiltölubreyta sem gat tekið gildin 0,5 til 75 og hljóp á hálfum. Spurt var: „Hvað hefur þú starfað lengi hjá núverandi atvinnurekanda (ár)? Veldu þann árafjölda sem kemst næst hinu sanna. Má nálgast/áætla.“
- Breytan innflytjendur tók gildið 1 ef þátttakandi var innflytjandi og 0 ef Íslendingur. Útskýrt hefur verið hvernig innflytjendur voru skilgreindir frekar í þessum gögnum (sjá 2. mgr. kafla 7).
- Öryrki var leppbreyta sem tók gildið einn ef þátttakandi merkti við öryrki annars núll. Spurt var „Hver er staða þín á vinnumarkaði? Vinsamlegast svarið því sem best lýsir þínum aðstæðum.“ Ekki var unnt að nota þessa breytu í líkaninu þar sem starfshlutfall var nauðsynlegt í líkaninu og það var yfirleitt 0 í tilfelli þessarar hópa. Þeim var því sleppt í greiningunni enda er fókus rannsóknarinnar á fólk á vinnumarkaði.

**Tafla 7.3: Lýsandi tölfraði yfir breytur fyrir atvinnugreinar 2020.**

| Breytur            | Allir þátttakendur |          |              | Innflytjendur |          |              |
|--------------------|--------------------|----------|--------------|---------------|----------|--------------|
|                    | Fjöldi             | Meðaltal | Staðalfrávik | Fjöldi        | Meðaltal | Staðalfrávik |
| Byggingarstarfsemi | 6.622              | 0,05     | 0,21         | 561           | 0,09     | 0,28         |
| Ferðabjónusta      | 6.622              | 0,09     | 0,28         | 561           | 0,20     | 0,40         |
| Landbúnaður        | 6.622              | 0,06     | 0,23         | 561           | 0,03     | 0,18         |
| Sérfræði           | 6.622              | 0,06     | 0,24         | 561           | 0,08     | 0,27         |
| Sjávarútvegur      | 6.622              | 0,08     | 0,27         | 561           | 0,09     | 0,29         |
| Upplýsingatækni    | 6.622              | 0,02     | 0,12         | 561           | 0,02     | 0,15         |

Breyturnar fyrir atvinnugreinar (Tafla 7.3) byggja allar á svörum þátttakenda á eftirfarandi spurningu: „Innan hvaða atvinnugreinar er þitt aðalstarf? Vinsamlegast svarið því sem best lýsir þínum aðstæðum.“ Þarna gátu þátttakendur valið á milli nokkurra atvinnugreina. Því miður var atvinnugreinaflokkunin ólík á milli kannanna en í nýrri var hún þessi:

- Landbúnaður og skógrækt
- Fiskeldi
- Sjávarútvegur, fiskveiðar og fiskvinnsla
- Iðnaður

- Ferðapjónusta, gisting, veitingar, ferðaskrifstofur, farþegaflutningar, leiðsögn, leiga til ferðamanna, flugvellir og umferðarmiðstöðvar
- Menning listir og skapandi greinar
- Veitur, vatns-, orku-, fráveitur og þess háttar
- Hið opinbera, opinber stjórnsýsla, heilbrigðisþjónusta og menntun á vegum ríkis og sveitarfélaga
- Byggingarstarfsemi, mannvirkjagerð og námur
- Upplýsingar og fjarskipti
- Eignaumsýsla, fjármála- og váttryggingastarfsemi, fasteignaviðskipti og leigustarfsemi
- Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi

Fáeinar atvinnugreinar sem gátu talist algengustu atvinnugreinar innflytjenda voru teknar út sem leppbreytur í þessari rannsókn. Heppilegt var að þær mátti auðveldlega greina í báðum skoðanakönnunum þrátt fyrir ólíka flokkun á milli þeirra. Þetta voru allt saman leppbreytur sem fengu gildið 1 ef þátttakandi merkti við viðkomandi atvinnugrein, annars fékk hún gildið 0. Stytt heiti allra atvinnugreina ættu að vera auðskiljanlegar nema einna síst atvinnugreinin sérfræði en hún vísar til sérfræðilegrar, vísindalegrar og tæknilegrar starfsemi.

**Tafla 7.4: Lýsandi tölfraði yfir breytur fyrir starfsgreinar 2020.**

| Breytur        | Allir þátttakendur |          |              | Innflytjendur |          |              |
|----------------|--------------------|----------|--------------|---------------|----------|--------------|
|                | Fjöldi             | Meðaltal | Staðalfrávik | Fjöldi        | Meðaltal | Staðalfrávik |
| Iðnaðarmenn    | 6.534              | 0,10     | 0,30         | 555           | 0,05     | 0,22         |
| Sérfræðingar   | 6.534              | 0,26     | 0,44         | 555           | 0,21     | 0,41         |
| Skrifstofufólk | 6.534              | 0,08     | 0,27         | 555           | 0,06     | 0,24         |
| Stjórnendur    | 6.534              | 0,20     | 0,40         | 555           | 0,06     | 0,23         |
| Tæknar         | 6.534              | 0,02     | 0,14         | 555           | 0,05     | 0,23         |
| Verkafólk      | 6.534              | 0,10     | 0,30         | 555           | 0,26     | 0,44         |
| Þjónustufólk   | 6.534              | 0,12     | 0,33         | 555           | 0,22     | 0,41         |

Breytur yfir starfsgreinar (Tafla 7.4) voru unnar upp úr svörum þátttakenda á eftirfarandi spurningu: „*Til hvaða starfsstéttar telst þitt aðalstarf? Vinsamlegast svarið því sem best lýsir þínum aðstæðum.*“ Þátttakendur gátu svo valið á milli eftirfarandi:

- Stjórnendur
- Sérfræðingar (venjulega háskólamenntaðir sérfræðingar á ýmsum sviðum og þess háttar)
- Tæknar (venjulega framkvæmd tæknilegrar vinnu í tengslum við tækni- og rannsóknarstörf)
- Skrifstofufólk
- Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk
- Iðnaðarmenn
- Verkafólk
- Annað, hvað?

Þetta voru allt saman leppbreytur sem fengu gildið 1 ef þátttakandi merkti við viðkomandi starfsstétt, annars fékk hann gildið 0. Öll stytt heiti ættu að vera auðskiljanleg.

**Tafla 7.5: Lýsandi tölfraði yfir breytur fyrir tíma og rými 2020.**

| Breytur           | Allir þátttakendur |          |              | Innflytjendur |          |              |
|-------------------|--------------------|----------|--------------|---------------|----------|--------------|
|                   | Fjöldi             | Meðaltal | Staðalfrávik | Fjöldi        | Meðaltal | Staðalfrávik |
| Akureyri          | 9.334              | 0,07     | 0,26         | 866           | 0,03     | 0,16         |
| Dreifbýli         | 9.592              | 0,16     | 0,37         | 963           | 0,14     | 0,35         |
| Höfuðborgarsvæðið | 9.334              | 0,12     | 0,33         | 866           | 0,52     | 0,50         |
| Ár1617            | 10.033             | 0,00     | 0,00         | 1.046         | 0,00     | 0,00         |

Breytur yfir tiltekna staðsetningu, eiginleika byggða eða tímatengingu voru útbúnar (Tafla 7.5). Breytan Ár1617 er leppbreyta og tekur gildið 1 ef gögnin eru frá fyrri könnuninni annars 0. Þessi breyta á að nema breytingu á milli kannanna sem búast má við t.d. í launum. Þá eru leppbreytur fyrir þá sem búa á Akureyri eða höfuðborgarsvæðinu og taka gildið einn ef viðkomandi býr á þessu eða hinu svæðinu annars 0. Þá er dreifbýli leppbreyta fyrir þá sem annað hvort búa í þéttbýli eða dreifbýli og tekur gildið 1 ef fólk býr í dreifbýli.

**Tafla 7.6: Lýsandi tölfraði yfir breytur fyrir menntun.**

| Breytur         | Allir þátttakendur |          |              | Innflytjendur |          |              |
|-----------------|--------------------|----------|--------------|---------------|----------|--------------|
|                 | Fjöldi             | Meðaltal | Staðalfrávik | Fjöldi        | Meðaltal | Staðalfrávik |
| Stutt starfsnám | 10.033             | 0,15     | 0,36         | 1.046         | 0,08     | 0,28         |
| Próf í iðngrein | 10.033             | 0,16     | 0,36         | 1.046         | 0,06     | 0,23         |
| Stúdentspróf    | 10.033             | 0,09     | 0,29         | 1.046         | 0,17     | 0,38         |
| BS              | 10.033             | 0,19     | 0,39         | 1.046         | 0,13     | 0,33         |
| MS eða meira    | 10.033             | 0,13     | 0,34         | 1.046         | 0,14     | 0,34         |


Að síðustu voru hannaðar breytur fyrir menntun þátttakenda. Byggt var á spurningunni „Hver er menntun þín? Merktu við allar prófgráður sem þú hefur lokið.“ Þátttakendur gátu merkt við: 1) grunnskóla- eða gagnfræðapróf, 2) próf af styttri námsbrautum í framhaldsskóla og ýmsar styttri starfsnámsbrautir 3) próf í iðngrein 4) stúdentspróf 5) háskólanám (fyrsta háskólagráða) 6) framhaldsnám á háskólastigi (meistaragráða, doktorsgráða eða sambærilegt). Leppbreytur voru útbúnar fyrir menntun hvers þátttakanda og fékk viðkomandi menntun gildið 1 ef sú prófgráða var lengsta nám í árum talið sem þátttakandi hafði lokið annars 0.

## 8 NIÐURSTÖÐUR

### 8.1 LÝSANDI GREINING

#### 8.1.1 VINNUMARKAÐUR OG ÖNNUR BÚSETUSKILYRÐI

Í könnuninni sem stuðst er við voru þátttakendur beðnir um að meta 40 þætti sem kallaðir hafa verið búsetuskilyrði. Það var gert á tvo vegu. Annars vegar áttu þátttakendur að meta stöðu búsetuskilyrða sinna og hins vegar mikilvægi eins og lýst hefur verið í kaflanum um aðferðir. Þar er að finna fjóra þætti sem tengjast vinnumarkaðnum með beinum hætti: Laun, möguleikar á eigin atvinnurekstri (skammstafað atvinnurekstur), atvinnuöryggi og atvinnuúrval. Í könnuninni voru þátttakendur einnig beðnir um að meta hversu mikilvægir sömu 40 þættir voru þeim með því að svara eftirfarandi spurningu: „Hver eftirfarandi þátta/málaflokka finnst þér skipta miklu eða litlu máli fyrir áframhaldandi búsetu þína í sveitarfélaginu?“ Þátttakendur gátu síðan valið á milli svarmöguleikanna mjög miklu, frekar miklu, hvorki/né, frekar litlu, mjög litlu eða vil ekki svara. Svör innflytjenda við báðum spurningum voru síðan tekin saman myndrænt (Mynd 8.1).



Mynd 8.1: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða að mati innflytjenda 2020.

Tölur íbúakönnunar landshlutanna 2020.

Þar má sjá að vinnumarkaðstengdu þættirnir fjórir (**rauðlitaður texti**) eru ekki meðal mikilvægustu þáttanna fyrir áframhaldandi búsetu þeirra í því sveitarfélagi sem þeir bjuggu þegar könnuninni var svarað.

Þar voru þættirnir almennt öryggi, friðsæld, loftgæði, gott mannlíf, náttúran, nettengingar og umferðaröryggi hærra á metunum. Þetta getur gefið til kynna að lífsafkoma innflytjenda sé nokkuð trygg hérlandis þó þeir séu án atvinnu. Af myndinni að dæma virðast laun og atvinnuöryggi geta verið mikilvægari en atvinnuúrval en sérstaklega möguleikar til eigin atvinnureksturs.

Þegar horft er á hvernig innflytjendur meta stöðu þátta á vinnumarkaði er ljóst að atvinnuúrval fékk lökustu einkunnina þó svo hinir þrír hafi fengið mjög svipaðar einkunnir (Mynd 8.1). Eingöngu vöruverð, framfærslukostnaður, leiguíbúðir og íbúðir til sölu fengu lakara mat en vinnumarkaðsþættirnir. Athygli vekur hvað leiguíbúðir vöruverð og framfærsla skera sig verulega úr öðrum þáttum hvað stöðuna snertir. Úrbætur þessu tengt kæmu því innflytjendum mjög vel. Framfærslan tengist auðvitað bæði tekjum og stöðunni á vinnumarkaði en líka þeim samanburði sem fólk fer í við heimalandið þegar það kemur á erlenda grund en verðlag á Íslandi er hátt m.a. vegna þess hvað laun eru há. Í þessu tilliti sem og öðru er því mikilvægt að innflytjendur njóti þeirra kjara á vinnumarkaði sem þeim ber. Einnig gæti óánægja með framfærslu og jafnvel vöruverð tengst ábyrgð þeirra á fjölskyldum heimafyrir sem erfiðara er að rækja þegar íslenska krónan veikist eins og kom fram í rannsókn á stöðu þeirra í kreppunni eftir bankahrun (Violeta Tolo, 2013). Frá 2017 til 2020 hafði íslenska krónan veikst á bilinu 25-30% samkvæmt tölum Seðlabanka Íslands þegar notuð er þröng viðskiptavog<sup>3</sup>. Það er svipuð breyting og varð á gengi íslensku krónunnar gagnvart pólska gjaldmiðlinum (pólskt sloty) á sama tíma, en Pólverjar eru fjölmennastir meðal innflytjenda á Íslandi. Laun og kaupmáttur þeirra hafa ekki gefið eftir hérlandis og heldur aukist og hækkað eins og nýjustu kjarasamningar benda til en það er samt enn erfiðara fyrir innflytjendur að lifa af þeim en fyrir innfædda (Mynd 8.2) ef þeir senda peninga til fjölskyldunnar í heimalandinu eftir að krónan hefur veikst um 25-30%.

Íbúðamarkaðurinn stóð illa að mati innflytjenda, einkum leigumarkaðurinn (Mynd 8.1). Búast má við að leigumarkaðurinn sé mörgum fyrstu kynslóðar innflytjendum mikilvægari þar sem fólk byrjar gjarnan á því að leigja þegar það kemur á nýjan stað til að freista gæfunnar, á meðan fólk reynir að finna sig í samfélaginu og hvernig því líkar.

Vinnumarkaðsþættirnir eru nærri hægra horni myndarinnar neðst en þar lenda þættir sem eru bæði í verstri stöðu og mikilvægastir fyrir áframhaldandi búsetu þátttakenda (Mynd 8.1). Það er versti staður sem sérhver þáttur getur lent á gagnvart þátttakendum í þessari greiningarmynd. Framfærsla, vöruverð, atvinnuöryggi og laun eru næst því horni.

#### 8.1.1.1 Innflytjendur og innfæddir


Samanburður á afstöðu innflytjenda og Íslendinga leiddi ýmislegt áhugavert í ljós (Mynd 8.2). Tvennt vakti þó sérstaklega athygli.

Í fyrsta lagi var staða vinnumarkaðsþáttanna fjögurra verri að mati innflytjenda en Íslendinga að launum undanskyldum. Þetta átti sérstaklega við um atvinnuöryggi en þar hallar nánast hvergi meira á innflytjendur. Munurinn á milli innfæddra og innflytjenda var síðan næst mestur í möguleikum til eigin atvinnurekstrar. Næst minnstur var hann í úrvali atvinnu.

Í öðru lagi gildi það sama um stöðu allra námsstiga í skólakerfinu nema háskólastigsins. Þar var spurt um leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og háskóla. Það er hugsanlegt að málakunnátta eigi þarna nokkra sök. Búast má við að takmörkuð kunnátta í íslensku setji innflytjendur í verri stöðu á vinnumarkaði og börn þeirra í skólakerfinu. Jafnvel þó börnin hafi þokkalegt vald á íslenskunni gæti stuðningur við þau heima

<sup>3</sup> Viðskiptavog er blanda af ýmsum erlendum gjaldmiðlum. Reiknað er meðalgengi (vegið meðaltal) þessara gjaldmiðla gagnvart Íslensku krónunni (sjá nánar á heimasíðu Seðlabanka Íslands).

verið verri ef foreldrarir hafa ekki vald á henni. Þetta þyrfti samt að prófa sérstaklega. Hér er eingöngu um skýringartilraun eða tilgátu að ræða.



**Mynd 8.2: Samanburður á innflytjendum og innfæddum 2020.**

Tölur íbúakönnunar landshlutanna 2020.

Innflytjendur eru mun ánægðari með þætti sem flokka mætti undir grundvallar innviði eins og fjarskiptakerfi (internet og farsími), raforkukerfi og vegakerfi. Þó svo þeir þættir lúti verulega að heimilum þeirra þá eru þeir líka mjög mikilvægir atvinnulífinu og vinnumarkaðnum. Reyndar var niðurstaðan fyrir samgöngukerfi misvísandi þar sem innflytjendur voru óánægðari með umferðina (þ.e. greiða bílaumferð) en Íslendingar. Það er ekki vegna þess að það sé almennt lengra á milli heimilis og vinnustaðar innflytjenda í samanburði við innfædda (Mynd 8.10), eins og geta mætti sér til, þar sem tekjulægri hafa tilhneigingu til að kaupa sér ódýrara húsnaði og í tilfelli þéttbýlis er það gjarnan í útjaðri þess. Þessi munur verður því ekki auðveldlega útskýrður. Það er hins vegar hugsanlegt að innflytjendur séu vanari almenningssamgöngum en innfæddir og þær eru mun lakari hérlandis m.t.t. tíðni ferða og þess háttar en í fjölmönnum borgum erlendis.


Takið eftir því að innflytjendur telja nánast alla þætti minna mikilvæga fyrir búsetu sína en Íslendingar. Það er kannski vegna þess að hluti innflytjenda kemur hingað til að prófa að búa á Íslandi eða hvert sem þeir flytja yfirleitt á milli landa í atvinnuleit. Fyrir suma þeirra er þetta ævintýraleit og er ekki ætlað að standa lengi yfir. Þetta á kannski líka sérstaklega við um þá sem koma til að vinna í ferðaþjónustu sem hefur veitt þeim flestum vinnu. Oft er það yngra fólk sem hefur tekið sér námshlé og til að skoða heiminn.

Þegar svör við því hvort þátttakendur teldu líklegt að þeir flyttu brott á næstu tveimur árum kom í ljós að innflytjendur voru miklu líklegri til þess en innfæddir sem styður það sem á undan var sagt. Þá kom einnig í ljós að innflytjendur voru almennt yngri en innfæddir þátttakendur en þekkt er í kenningum um búferlaflutninga að yngra fólk er hreyfanlegra en þeir sem eldri eru (Florida, 2008; Sjaastad, 1962).

### 8.1.1.2 Innflytjendur á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu

Samanburður, líkt og í kafla 8.1.1.1, var gerður á innflytjendum á landsbyggðinni og innflytjendum á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi í hverjum hópi var um 400-500 talsins en svolítið breytilegur eftir hverjum þætti sem til skoðunar var hverju sinni því mönnum var ekki skylt að svara könnuninni í heild eða einstökum spurningum hennar.

Ef við skoðum fyrst lóðréttan ásinn sem heldur utan um stöðu búsetuskilyrðanna þá voru fleiri þættir sem komu verr út á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu að mati innflytjenda. Þeir töldu 24 búsetuskilyrði betri á höfuðborgarsvæðinu en landsbyggðinni, fjögur jafngóð og 12 verri. Þeir þættir sem innflytjendur töldu betri úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu voru t.d. þeir sem tengjast framfærslu, umferð og íbúðamarkaði (einkum íbúðir til sölu). Þeir sem komu verr út voru helst þeir sem tengjast háskólanámi, afþreyingu og ýmiskonar þjónustu. Þessi þjónusta var t.d. almenningssamgöngur, heilsugæsla og almenn fjölbreytni þjónustunnar (t.d. vöruúrval).




Mynd 8.3: Samanburður á innflytjendum á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu 2020.  
Tölur íbúakönnunar landshlutanna 2020.

Þegar einblínt var á þætti sem tengjast vinnumarkaðnum með beinum hætti var atvinnuúrval talið miklu síðra úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu eins og eðlilegt mætti þykja. Þá er ánægja með launin heldur síðri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu en almennt má telja að laun séu hærri í borgum en fámennari samfélögum og því ekki um óvæntar niðurstöður að ræða. Þegar kemur að möguleikum til eigin atvinnureksturs og atvinnuöryggi er hverfandi lítill munur á landsbyggð og höfuðborgarsvæði. Athygli vekur að innflytjendur á landsbyggðinni töldu alla vinnumarkaðsþætti síður mikilvæga fyrir áframhaldandi búsetu þeirra en innflytjendur á höfuðborgarsvæðinu. Það gæti tengst ferðabjónustunni en hún hefur hlutfallslega meira vægi á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu. Færa má rök fyrir því að hlutfallslega fleiri innflytjendur í ferðabjónustu sé fólk sem hefur ekki haft hug á því að dvelja lengi á Íslandi eins og áður var vikið að.

### 8.1.1.3 Innflytjendur á Vesturlandi og höfuðborgarsvæðinu

Dregin var upp samskonar greiningarmynd á milli Vesturlands og höfuðborgarsvæðisins (Mynd 8.4) eins og í tilfelli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins (Mynd 8.3). Niðurstaðan var mjög svipuð nema hvað að Vesturland kom ögn betur út en landsbyggðin öll í þessum samanburði. Þátttakendur töldu 16 þætti betri á Vesturlandi en á höfuðborgarsvæðinu. Þá voru 5 þættir taldir mikilvægari innflytjendum á Vesturlandi en höfuðborgarsvæðinu og var grunnskólinn mikilvægastur í þessum samanburði. Staða innflytjenda á Vesturlandi virðist því betri en að jafnaði annars staðar á landsbyggðinni.



Mynd 8.4: Samanburður á innflytjendum á Vesturlandi og höfuðborgarsvæðinu 2020.

Tölur íbúakönnunar landshlutanna 2020.



Athygli vakti að atvinnuöryggi innflytjenda var talið meira en á höfuðborgarsvæðinu en hinir vinnumarkaðstengdu þættirnir (atvinnurekstur, laun og atvinnuúrval) síðri og atvinnuúrval síst. Atvinnuúrvalið kom samt betur út í þessum samanburði en í samanburðinum á landsbyggðinni allri gagnvart höfuðborgarsvæðinu en ver í tilfelli atvinnureksturs.


Bent skal á að aðeins um 100 innflytjendur á Vesturlandi tóku þátt í könnuninni og því betra að gera ekki of mikið úr þessum samanburði og fara varlega í túlkun.

#### **8.1.1.4 Innflytjendur 2016/2017 og 2020**

Svör innflytjenda voru borin saman við svör þeirra frá fyrri könnun (Mynd 8.5). Samanburðurinn gefur til kynna að atvinnuöryggi, möguleikar til eigin atvinnurekstrar og atvinnuúrval hafi versnað á milli kannana. Það gerðu grunnskólinn og tónlistarskólinn líka og þjónusta við innflytjendur ásamt vöruverði og framfærslu svo það markverðasta sé nefnt. Margar þessara breytinga gætu tengst óvenjulegum aðstæðum vegna Covid-kreppunnar, eins og vöruverð og framfærsla sem verða meira íþyngjandi þegar fólk er atvinnulaust, á meðan aðrar tengjast samsetningu þátttakenda eftir landshlutum, eins og þátturinn friðsæld. Í könnuninni 2020 var meirihluti þátttakenda meðal innflytjenda af höfuðborgarsvæðinu en höfuðborgarsvæðið var ekki með í fyrri könnun. Íbúar á höfuðborgarsvæðinu voru mun óánægðari með friðsældina en þeir sem búa á landsbyggðinni. Þá gæti þjónusta við innflytjendur og fólk í fjárhagsvanda tengst auknu atvinnuleysi, eins og vöruverð og framfærsla.

Það leynir sér hins vegar ekki að atvinnuöryggi hefur dregist mest saman á stöðu-kvarðanum þó svo mikilvægið hafi ekki breyst mikið á milli kannana. Möguleikar til eigin atvinnurekstrar lentu í þriðja sæti á stöðu-kvarðanum á eftir framfærslunni. Úrval atvinnu var síðan í fimmta sæti rétt á eftir þjónustu við innflytjendur. Það sést að þessir fimm þættir tengjast stöðu innflytjenda á vinnumarkaði með beinum eða óbeinum hætti. Það er þó á vissan hátt gott að sjá að ánægja með launin breytist ekki á milli kannana þó vitað sé að laun hækkuðu mikið (og kaupmáttur þeirra) á milli kannana. Þarna er þó a.m.k. ekki munur á milli innfæddra og innflytjenda (Mynd 8.2).


Athygli vekur samt að þættirnir atvinnuöryggi, atvinnurekstur og atvinnuúrval gáfu allir lítið eitt eftir varðandi mikilvægi á milli kannana. Það gæti tengst þeim landshlutum sem voru með í seinni könnuninni en ekki þeirri fyrri eða því að aðferðafræðin í nýrri könnuninni hafi orðið til þess að frekar náðist til þátttakenda sem eru nýlega aðfluttir en þeirra sem hafa fest hér rætur. Í seinni könnuninni er því líklegra að þátttakendur séu frekar yngri og tilheyri mjög hreyfanlegum hluta vinnuaflsins. Af þeim sökum skipta flest búsetuskilyrðin litlu máli varðandi áframhaldandi búsetu í samanburði við þá sem eru ráðsettari og hafa sest hér að og eru e.t.v. með fjölskyldu á staðnum.



**Mynd 8.5: Samanburður á innflytjendum milli kannanna.**  
Tölur íbúakönnunar landshlutanna 2020 og 2016/2017.


### 8.1.2 STAÐAN Á VINNUMARKAÐI

Samkvæmt tölum Íbúakönnunar landshlutanna 2020 voru 72% innfæddra og 67% innflytjenda þátttakendur á vinnumarkaði, þ.e. annað hvort launþegar, atvinnurekendur eða verktakar (Mynd 8.6), en 24% innflytjenda voru atvinnulausir.



**Mynd 8.6: Staða allra þátttakenda á vinnumarkaði 2020 eftir uppruna.**

Tölur íbúakönnunar landshlutanna 2020.




**Mynd 8.7: Staða innflytjenda á vinnumarkaði 2020 eftir búsetu.**

Tölur íbúakönnunar landshlutanna 2020.

Munurinn á milli innflytjenda eftir búsetu var hverfandi lítill (Mynd 8.7). Hlutfall innflytjenda á vinnumarkaði á landsbyggðinni var 69% á meðan þeir voru 68% á höfuðborgarsvæðinu. Mestur munurinn eftir búsetu var á þeim sem voru í námi en 0,25% innflytjenda á landsbyggðinni voru í námi en 4,29% þeirra sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu.


### 8.1.3 ATVINNUGREINAR

Atvinnugreinaskipting þátttakenda af erlendu bergi í íbúakönnuninni (miðað við skilgreiningu í 2. mgr. kafla 7) var skoðuð sérstaklega. Í ljós kom að lang flestir voru í þeim atvinnugreinum sem tölur Hagstofu Íslands sögðu vera stærstu atvinnugreinar innflytjenda (Mynd 4.4): Hið opinbera, ferðaþjónusta og framleiðslan sem nær yfir margar atvinnugreinar eins og t.d. sjávarútveg, iðnað og byggingarstarfsemi.



**Mynd 8.8: Atvinnugreinaskipting þátttakenda 2020 eftir uppruna.**  
Tölur íbúakönnunar landshlutanna 2020.

Þegar þessar tölur eru brotnar upp kemur í ljós að hlutfallslega fleiri innflytjendur á landsbyggðinni starfa við sjávarútveg og ferðaþjónustu en innflytjendur á höfuðborgarsvæðinu eins og búast mátti við. Þá voru hlutfallslega fleiri innflytjendur á höfuðborgarsvæðinu starfandi hjá hinu opinbera, í byggingarstarfsemi og við skapandi greinar, upplýsingar og fjárskipti ásamt sérfræðilegri, vísindalegri og tæknilegri starfsemi (skammstafað sérfræði). Það er líka eitthvað sem búast mátti við. Því má segja að atvinnugreinaskipting innflytjenda sé í samræmi við þær staðtölur sem náðist í og þá innsýn sem menn hafa á vinnumarkaðnum hérlandis.



**Mynd 8.9: Atvinnugreinaskipting innflytjenda 2020 eftir búsetu.**  
Tölur íbúakönnunar landshlutanna 2020.

#### 8.1.4 HREYFANLEIKI VINNUAFLS

Vísbendingar um hreyfanleika vinnuafls eru að finna í fjarlægð milli heimilis og vinnustaðar. Spurt var um hana í Íbúakönnun landshlutanna 2020. Í ljós kom að innflytjendur eru ekki eins hreyfanlegir og Íslendingar<sup>4</sup> (Mynd 8.10: allar atvinnugreinar). Mestur er þessi munur í sjávarútvegi. Það er trúlega vegna þess að Íslendingar í sjávarútvegi eru ríkjandi í fiskveiðum (til sjós) á meðan innflytjendur eru ríkjandi í fiskiðnaði (landvinnslu). Þekkt er í sjávarútvegi að sjómenn búa víðs fjarri vinnustað sínum og jafnvel víðs fjarri heimahöfn skips. Það á alls ekki við um þá sem starfa í fiskiðnaði. Hið opinbera er eina undantekning frá þessari reglu meðal þessara stærstu atvinnugreina innflytjenda þar sem Íslendingar eru ekki eins hreyfanlegir og innflytjendur. Gildinu fyrir sjávarútveg á höfuðborgarsvæðinu var sleppt vegna þess hve fáir stóðu að baki því.


Fáar athuganir eru á bakvið alla sundurliðun á niðurstöðum eftir atvinnugreinum í þessum kafla og því varað við að alhæft sé út frá þeim. Þær eru samt hafðar hér með til að gefa lesendum tilfinningu fyrir breytileikanum milli atvinnugreina og hvort hann sé í einhverju samræmi við þá tilfinningu sem t.d. rannsakendur, fólk sem vinnur við atvinnuþróun víðs vegar um landið og aðrir sem rýnt hafa í íslenska vinnumarkaðinn hafa.

Tölurnar benda einnig til að innflytjendur á landsbyggðinni séu almennt hreyfanlegri en þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu.<sup>5</sup> Það á sér eðlilegar skýringar þar sem vinnumarkaðurinn er grynri úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu og á trúlega við um Íslendinga líka. Ef vinnumarkaður er grunnur þarf stundum að

<sup>4</sup> Það stóðst 10% marktektarkröfu (t-gildi 1,81) þegar einföldu aðhvarfsgreiningarlíkani var beitt.

<sup>5</sup> Höfuðborgarsvæðið og landsbyggðin eru eingöngu meðaltöl innflytjenda sem þar búa. Innfæddir eru allir þátttakendur af innlendum uppruna eins og áður sagði.

leita langt eftir atvinnu við hæfi. Sú viðleitni eykst með menntun og innflytjendur hafa almennt meiri menntun en innfæddir (Mynd 8.13).



**Mynd 8.10: Fjarlægð milli heimilis og vinnustaðar 2020.**

Tölur íbúakönnunar landshlutanna 2020. Einfalt aðhvarfsgreiningarlíkan. Próf milli innflytjenda og innfæddra; t-gildi -1,81 og 6.491 athuganir, þar af 564 innflytjendur. Á milli innflytjenda á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu; t-gildi -2,02 og 522 athuganir, þar af 247 af höfuðborgarsvæðinu.

Munurinn á milli innflytjenda á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu er sérstaklega áberandi í iðnaði, ferðapjónustu og öðrum atvinnugreinum. Það er á vissan hátt skiljanlegt þar sem starfsstöðvar geta verið breytilegar hjá bæði iðnaðarmönnum og fólki í ferðapjónustu og sá munur verður meiri eftir því sem samfélögin eru fámennari.


### 8.1.5 FÆRNI VINNUAFLS

Færni vinnuafls er metið með því að horfa til starfsreynslu, starfsaldurs, menntunar og þess hvort fólk var duglegt að sækja endurmenntun. Spurt var um alla þessa þætti í Íbúakönnun landshlutanna. Starfsreynsla innflytjenda var almennt minni en Íslendinga (Mynd 8.11). Þær upplýsingar byggja á svörum við spurningunni: „Hvað hefur þú starfað lengi í núverandi starfi (ár)?“ Minnstur var þessi munur hlutfallslega á milli innflytjenda og innfæddra hjá hinu opinbera og í ferðapjónustu en mestur í iðnaði. Þetta var prófað með einföldu tölfræðilíkani<sup>6</sup> og reyndist marktækt.

Starfsreynsla innflytjenda var mest í sjávarútvegi. Það má kannski rekja til þess að sú atvinnugrein var einna fyrst til að leita eftir vinnuafli erlendis þegar Íslendingar sóttu stöðugt minna í landvinnslu. Starfsreynslan var næst mest í byggingarstarfsemi en minnst var hún í ferðapjónustu.

<sup>6</sup> Notað var líkan reglulegra viðbragða (e. ordered response model) sem mælt er með fyrir raðtölur úr skoðanakannagögnum. Í fáeinum tilvikum var notað einfalt aðhvarfsgreiningarlíkan.


Munurinn á milli innflytjenda á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu var ekki mikill þegar horft var til starfsreynslu en samt marktækur samkvæmt einföldu tölfræðiprófi (t-gildi 3,26). Helst var það í sérfræðilegri, vísindalegri og tæknilegri starfsemi þar sem starfsreynslan var meiri á landsbyggðinni. Í byggingarstarfsemi og iðnaði var líka munur þó töluvert minni væri. Þar var starfsreynslan meiri á höfuðborgarsvæðinu.



**Mynd 8.11: Starfsreynsla þeirra sem eru í vinnu 2020.**

Tölur íbúakönnunar landshlutanna 2020. Líkan reglulegra viðbragða. Próf milli innflytjenda og innfæddra; t-gildi -19.88. Einfalt aðhvarfsgreiningarlíkan. Próf milli innflytjenda og innfæddra; t-gildi -15.69 og 6.242 athuganir, þar af 548 innflytjendur. Á milli innflytjenda á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu; t-gildi -3.26 og 507 athuganir, þar af 241 af höfuðborgarsvæðinu.

Tölur yfir starfsaldur voru unnar upp úr spurningunni: „Hvað hefur þú starfað lengi hjá núverandi atvinnurekanda (ár)?“ Starfsaldur innflytjenda var mun minni en innfæddra (Mynd 8.12). Starfsaldur innflytjenda var mestur í sjávarútvegi og hjá hinu opinbera. Innflytjendur ílengjast því mest hjá vinnuveitendum sínum í þeim atvinnugreinum. Athygli vekur hvað starfsaldur innflytjenda var lágur í byggingarstarfsemi og hvergi lægri af því að starfsreynsla var næst mest í þeirri grein (Mynd 8.11). Svo virðist því sem innflytjendur flakki mikið á milli atvinnurekanda í byggingariðnaði. Það á alls ekki við um Íslendinga en starfsaldur þeirra var næst mestur í þeirri atvinnugrein. Mestur munur var því á starfsaldri innflytjenda og Íslendinga í byggingarstarfsemi. Starfsaldur Íslendinga var hins vegar minnstur í ferðaþjónustu og næst minnstur hjá innflytjendum. Það er skiljanlegt því sú atvinnugrein er frekar ung á Íslandi í samanburði við hinar. Hún er ung í þeim skilningi að hún hefur vaxið mjög hratt á undanförunum árum og meðalaldur fyrirtækja því líklega óvenju lágur í samanburði við aðrar atvinnugreinar.



**Mynd 8.12: Starfsaldur þeirra sem eru í vinnu 2020.**

Tölur íbúakönnunar landshlutanna 2020. Marktækur munur skv. Mann-Whitney prófi (z-gildi 2,95). Einfalt aðhvarfsgreiningarlíkan. Prófmilli innflytjenda og innfæddra; t-gildi -14,82 og 6.507 athuganir, þar af 559 innflytjendur. Á milli innflytjenda á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu; t-gildi -2,15 og 518 athuganir, þar af 246 af höfuðborgarsvæðinu.

Landfræðilegur munur var ekki mikill á starfsaldri innflytjenda þegar landinu var skipt upp á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðar (Mynd 8.12). Marktækur var þessi munur og hærri á landsbyggðinni. Hann var helst í sérfræðilegri, vísindalegri og tæknilegri starfsemi þar sem hann var mun hærri á landsbyggðinni. Þá var hann sýnilegur en minni hjá hinu opinbera og í iðnaði þar sem starfsaldur var líka hærri á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu. Það er athyglisvert þar sem starfsreynsla innflytjenda í iðnaði er meiri á höfuðborgarsvæðinu (Mynd 8.11) en þeir ílengjast frekar hjá sama atvinnurekanda á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu (Mynd 8.12). Almennt má segja að starfsaldur innflytjenda sé hærri á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu þegar horft er til allra atvinnugreina og getur komið til af því að rekstraraðilar eru miklu færri á hverjum stað á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu.

Reiknað var út vægi starfsreynslu og starfsaldurs<sup>7</sup> til að fá vísibendingu um það hversu ört menn fara á milli vinnuveitenda (Tafla 8.1). Vægið var hæst í byggingarstarfsemi upp á 1,94 (Tafla 8.1) á um 6 árum (Mynd 8.11). Mikill munur var á milli innflytjenda á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni í þeirri atvinnugrein eða 2,15 á móti 1,55. Þess vegna má segja um byggingarstarfsemi að innflytjendur ílengist frekar hjá sama atvinnurekanda á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu eða að fyrirtæki í greininni séu bara mikið færri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.

Meðalstarfsævi er um 45 ár sem er ekki ósanngjarnt að áætla fyrir iðnaðarmenn en 40 ár fyrir þá sem hafa lokið bóknámi. Miðað við það ætti hver iðnaðarmaður að vera hjá 14 vinnuveitendum á starfsævi sinni. Nú

<sup>7</sup> Vægi starfsreynslu og starfsaldurs er starfsreynsla deild með starfsaldri.




er ekki alveg ljóst hvort margir vinnuveitendur er kostur fyrir starfsmenn eða galli. Fólki getur farið ört á milli vinnuveitanda vegna þess að vinnuveitandi er óánægður með starfsmenn eða að starfsmenn eru óánægðir með vinnuveitanda eða þau laun og önnur kjör sem eru í boði. Þessar ástæður geta verið óheppilegar fyrir starfsmenn og vinnuveitendur til skemmri tíma lítið en til lengri tíma lítið er kostur að menn yfirgefi starf sem óánægja er með annaðhvort hjá vinnuveitanda eða launþega. Það eykur líkurnar á að þeir sem geta ekki borgað há/góð laun sjái sig um hönd eða hætti starfsemi. Það eykur líka líkurnar á því að starfsmaður finni starf þar sem hæfileikar hans fái notið sín. Þá getur mikil starfsmannavelta stafað af mikilli þenslu á vinnumarkaði og því mikilli samkeppni um vinnuafli sem myndi birtast í hærri launum. Það er tækifæri og kostur fyrir starfsmenn. Þar sem hægt er að sækja vinnuafli á öllu hinu evrópska efnahagssvæði er síðastnefnda ástæðan ekki trúleg. Fólki getur líka haft marga vinnuveitendur yfir starfsævina vegna þess að það þráir tilbreytingu á vinnumarkaði og þá er þetta kostur. Lítil starfsmannavelta getur verið bæði kostur og galli. Hún getur endurspeglad lítið svigrúm á vinnumarkaði en líka ánægju launþega. Þegar mikill hreyfanleiki vinnuafli er til staðar er seinni ástæðan líklegri. Að sumu leyti má segja að innflytjendur séu hreyfanlegt vinnuafli og að sumu leyti ekki. Meðalaldur þeirra, fjölskyldugerð m.t.t. barna og fyrirætlanir þeirra um búsetu benda til að þeir séu hreyfanlegir en tungumálið dregur hins vegar úr hreyfanleika þeirra hérlandis.

**Tafla 8.1: Vægi starfsreynslu og starfsaldurs 2020.**

Byggt á tölum Íbúakönnunar landshlutanna. Gildið er starfsreynsla deilt með starfsaldri

| Landsvæði            | Innflytjendur | Höfuðborgarsvæðið | Landsbyggðin | Innfæddir |
|----------------------|---------------|-------------------|--------------|-----------|
| Sjávarútvegur        | 1,35          |                   | 1,37         | 1,21      |
| Byggingarstarfsemi   | 1,94          | 2,15              | 1,55         | 1,29      |
| Sérfræði             | 1,33          | 1,29              | 1,36         | 1,24      |
| Allar atvinnugreinar | 1,19          | 1,24              | 1,15         | 1,11      |
| Hið opinbera         | 1,04          | 1,12              | 1,00         | 0,96      |
| Iðnaður              | 1,26          | 2,21              | 0,78         | 1,25      |
| Aðrar atvinnugreinar | 1,08          | 1,04              | 1,06         | 1,16      |
| Ferðaþjónusta        | 1,16          |                   | 1,18         | 1,04      |

Meðalstarfsreynsla og -starfsaldur benda til að innflytjendur skipti meira um störf en Íslendingar. Ástæður eru ekki kunnar eins og áður sagði. Þessi munur var þó mestur í byggingarstarfsemi (50%), ferðaþjónustu (12%) og sjávarútvegi (11%). Hjá hinu opinbera, í sérfræðilegri, vísindalegri og tæknilegri starfsemi var þetta um 7-8%. Í iðnaði var enginn munur að þessu leyti og í öðrum atvinnugreinum var þessu síðan öfugt farið.



**Mynd 8.13: Menntun þeirra sem eru í vinnu 2020.**

Tölur Íbúakönnunar landshlutanna 2020. Líkan reglulegra viðbragða. Próf milli innflytjenda og innfæddra; t-gildi 2,61 og 10.245 athuganir, þar af 1.151 innflytjendur. Á milli innflytjenda á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu; t-gildi 2,85 og 1.070 athuganir, þar af 543 af höfuðborgarsvæðinu.


Menntunarsstig<sup>8</sup> innflytjenda á vinnumarkaði var almennt marktækt herra en Íslendinga (Mynd 8.13). Á því var nokkur munur eftir atvinnugreinum. Mestur var þessi munur í ferðapjónustu en þar var um 30% lægra menntunarsstig hjá Íslendingum. Næstar í röðinni voru atvinnugreinarnar sjávarútvegur (26%) og iðnaður (20%). Í sérfræðilegri, vísindalegri og tæknilegri starfsemi var hins vegar engin munur á menntunarsstigi innflytjenda og Íslendinga.

Menntunarsstig innflytjenda var alla jafna lítið eitt herra á höfuðborgarsvæðinu en landsbyggðinni að byggingarstarfsemi undanskilinni. Þessi munur á milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar var marktækur í einföldum samanburði.

Innflytjendur voru hins vegar ekki eins duglegir og innfæddir að sækja sér endurmenntun (Mynd 8.14). Kannski vegna þess hversu vel menntaðir þeir eru eða að menntunin skili sér ekki í hærri launum eins og fram kom í einni greiningunni þar sem menntun virðist hækka tekjur innfæddra (Tafla 8.4, líkan 9 og 10) en ekki innflytjenda (líkan 22). Kannski vegna þess að þau bjóðast ekki á tungumáli þeirra eða öðru sem þeir skilja og/eða tala. Tölur yfir endurmenntun byggja á eftirfarandi spurningu: „Hefur þú sótt eða varið tíma í sí- og endurmenntun, t.d. í formi námskeiða, fyrirlestra, formlegs náms o.s.frv. á sl. tveimur árum?“. Þátttakendum bauðst síðan að merkja við: „1) Nei 2) Já, 1-3 daga 3) Já, 4-7 daga 4) Já, meira en 7 daga“.

<sup>8</sup> Menntunarsstig tók mið af menntun þátttakenda og var einn ef þátttakandi hafði eingöngu lokið grunnskóla- eða gagnfræðaprófi, tveir ef lengsta nám í árum talið var próf af styttri námsbraut í framhaldsskóla, þrír ef það var próf í iðngrein, fjórir ef stúdentspróf, fimm ef BS-próf og sex ef MS-próf eða meira. Sex var því hæsta menntunarsstig sem þátttakandi gat fengið.

Mestur var þessi munur á milli innfæddra og innflytjenda í sérfræðilegri, vísindalegri og tæknilegri starfsemi (184%). Þar er menntunarstig innflytjenda hins vegar hvergi hærra. Næst mestur er þessi munur hjá hinu opinbera (64%). Í sjávarútvegi og byggingarstarfsemi var munurinn lítil og frekar innflytjendum í vil. Innflytjendur á landsbyggðinni voru duglegri að sækja sér endurmenntun en þeir sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu. Þar var munurinn mestur í byggingarstarfsemi og í sérfræðilegri, vísindalegri og tæknilegri starfsemi ásamt ferðaþjónustu. Munurinn var nánast engin hjá hinu opinbera, í sjávarútvegi og öðrum atvinnugreinum.




**Mynd 8.14: Símenntun og endurmenntun þeirra sem voru í vinnu 2020.**

Tölur íbúakönnunar landshlutanna 2020. Líkan reglulegra viðbragða. Próf milli innflytjenda og innfæddra; t-gildi -2,56 og 8.517 athuganir, þar af 774 innflytjendur. Á milli innflytjenda á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu; t-gildi -3,03 og 728 athuganir, þar af 353 af höfuðborgarsvæðinu.

Umfjöllunin gefur til kynna að innflytjendur á vinnumarkaði séu almennt með meiri menntun en Íslendingar en hafi ekki eins mikla starfsreynslu og starfsaldur og séu ekki eins duglegir að sækja sér endurmenntun.

### 8.1.6 ÁNÆGJA MEÐ STÖÐUNA Á VINNUMARKAÐI, TEKJUR OG HAMINGJA

Íbúakönnun landshlutanna er í rauninni tvískipt; íbúakönnun og vinnumarkaðskönnun. Mat á stöðu 40 mismunandi þátta, sem kallaðir hafa verið búsetuskilyrði, er þungamiðja íbúakönnunarinnar. Þar er hins vegar að finna mat á fjórum þáttum sem tengjast vinnumarkaðnum með beinum hætti eins og fjallað hefur verið um enda telst vinnumarkaður til búsetuskilyrða. Þetta eru laun, atvinnuöryggi, atvinnuúrval og möguleikar til eigin atvinnureksturs.




Mynd 8.15: Laun 2020.

Tölur íbúakönnunar landshlutanna 2020. Allir nema öryrkjar og lífeyrisþegar. Líkan reglulegra viðbragða. Próf milli innflytjenda og innfæddra; t-gildi 0,70 og 8.483 athuganir, þar af 806 innflytjendur. Á milli innflytjenda á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu; t-gildi 3,38 og 754 athuganir, þar af 369 af höfuðborgarsvæðinu.

Ánægja innflytjenda með laun var ekki marktækt frábrugðin ánægju innfæddra með laun sín (Mynd 8.15). Hins vegar voru innflytjendur á höfuðborgarsvæðinu marktækt ánægðari með laun sín en innflytjendur á landsbyggðinni.

Ánægja innflytjenda með laun var mest í sérfræðilegri, vísindalegri og tæknilegri starfsemi en minnst í sjávarútvegi. Engin munur var á ánægju innflytjenda og innfæddra með laun (Mynd 8.15). Þegar upplýsingarnar voru brotnar upp eftir atvinnugreinum kom í ljós að innflytjendur voru óánægðari með laun sín en innfæddir í sjávarútvegi og iðnaði en ánægðari í sérfræðilegri, vísindalegri og tæknilegri starfsemi. Í þeirri atvinnugrein voru innflytjendur á höfuðborgarsvæðinu ánægðari en á landsbyggðinni en í iðnaði er þessu öfugt farið. Meiri ánægja innfæddra í sjávarútvegi markast e.t.v. af því að fleiri innfæddir eru til sjós og innflytjendur frekar í landi en launin eru mun hærri til sjós. Þá er líklegt að sérfræðingar séu almennt betur launaðir á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni og það útskýri muninn á ánægju innflytjenda í sérfræðilegri, vísindalegri og tæknilegri starfsemi.




**Mynd 8.16: Atvinnuöryggi 2020.**

Tölur íbúakönnunar landshlutanna 2020. Allir nema öryrkjar og lífeyrisþegar. Líkan reglulegra viðbragða. Próf milli innflytjenda og innfæddra; t-gildi -6,30 og 8.628 athuganir, þar af 803 innflytjendur. Á milli innflytjenda á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu; t-gildi 0,11 og 750 athuganir, þar af 365 af höfuðborgarsvæðinu.

Innflytjendur sem störfuðu hjá hinu opinbera voru ánægðastir með atvinnuöryggi hérlandis en óánægðastir voru þeir sem störfuðu í ferðapjónustu og ýmsum öðrum atvinnugreinum (Mynd 8.16). Almennt séð upplifðu innflytjendur minna öryggi á vinnumarkaði en innfæddir og sá munur var vel marktækur. Mestur munurinn á innflytjendum og innfæddum gagnvart atvinnuöryggi var hjá þeim sem störfuðu í sjávarútvegi, iðnaði, sérfræðilegri, vísindalegri og tæknilegri starfsemi og ýmsum öðrum atvinnugreinum. Minnstur var munurinn hjá þeim sem störfuðu hjá hinu opinbera, byggingarstarfsemi og ferðapjónustu. Á því sést að þetta mikla óöryggi sem fólk í ferðapjónustu upplifði árið 2020 er mjög svipað eftir uppruna þess (innfæddir vs. innflytjendur).

Atvinnuöryggi innflytjenda á landsbyggðinni var ekki marktækt frábrugðið atvinnuöryggi innflytjenda á höfuðborgarsvæðinu þegar einfaldur tölfræðisamanburður var gerður (Mynd 8.16).

Munurinn var ekki mikill á afstöðu innfæddra og innflytjenda þegar kom að úrvali atvinnu. Hann var samt marktækur þar sem innfæddir voru ánægðari en innflytjendur með atvinnuúrval. Þessi niðurstaða er í samræmi við væntingar þar sem tungumálaörðugleikar geta útilokað fólk frá ákveðnum störfum eða dregið verulega úr möguleikum þess. Ekki var augljóst hvar munurinn var mestur eftir atvinnugreinum að þessu leyti þar sem hann greindist helst innfæddum í vil í öðrum atvinnugreinum og svolítið í sjávarútvegi og ferðapjónustu. Innflytjendur í byggingarstarfsemi töldu sig hafa meira atvinnuúrval en innfæddir.




**Mynd 8.17: Atvinnuúrval 2020.**

Tölur íbúakönnunar landshlutanna 2020. Allir nema öryrkjar og lífeyrisþegar. Líkan reglulegra viðbragða. Próf milli innflytjenda og innfæddra; t-gildi -1,86 (p-gildi 0,075) og 8.762 athuganir, þar af 816 innflytjendur. Á milli innflytjenda á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu; t-gildi 3,81 og 763 athuganir, þar af 371 af höfuðborgarsvæðinu.

Innflytjendur sem störfuðu í byggingarstarfsemi voru ánægðastir með úrval atvinnu en óánægðastir voru þeir sem störfuðu í ferðaþjónustu (Mynd 8.17).

Innflytjendur á höfuðborgarsvæðinu voru marktækt ánægðari en innflytjendur á landsbyggðinni með úrval atvinnu eins og búast mátti við (Mynd 8.17). Innflytjendur í sérfræðilegri, vísindalegri og tæknilegri starfsemi voru ánægðari með úrval atvinnu á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni, sem og þeir sem störfuðu hjá hinu opinbera. Það átti reyndar við allar atvinnugreinar nema sjávarútveg og ferðaþjónustu þar sem enginn eða hverfandi lítill munur var á ánægju með úrval atvinnu eftir því hvort menn bjuggu á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni.




**Mynd 8.18: Atvinnurekstur 2020.**

Tölur íbúakönnunar landshlutanna 2020. Allir nema öryrkjar og lífeyrisþegar. Líkan reglulegra viðbragða. Próf milli innflytjenda og innfæddra; t-gildi -8,47 og 8.175 athuganir, þar af 670 innflytjendur. Á milli innflytjenda á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu; t-gildi 1,82 og 634 athuganir, þar af 309 af höfuðborgarsvæðinu.

Almennt þótti innflytjendum möguleikarnir minni til að ráðast í eigin atvinnurekstur en innfæddum og sá munur var vel marktækur (Mynd 8.18). Ekki var mikill munur á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar hvað þetta snerti en munurinn var samt frekar höfuðborgarsvæðinu í vil þegar svörin voru ekki brotin upp á milli atvinnugreina. Þegar það var gert var munurinn helst á afstöðunni meðal þeirra sem störfuðu í iðnaði og sérfræðilegri, vísindalegri og tæknilegri starfsemi þar sem tækifærin þóttu meiri á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu. Kom það nokkuð á óvart.

Möguleikar til að ráðast í eigin atvinnurekstur virtust vera mestir hjá þeim sem störfuðu í sérfræðilegri, vísindalegri og tæknilegri starfsemi (Mynd 8.18). Það var afstaða innflytjenda í þeirri atvinnugrein líka þó svo innfæddir teldu sig hafa meiri möguleika. Næst mestu möguleikar innflytjenda voru hjá þeim sem störfuðu í byggingarstarfsemi. Sístir þóttu möguleikarnir vera meðal innflytjenda sem störfuðu í sjávarútvegi.




**Mynd 8.19: Hamingja 2020.**

Tölur íbúakönnunar landslutanna 2020. Líkan reglulegra viðbragða. Próf milli innflytjenda og innfæddra; t-gildi -15,55 og 7661 athuganir, þar af 754 innflytjendur. Á milli innflytjenda á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu; t-gildi 0,21 og 709 athuganir, þar af 346 af höfuðborgarsvæðinu.

Samkvæmt þessu einfalda meðaltali eru innfæddir hamingjusamari en innflytjendur á Íslandi (Mynd 8.19). Hamingja innflytjenda var mismunandi frá einni atvinnugrein til annarrar þegar skoðað var einfalt meðaltal. Minnst var hún hjá innflytjendum sem störfuðu í sjávarútvegi og ferðapjónustu en mest í byggingarstarfsemi og hjá hinu opinbera. Ekki er vitað hvort tengsl séu þarna á milli en áhugavert er að flokka þetta með þessum hætti þar sem staða innflytjenda á vinnumarkaði á krepputímum er til skoðunar í þessari rannsókn. Lítil munur var á hamingju innflytjenda sem starfa í byggingarstarfsemi og hjá hinu opinbera en meiri í ferðapjónustu og sjávarútvegi. Hverfandi lítill munur var á hamingju innfæddra eftir því í hvaða atvinnugrein þeir störfuðu. Ekki var munur á hamingju innflytjenda sem búa á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og landsbyggðinni hins vegar.





**Mynd 8.20: Tekjur 2020.**

Tölur Íbúakönnunar landshlutanna 2020. Allir nema öryrkjar og lífeyrisþegar Líkan reglulegra viðbragða. Próf milli innflytjenda og innfæddra; t-gildi -10,20 og 7124 athuganir, þar af 734 innflytjendur. Á milli innflytjenda á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu; t-gildi 1,18 og 689 athuganir, þar af 334 af höfuðborgarsvæðinu.

Innflytjendur voru með marktækt lægri tekjur en innfæddir þegar það var prófað á einfaldan hátt (Mynd 8.20). Hins vegar mældist ekki marktækur munur á tekjum innflytjenda á landsbyggðinni og innflytjenda á höfuðborgarsvæðinu.

Tekjur innflytjenda voru breytilegar eftir atvinnugreinum þegar skoðað var einfalt meðaltal (Mynd 8.20). Hæstar voru þær í sérfræðilegri starfsemi og iðnaði en lægstar í ferðapjónustu og sjávarútvegi. Innfæddir voru í öllum tilvikum með hærri tekjur og sérstaklega í sjávarútvegi en mögulegar ástæður fyrir því geta tengst því hvernig skipting innfæddra og innflytjenda er á milli fiskveiða og fiskiðnaðar eins og áður sagði. Að þessu leyti var hverfandi lítill landfræðilegur munur á tekjum innflytjenda nema kannski helst í iðnaði þar sem þær eru hærri á landsbyggðinni og byggingarstarfsemi þar sem þær voru hærri á höfuðborgarsvæðinu.

## 8.2 AÐHVARFSGREINING

---

Í þessum kafla er að finna greiningu á niðurstöðum 12 aðhvarfsgreiningarlíkana sem byggja öll á L.1, nema líkön 9 og 10. Niðurstöðurnar byggja mikið á túlkun á stuðlum, formerki þeirra og marktækni. Stuðlarnir mæla fylgni á milli viðkomandi skýribreytu og háðu breytunnar sem getur verið jákvæð eða neikvæð og með mismikilli marktækni. Í líkönum 1-8 og 11 og 12 er neikvæð fylgni á milli viðkomandi skýribreytu og þeirrar háðu ef stuðullinn er minni en 1, annars er fylgnin jákvæð. Stuðull upp á 1,02 bendir til að háða breytan hækki um 2% ef óháða breytan hækkar um eina einingu. Stuðull upp á 0,98 bendir hins vegar til þess að háða breytan lækki um 2% þegar óháða breytan hækkar um eina einingu. Nú er breytan sjávarútvegur leppbreyta (1 ef viðkomandi starfar í sjávarútvegi annars 0). Hún er marktæk upp á 1,68 gagnvart launum í líkani 1. Það þýðir að sá sem starfar í sjávarútvegi er 68% líklegri til að vera ánægðari með laun sín en fólk í öðrum atvinnugreinum.

Líkan 9 og 10 er hefðbundin aðhvarfsgreining og túlkunin er keimlík þeirri sem hér hefur verið lýst og byggir því á stuðlum, formerkjum og marktækni.

Greiningin hefst á umfjöllun og túlkun á niðurstöðum um ánægju með laun og síðan atvinnuöryggi, atvinnuúrval og atvinnurekstur. Að lokum er farið yfir niðurstöður fyrir tekjur og hamingju. Rifjum upp að munurinn á launum og tekjum felst í því að launin (launatekjur) lýsa ánægju þátttakenda með laun sín en í tekjum voru menn beðnir um að gefa þær upp krónum án tillits til þess hversu ánægðir menn væru.

Eins og greint var frá í kaflanum um aðferðir þá eru þættirnir ánægja með laun, atvinnuöryggi, atvinnuúrval, atvinnurekstur, tekjur og hamingja skoðaðir tvisvar sinnum. Fyrst gagnvart öllum þátttakendum könnunarinnar þar sem innflytjendur eru einkenndir með leppbreytu (sbr. líkan 1, 3, ..., 11). Það er gert til að draga fram muninn á innflytjendum og innfæddum hvað viðkomandi þátt varðar. Síðan eru þættirnir greindir út frá svörum innflytjenda eingöngu. Það er gert til að sjá hvort munur sé á stöðu innflytjenda eftir því hvar þeir starfa, búa, hvernig þeir standa félagslega og annað sem kann að einkenna þá innbyrðis (sbr. líkan 2, 4, ..., 12).

Innflytjendur voru ekki óánægðari með laun sín en innfæddir og það sést á líkani 1 en breytan fyrir þá var ekki stjórnumerkt eins og krafa var gerð um í marktækniprófi. Þeir eru hins vegar með marktækt lægri tekjur en innfæddir (Líkan 9). Það er afar athyglisvert en verður rætt betur í umræðukaflanum. Innflytjendur voru marktækt ánægðari með laun sín en aðrir innflytjendur ef þeir eru sérfræðingar eða stjórnendur, eða búa á Akureyri, og óánægðari ef þeir búa einir með börn eða eru með stutt verknám að baki (Líkan 2). Að öðru leyti höfðu engir aðrir þættir áhrif á ánægju innflytjenda með laun sín. Mun fleiri þættir höfðu áhrif á ánægju innfæddra með laun sín. Það sást þegar allt gagnsafnið var greint í einni keyrslu og gögn innflytjenda klofin frá með leppbreytu (sjá Innflytjendur, Líkan 1). Þá kom í ljós að óánægja innfæddra með laun jókst með aldri, ef þeir bjuggu einir með börnum sínum, með auknu starfshlutfalli, ef þeir voru með próf í iðngrein eða BS próf úr háskóla. Hins vegar jókst ánægja innlendra þátttakenda með laun sín ef þeir voru með meiri starfsreynslu og hærri tekjur, störfuðu í sjávarútvegi eða í byggingarstarfsemi, unnu sem stjórnendur og bjuggu á höfuðborgarsvæðinu.

Innflytjendur voru marktækt óánægðari með atvinnuöryggi sitt en innfæddir (Líkan 3). Þá virtist atvinnuöryggi innflytjenda dragast saman með menntun og þá sérstaklega þeirra sem voru með próf í iðngrein eða BS próf (Líkan 4). Þá mældist atvinnuöryggi innflytjenda sem starfa í ferðaþjónustu miklu minna en í öðrum atvinnugreinum (Líkan 4) sem eðlilegt má þykja miðað við ríkjandi aðstæður. Þá voru innflytjendur sem bjuggu einir öruggari með atvinnu sína en aðrir innflytjendur, þeir sem höfðu starfað hlutfallslega lengi hjá sama vinnuveitenda, sérfræðingar og þeir sem starfa við þjónustu og búa á Akureyri.

Tafla 8.2: Niðurstöður aðhvarfsgreiningar fyrir atvinnuöryggi og ánægju með laun 2020.

|                         | Laun                   |                       | Atvinnuöryggi          |                       |
|-------------------------|------------------------|-----------------------|------------------------|-----------------------|
| Skýribreytur o.fl.      | Allir Líkan 1          | Innflytjendur Líkan2  | Allir Líkan 3          | Innflytjendur Líkan 4 |
| <b>Bakgrunnsbreytur</b> |                        |                       |                        |                       |
| -Aldur                  | <b>0,99 (-3,18)**</b>  | 1,01 (0,97)           | <b>0,99 (-4,83)***</b> | 1,00 (0,06)           |
| -Býr ein (-n)           | 0,95 (-0,54)           | 1,13 (0,70)           | 0,93 (-0,71)           | <b>1,59 (2,28)**</b>  |
| -Býr ein (-n) með börn  | <b>0,72 (-3,87)***</b> | <b>0,36 (-2,72)**</b> | <b>0,82 (-1,72)*</b>   | 0,93 (-0,23)          |
| -Kyn                    | 1,07 (1,04)            | 0,83 (-0,96)          | 1,00 (0,03)            | 1,09 (0,35)           |
| -Starfshlutfall         | <b>0,79 (-1,94)*</b>   | 0,97 (-0,14)          | 0,98 (-0,12)           | 1,18 (0,35)           |
| -Starfsreynsla          | <b>1,01 (2,83)**</b>   | 1,00 (0,35)           | <b>1,01 (3,77)***</b>  | 1,02 (1,12)           |
| -Tekjur (þús kr.)       | <b>1,001 (9,25)***</b> | 1,00 (1,67)           | <b>1,001 (2,52)**</b>  | 1,00 (1,32)           |
| -Tryggur                | 1,00 (-0,01)           | 1,00 (0,17)           | 1,01 (0,98)            | <b>1,08 (4,27)***</b> |
| -Innflytjendur          | 0,73 (-0,85)           |                       | <b>0,46 (-2,73)**</b>  |                       |
| <b>Atvinnugrein</b>     |                        |                       |                        |                       |
| -Byggingarstarfsemi     | <b>1,28 (1,98)*</b>    | 1,03 (0,09)           | 1,10 (0,58)            | 1,19 (0,67)           |
| -Ferðaþjónusta          | 1,00 (0,02)            | 0,90 (-0,37)          | <b>0,42 (-4,92)***</b> | <b>0,45 (-2,15)**</b> |
| -Landbúnaður            | 0,87 (-0,71)           | 1,36 (0,74)           | 1,15 (0,82)            | <b>2,85 (2,03)*</b>   |
| -Sérfræði               | 1,24 (1,05)            | 1,60 (1,22)           | 0,97 (-0,18)           | 0,60 (-1,45)          |
| -Sjávarútvegur          | <b>1,68 (3,51)**</b>   | 0,81 (-0,62)          | 1,32 (1,61)            | 0,85 (-0,38)          |
| -Upplýsingatækni        | 1,01 (0,04)            | 1,45 (0,65)           | 0,76 (-1,26)           | 0,47 (-1,57)          |
| <b>Starfsgrein</b>      |                        |                       |                        |                       |
| -Iðnaðarmenn            | 1,21 (1,36)            | 0,95 (-0,10)          | <b>1,49 (2,72)**</b>   | 1,24 (0,40)           |
| -Sérfræðingar           | 1,05 (0,46)            | <b>2,64 (3,33)**</b>  | <b>1,21 (2,05)*</b>    | <b>2,63 (2,34)**</b>  |
| -Skrifstofufólk         | 0,90 (-0,89)           | 1,05 (0,14)           | 1,24 (1,18)            | 0,84 (-0,46)          |
| -Stjórnendur            | <b>1,33 (1,88)*</b>    | <b>3,43 (2,22)**</b>  | <b>1,43 (3,14)**</b>   | 2,00 (1,46)           |
| -Tæknar                 | 1,03 (0,13)            | 2,17 (1,41)           | 0,98 (-0,07)           | 0,62 (-0,91)          |
| -Verkaþólk              | 0,84 (-1,30)           | 1,33 (0,63)           | 1,10 (0,71)            | 1,05 (0,12)           |
| -Þjónusta               | 1,07 (0,61)            | 1,80 (1,19)           | <b>1,37 (2,37)**</b>   | <b>1,91 (1,94)*</b>   |
| <b>Staðsetning</b>      |                        |                       |                        |                       |
| -Akureyri               | 0,86 (-1,14)           | <b>1,95 (4,99)***</b> | <b>1,42 (2,04)*</b>    | <b>1,72 (2,39)**</b>  |
| -Dreifbýli              | 0,84 (-1,60)           | 1,09 (0,28)           | 1,00 (-0,02)           | 1,35 (0,91)           |
| -Höfuðborgarsvæðið      | <b>3,69 (8,99)***</b>  | 1,15 (0,74)           | <b>1,94 (3,55)**</b>   | 0,86 (-0,66)          |
| <b>Menntun</b>          |                        |                       |                        |                       |
| -Stutt starfsnám        | 0,91 (-1,32)           | <b>0,63 (-2,28)**</b> | 0,91 (-1,25)           | 0,92 (-0,50)          |
| -Próf í iðngrein        | <b>0,77 (-3,28)**</b>  | 0,89 (-0,41)          | 0,87 (-1,60)           | <b>0,64 (-1,85)*</b>  |
| -Stúdentspróf           | 0,99 (-0,12)           | 1,65 (1,19)           | 1,16 (1,32)            | 1,05 (0,26)           |
| -BS                     | <b>0,76 (-2,95)**</b>  | 0,90 (-0,23)          | 0,93 (-0,81)           | <b>0,67 (-1,92)*</b>  |
| -MS eða meira           | 0,84 (-1,22)           | 1,50 (0,79)           | 0,92 (-0,80)           | 0,67 (-1,38)          |
| Fjöldi athugana         | 4713                   | 436                   | 4735                   | 433                   |
| kí-kvaðratspróf         | 1,63                   | -0,52                 | 1,66                   | -0,89                 |

Stuðlarnir eru odds ratio og í sviga eru t-gildi. \* stenst 10% marktæktarkröfu, \*\* stenst 5% marktæktarkröfu, \*\*\* stenst 1% marktæktarkröfu. Leppbreytan fyrir innflytjendur er fasti í líkönunum fyrir innflytjendur (2 og 4) og var því felld út í þeim keyrslum.

**Tafla 8.3: Niðurstöður aðhvarfsgreiningar fyrir atvinnurekstur og atvinnuúrval 2020.**

|                                                                                                                                                                                                                                                                     | Atvinnuúrval            |                        | Atvinnurekstur         |                       |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------|------------------------|------------------------|-----------------------|
| Skýribreytur o.fl.                                                                                                                                                                                                                                                  | Allir Líkan 5           | Innflytjendur Líkan 6  | Allir Líkan 7          | Innflytjendur Líkan 8 |
| <b>Bakgrunnsbreytur</b>                                                                                                                                                                                                                                             |                         |                        |                        |                       |
| -Aldur                                                                                                                                                                                                                                                              | 1,00 (-1,20)            | 1,01 (1,10)            | 1,00 (0,04)            | 1,02 (1,60)           |
| -Býr ein (-n)                                                                                                                                                                                                                                                       | 1,13 (0,84)             | <b>1,57 (2,10)**</b>   | 0,94 (-0,67)           | 0,82 (-0,72)          |
| -Býr ein (-n) með börn                                                                                                                                                                                                                                              | 0,96 (-0,30)            | 0,45 (-1,17)           | <b>0,65 (-3,43)**</b>  | <b>0,34 (-2,27)**</b> |
| -Kyn                                                                                                                                                                                                                                                                | <b>0,78 (-3,59)**</b>   | 1,07 (0,41)            | 0,97 (-0,45)           | 1,09 (0,33)           |
| -Starfshlutfall                                                                                                                                                                                                                                                     | 1,05 (0,31)             | 1,49 (1,26)            | 0,90 (-0,88)           | <b>0,45 (-1,99)*</b>  |
| -Starfsreynsla                                                                                                                                                                                                                                                      | <b>1,01 (2,33)**</b>    | 1,00 (0,07)            | <b>1,01 (2,73)**</b>   | <b>1,03 (2,27)**</b>  |
| -Tekjur (þús kr.)                                                                                                                                                                                                                                                   | <b>1,001 (1,92)*</b>    | 1,00 (-0,81)           | <b>1,001 (3,52)**</b>  | <b>1,001 (2,15)**</b> |
| -Tryggur                                                                                                                                                                                                                                                            | 0,99 (-0,58)            | 0,98 (-0,93)           | 0,99 (-0,33)           | <b>1,08 (1,89)*</b>   |
| -Innflytjendur                                                                                                                                                                                                                                                      | <b>0,35 (-1,86)*</b>    |                        | <b>0,40 (-2,56)**</b>  |                       |
| <b>Atvinnugrein</b>                                                                                                                                                                                                                                                 |                         |                        |                        |                       |
| -Byggingarstarfsemi                                                                                                                                                                                                                                                 | 1,24 (1,48)             | <b>1,53 (1,87)*</b>    | <b>1,52 (3,17)**</b>   | 1,19 (0,68)           |
| -Ferðaþjónusta                                                                                                                                                                                                                                                      | <b>0,68 (-3,36)**</b>   | <b>0,52 (-4,02)***</b> | 1,02 (0,17)            | 0,88 (-0,46)          |
| -Landbúnaður                                                                                                                                                                                                                                                        | 1,24 (1,50)             | 1,58 (1,19)            | <b>1,74 (3,67)***</b>  | 2,03 (1,53)           |
| -Sérfræði                                                                                                                                                                                                                                                           | 1,06 (0,35)             | 0,88 (-0,42)           | <b>1,38 (1,74)*</b>    | 1,33 (0,84)           |
| -Sjávarútvegur                                                                                                                                                                                                                                                      | 1,00 (0,02)             | 1,14 (0,48)            | 0,86 (-1,27)           | 0,71 (-1,12)          |
| -Upplýsingatækni                                                                                                                                                                                                                                                    | <b>0,65 (-2,54)**</b>   | <b>0,47 (-1,74)*</b>   | 1,07 (0,41)            | 1,21 (0,56)           |
| <b>Starfsgrein</b>                                                                                                                                                                                                                                                  |                         |                        |                        |                       |
| -Iðnaðarmenn                                                                                                                                                                                                                                                        | <b>1,26 (1,72)*</b>     | <b>2,11 (1,75)*</b>    | <b>1,41 (3,03)**</b>   | 1,08 (0,15)           |
| -Sérfræðingar                                                                                                                                                                                                                                                       | <b>1,27 (2,16)**</b>    | <b>3,31 (3,36)**</b>   | <b>1,30 (2,60)**</b>   | 1,51 (0,86)           |
| -Skrifstofufólk                                                                                                                                                                                                                                                     | 1,18 (1,14)             | 0,98 (-0,07)           | <b>1,35 (3,11)**</b>   | 1,58 (1,05)           |
| -Stjórnendur                                                                                                                                                                                                                                                        | <b>1,38 (2,95)**</b>    | <b>2,77 (2,33)**</b>   | <b>1,57 (4,42)***</b>  | 1,76 (1,06)           |
| -Tæknar                                                                                                                                                                                                                                                             | 1,12 (0,56)             | 1,30 (0,35)            | 1,06 (0,24)            | 0,99 (-0,02)          |
| -Verkaþólk                                                                                                                                                                                                                                                          | 1,14 (1,22)             | 1,12 (0,30)            | 0,82 (-1,58)           | 1,04 (0,08)           |
| -Þjónusta                                                                                                                                                                                                                                                           | <b>1,32 (2,54)**</b>    | <b>2,60 (2,12)**</b>   | 1,17 (1,16)            | 2,18 (1,49)           |
| <b>Staðsetning</b>                                                                                                                                                                                                                                                  |                         |                        |                        |                       |
| -Akureyri                                                                                                                                                                                                                                                           | <b>3,40 (10,17)***</b>  | 1,13 (0,48)            | <b>1,36 (3,57)**</b>   | <b>2,89 (6,76)***</b> |
| -Dreifibýli                                                                                                                                                                                                                                                         | 1,06 (0,47)             | 0,98 (-0,10)           | <b>1,59 (4,06)***</b>  | 0,82 (-0,56)          |
| -Höfuðborgarsvæðið                                                                                                                                                                                                                                                  | <b>11,80 (17,15)***</b> | <b>1,93 (3,94)***</b>  | <b>3,88 (12,94)***</b> | 1,37 (1,70)           |
| <b>Menntun</b>                                                                                                                                                                                                                                                      |                         |                        |                        |                       |
| -Stutt starfsnám                                                                                                                                                                                                                                                    | 0,95 (-0,64)            | 0,77 (-1,27)           | 0,93 (-0,92)           | 0,77 (-1,31)          |
| -Próf í iðngrein                                                                                                                                                                                                                                                    | 0,98 (-0,20)            | 0,68 (-1,25)           | 1,16 (1,43)            | <b>1,79 (2,22)**</b>  |
| -Stúdentspróf                                                                                                                                                                                                                                                       | 1,18 (1,47)             | 1,03 (0,12)            | 1,15 (1,55)            | <b>2,33 (3,32)**</b>  |
| -BS                                                                                                                                                                                                                                                                 | <b>0,83 (-2,07)**</b>   | 0,59 (-1,68)           | 1,07 (0,92)            | 1,48 (1,07)           |
| -MS eða meira                                                                                                                                                                                                                                                       | <b>0,80 (-1,73)*</b>    | 0,66 (-1,09)           | 1,21 (1,53)            | 1,71 (1,47)           |
| Fjöldi athugana                                                                                                                                                                                                                                                     | 4767                    | 436                    | 4544                   | 366                   |
| kí-kvaðratspróf                                                                                                                                                                                                                                                     | 5,72                    | 0,39                   | 2,47                   | 0,18                  |
| Stuðlarnir eru odds ratio og í sviga eru t-gildi. * stenst 10% marktektarkröfu, ** stenst 5% marktektarkröfu, *** stenst 1% marktektarkröfu. Leppbreytan fyrir innflytjendur er fasti í líkönunum fyrir innflytjendur (6 og 8) og var því felld út í þeim keyrslum. |                         |                        |                        |                       |

Athygli vakti að innflytjendur sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu voru ekki marktækt öruggari með atvinnu sína eins og mældist hjá innfæddum en vel er mögulegt að stærri og dýpri vinnumarkaður færi mönnum meiri öryggiskennd en þeir sem grynna eru í dreifbýlinu. Það fer framhjá innflytjendum á Íslandi.

Þegar horft er til innfæddra þá virtist aldur draga úr atvinnuöryggi þeirra (Líkan 3). Þá fundu þeir sem búa einir með börnum og starfa í ferðaþjónustu fyrir minna atvinnuöryggi. Jákvæð fylgni var á milli atvinnuöryggis innfæddra og starfsreynslu, tekna, iðnaðar, starfa sem sérfræðingur, stjórnandi eða við þjónustu. Einnig ef þátttakandi bjó á Akureyri eða höfuðborgarsvæðinu.

Innflytjendur töldu úrval atvinnu minna hérlandis en innfæddir (Líkan 5). Það getur verið vegna samanburðar við það sem þeir höfðu áður en þeir fluttu til landsins og/eða vegna takmarkana sem Íslenskukunnátta kann að setja þeim. Innflytjendur sem störfuðu við ferðaþjónustu og upplýsingatækni höfðu minna úrval atvinnu en aðrir innflytjendur (Líkan 6). Þeir innflytjendur sem bjuggu einir töldu sig hins vegar hafa meira úrval atvinnu en aðrir innflytjendur. Einnig þeir sem voru iðnaðarmenn, sérfræðingar, stjórnendur, störfuðu við þjónustu og bjuggu á höfuðborgarsvæðinu.

Fylgni var marktæk á milli fleiri þátta og atvinnuúrvals innfæddra en í tilfelli innflytjenda (Líkan 5). Þeir þættir sem höfðu neikvæða fylgni hjá innfæddum voru kyn, ferðaþjónusta, upplýsingatækni og hvort þeir væru með prófgráðu frá háskóla. Þetta má túlka þannig að þeir sem starfi í ferðaþjónustu og upplýsingatækni hafi úr færri störfum að velja. Þá töldu karlar sig hafa minna úrval atvinnu en konur. Háskólafólk virtist hafa minni möguleika en þeir sem hafa annars konar menntun. Stundum er talað um að með meiri menntun sé fólk að sérhæfa sig og fækka möguleikum sínum.

Þeir þættir sem höfðu jákvæða fylgni gagnvart atvinnuúrvali innfæddra voru starfsreynsla, tekjur, að starfa sem iðnaðarmenn, sérfræðingar eða stjórnendur, við þjónustu, búseta á Akureyri og höfuðborgarsvæðinu. Túlkun þess er þá t.d. sú að starfsreynsla virðist opna mönnum fleiri möguleika á vinnumarkaði og þeir sem búa á stærri stöðum hafa betri tækifæri en þeir sem búa á smærri stöðum. Þá er athyglisvert að sjá sérfræðinga og stjórnendur koma jákvætt út úr þessu eftir að fólk með háskólapróf upplifði minni möguleika. Það háskólafólk sem telst til sérfræðinga og stjórnenda kemur a.m.k. vel út með aukið úrval atvinnu á meðan aðrir upplifa minna úrval.

Möguleikar innflytjenda til að ráðast í eigin atvinnurekstur voru rýrari en innfæddra (Líkan 7). Þeir innflytjendur sem hafa unnið í sjávarútvegi (Líkan 8) hafa almennt færri tækifæri til að ráðast í eigin atvinnurekstur en aðrir innflytjendur. Það þarf kannski ekki að koma á óvart m.v. umræðuna um nýliðun í sjávarútvegi enda örlar á sambærilegri fylgni gagnvart innfæddum og jafnvel þó báðar kannanirnar séu teknar<sup>9</sup>. Þá virðist það vinna gegn möguleikum innflytjenda til að hefja atvinnurekstur ef þeir eru einstætt foreldri og eru í háu starfsthlutfalli. Hins vegar eykur starfsreynsla möguleikana að þessu leyti, einnig það að hafa háar tekjur, vera tryggjendur, að búa á Akureyri, hafa próf í iðngrein eða stúdentspróf. Aftur kunna betri nettengingar til sveita og átak þar um að hafa sett þær í betri stöðu heldur en minnstu þéttbýlisstaðina a.m.k. að þessu leyti.

Tekjur innflytjenda voru lægri en innfæddra (Líkan 9). Þá mældust konur af erlendu bergi brotnar með lægri tekjur en karlar (Líkan 10). Þó er athyglisvert að sjá að munur á tekjum kynja mælist minni meðal innflytjenda en innfæddra (Líkan 9 og 10). Þá hafði starfsreynsla marktæk jákvæð áhrif á tekjur innflytjenda. Þess utan þá höfðu innflytjendur sem starfa sem sérfræðingar eða tæknar hærri tekjur en aðrir innflytjendur (Líkan 10).

---

<sup>9</sup> Slík tölfræðipróf voru framkvæmd en ekki sýnd í skýrslunni.

Tafla 8.4: Niðurstöður aðhvarfsgreiningar fyrir hamingju og tekjur 2020.

| Skýribreytur o.fl.                                                                                                                                                                                                                                                    | Tekjur                   |                          | Hamingja               |                        |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------|--------------------------|------------------------|------------------------|
|                                                                                                                                                                                                                                                                       | Allir Líkan 9            | Innflytjendur Líkan 10   | Allir Líkan 11         | Innflytjendur Líkan 12 |
| <b>Bakgrunnsbreytur</b>                                                                                                                                                                                                                                               |                          |                          |                        |                        |
| -Aldur                                                                                                                                                                                                                                                                | <b>0,00 (7,04)***</b>    | 0,00 (-0,70)             | <b>1,02 (6,19)***</b>  | 1,01 (1,25)            |
| -Býr ein (-n)                                                                                                                                                                                                                                                         | <b>-0,08 (-4,18)***</b>  | <b>-0,15 (-2,73)**</b>   | <b>0,37 (-8,91)***</b> | <b>0,73 (-1,90)*</b>   |
| -Býr ein (-n) með börn                                                                                                                                                                                                                                                | 0,00 (-0,09)             | 0,11 (1,23)              | <b>0,44 (-6,00)***</b> | 0,66 (-0,48)           |
| -Kyn                                                                                                                                                                                                                                                                  | <b>0,18 (13,29)***</b>   | <b>0,15 (3,55)***</b>    | <b>0,76 (-4,39)***</b> | <b>0,73 (-2,32)**</b>  |
| -Starfshlutfall                                                                                                                                                                                                                                                       |                          |                          | 0,98 (-0,15)           | 0,55 (-1,42)           |
| -Starfsreynsla                                                                                                                                                                                                                                                        | <b>0,00 (2,53)**</b>     | <b>0,01 (2,13)**</b>     | 1,00 (0,99)            | 1,01 (0,72)            |
| -Tekjur                                                                                                                                                                                                                                                               |                          |                          | <b>1,00 (7,33)***</b>  | <b>1,00 (5,81)***</b>  |
| -Tryggur                                                                                                                                                                                                                                                              | <b>0,00 (1,89)*</b>      | 0,00 (0,11)              | 0,99 (-0,49)           | <b>0,94 (-5,12)***</b> |
| -Innflytjendur                                                                                                                                                                                                                                                        | <b>-0,22 (-9,44)***</b>  |                          | <b>0,48 (-5,80)***</b> |                        |
| <b>Atvinnugrein</b>                                                                                                                                                                                                                                                   |                          |                          |                        |                        |
| -Byggingarstarfsemi                                                                                                                                                                                                                                                   | <b>-0,07 (-2,36)**</b>   | -0,10 (-1,28)            | 1,03 (0,17)            | 1,26 (0,87)            |
| -Ferðaþjónusta                                                                                                                                                                                                                                                        | 0,01 (0,39)              | -0,08 (-1,48)            | <b>0,78 (-2,10)**</b>  | 0,62 (-1,17)           |
| -Landbúnaður                                                                                                                                                                                                                                                          | <b>-0,33 (-10,12)***</b> | -0,15 (-1,23)            | 1,00 (-0,02)           | 1,17 (0,31)            |
| -Sérfræði                                                                                                                                                                                                                                                             | 0,04 (1,49)              | 0,00 (0,02)              | 0,87 (-1,27)           | <b>0,68 (-1,94)*</b>   |
| -Sjávarútvegur                                                                                                                                                                                                                                                        | <b>0,28 (12,04)***</b>   | <b>-0,24 (-3,17)**</b>   | <b>0,71 (-3,81)***</b> | <b>0,44 (-2,48)**</b>  |
| -Upplýsingatækni                                                                                                                                                                                                                                                      | <b>0,09 (2,10)**</b>     | 0,12 (0,99)              | 0,88 (-0,72)           | 0,79 (-0,79)           |
| <b>Starfsgrein</b>                                                                                                                                                                                                                                                    |                          |                          |                        |                        |
| -Iðnaðarmenn                                                                                                                                                                                                                                                          | <b>-0,07 (-2,45)**</b>   | <b>-0,22 (-2,07)**</b>   | 1,06 (0,57)            | 1,63 (1,01)            |
| -Sérfræðingar                                                                                                                                                                                                                                                         | <b>0,07 (3,02)**</b>     | <b>0,14 (1,80)*</b>      | 1,18 (1,30)            | <b>2,40 (3,27)**</b>   |
| -Skrifstofufólk                                                                                                                                                                                                                                                       | 0,01 (0,21)              | 0,11 (1,09)              | 1,13 (1,42)            | 1,21 (0,40)            |
| -Stjórnendur                                                                                                                                                                                                                                                          | <b>0,14 (6,14)***</b>    | 0,14 (1,34)              | <b>1,34 (2,19)**</b>   | 2,67 (1,32)            |
| -Tæknar                                                                                                                                                                                                                                                               | <b>0,11 (2,42)**</b>     | <b>0,25 (2,34)**</b>     | 0,74 (-1,23)           | 1,10 (0,15)            |
| -Verkaþólk                                                                                                                                                                                                                                                            | <b>-0,14 (-5,64)***</b>  | -0,12 (-1,62)            | <b>0,80 (-1,73)*</b>   | 1,04 (0,10)            |
| -Þjónusta                                                                                                                                                                                                                                                             | <b>-0,11 (-4,35)***</b>  | <b>-0,14 (-1,84)*</b>    | 1,09 (0,85)            | <b>2,14 (1,87)*</b>    |
| <b>Staðsetning</b>                                                                                                                                                                                                                                                    |                          |                          |                        |                        |
| -Akureyri                                                                                                                                                                                                                                                             | 0,01 (0,28)              | <b>-0,20 (-1,70)*</b>    | <b>0,93 (-1,73)*</b>   | <b>2,08 (3,17)**</b>   |
| -Dreifbýli                                                                                                                                                                                                                                                            | <b>-0,08 (-4,35)***</b>  | -0,08 (-1,33)            | 0,98 (-0,20)           | 1,21 (0,60)            |
| -Höfuðborgarsvæðið                                                                                                                                                                                                                                                    | 0,03 (1,24)              | <b>-0,09 (-1,99)**</b>   | <b>0,84 (-2,32)**</b>  | 0,83 (-1,15)           |
| <b>Menntun</b>                                                                                                                                                                                                                                                        |                          |                          |                        |                        |
| -Stutt starfsnám                                                                                                                                                                                                                                                      | 0,02 (0,97)              | -0,05 (-0,91)            | <b>0,84 (-2,04)*</b>   | 0,76 (-0,92)           |
| -Próf í iðngrein                                                                                                                                                                                                                                                      | <b>0,05 (2,77)**</b>     | -0,05 (-0,81)            | 1,00 (0,01)            | 1,32 (0,73)            |
| -Stúdentspróf                                                                                                                                                                                                                                                         | <b>0,06 (3,10)**</b>     | -0,08 (-1,39)            | 0,87 (-1,60)           | 1,03 (0,14)            |
| -BS                                                                                                                                                                                                                                                                   | <b>0,13 (7,28)***</b>    | -0,07 (-1,10)            | <b>0,81 (-2,53)**</b>  | <b>0,58 (-2,47)**</b>  |
| -MS eða meira                                                                                                                                                                                                                                                         | <b>0,25 (11,76)***</b>   | -0,01 (-0,08)            | <b>0,82 (-1,98)*</b>   | 1,10 (0,31)            |
| -Fasti                                                                                                                                                                                                                                                                | <b>13,62 (408,99)***</b> | <b>13,90 (110,90)***</b> |                        |                        |
| Fjöldi athugana                                                                                                                                                                                                                                                       | 4813                     | 444                      | 4482                   | 432                    |
| Breuch-Pagan/Linktest                                                                                                                                                                                                                                                 | 0,20                     | 16,39                    | -0,90                  | 1,12                   |
| Stuðlarnir eru odds ratio og í sviga eru t-gildi. * stenst 10% marktektarkröfu, ** stenst 5% marktektarkröfu, *** stenst 1% marktektarkröfu. Leppbreytan fyrir innflytjendur er fasti í líkönunum fyrir innflytjendur (10 og 12) og var því felld út í þeim keyrslum. |                          |                          |                        |                        |

Innflytjendur sem starfa við sjávarútveg voru hins vegar með almennt lægri tekjur en aðrir innflytjendur. Þessu er öfugt farið meðal innfæddra (Líkan 9). Það kann að vera vegna þess að hlutfallslega eru fleiri innfæddir til sjós en innflytjendur og þar eru launin hærri en hjá landverkafólki eins og áður hefur verið bent á. Þá voru innflytjendur sem bjuggu einir almennt með lægri tekjur sem og þeir sem voru iðnaðarmenn, störfuðu við þjónustu, bjuggu á Akureyri og á höfuðborgarsvæðinu.

Innflytjendur á Íslandi voru óhamingjusamari en innfæddir (Líkan 11). Það er í samræmi við niðurstöður þegar öðrum aðferðum var beitt í þessari skýrslu eins og t.d. hrein meðaltöl. Innflytjendur sem starfa við sérfræðilega starfsemi og í sjávarútvegi voru óhamingjusamari en aðrir innflytjendur (Líkan 12). Á þennan hátt voru innflytjendur sem starfa í sjávarútvegi mikið óhamingjusamari en innfæddir (Líkön 11 og 12). Þá var jákvæð fylgni á milli hamingju innflytjenda og þess hvort þeir störfuðu sem sérfræðingar eða við þjónustu (Líkan 12). Einnig ef þeir bjuggu á Akureyri. Þá kom á óvart neikvæð fylgni á milli hamingju innflytjenda og þess að vera tryggur vinnuveitendum sínum. Erfitt er að útskýra það nema að þeir telji sig bundna þeim á einhvern hátt. Erfitt er að halda því fram því sumt bendir til að innflytjendur séu vel hreyfanlegir eins og áður hefur verið lýst. Þá eru innflytjendur sem búa einir almennt óhamingjusamari en aðrir innflytjendur. Karlkyns innflytjendur eru óhamingjusamari en kvenkyns og eins þeir sem eru með BS-gráðu frá háskóla.

Forsendur fyrir besta mati þessara líkana (Líkan 1 til 12) eru góðar þar sem engin marglínuleiki (e. multicollinearity) mældist. Þá bendir próf sem kallað er kí-kvaðratspróf á sennileikahlutfalli<sup>10</sup> (e. Likelihood ratið (LR) Chi-Square test) til að líkanið í heild sinni hafi marktæk áhrif á háðu breyturnar. Það gerir leiðrétt  $R^2$  líka. Engin misdreifni var í línulegu aðhvarfsgreiningarlíkönunum samkvæmt Breusch-Pagan stuðlinum sem voru lægri en krítíska gildi prófsins (Líkön 9 og 10)<sup>11</sup>. Hins vegar hefði fjöldi athugana (fjöldi þátttakenda) mátt vera meiri. Rúmlega 900 virk svör voru frá innflytjendum í þessari könnun en í aðhvarfsgreiningunum nýttust eingöngu rúmlega 400 svör. Það kemur til af því að of margir þátttakendur sleppa því að svara ýmsum spurningum könnunarinnar. Einungis þátttakendur sem svara öllum spurningum sem eru á bakvið allar skýribreytur líkananna nýstast í aðhvarfsgreiningarnar.

### 8.3 FREKARI SAMANBURÐUR, GREINING OG VANGAVELTUR

Formerki niðurstaðna marktæku stuðla greiningarinnar fyrir innflytjendur voru dregin saman í eina töflu (Tafla 8.5). Neikvæð formerki voru skyggð með rauðu en þau jákvæðu með bláu. Þá kom í ljós að innflytjendur sem eru einstæð foreldri standa illa í tveimur líkönum af sex. Þá virðast innflytjendur í ferðaþjónustu og sjávarútvegi bera sig lítið eitt verr en þeir sem starfa í öðrum atvinnugreinum. Nokkuð kemur á óvart að innflytjendur í byggingarstarfsemi eru ekki þar á meðal m.v. umræðuna í fjölmiðlum og að sjávarútvegurinn skuli koma út eins og hann gerir. Ferðaþjónustan kemur ekki á óvart miðað við aðstæður í Covid-kreppunni.

Innflytjendur sem eru sérfræðingar og jafnvel stjórnendur komu sérstaklega vel út úr þessari greiningu þar sem þeir eru yfirleitt ánægðari með flesta þætti sem mældir voru en innflytjendur almennt á Íslandi (Tafla 8.5). Einnig þeir sem vinna við ýmsa þjónustu aðra en ferðaþjónustu. Þá eru innflytjendur á Akureyri almennt betur settir en annars staðar.

<sup>10</sup> Hér er um p-gildi ( $\text{Prob} > \chi^2$ ) að ræða sem þarf að vera lægra en 0,05 til þess að sýna fram á að líkanið í heild sinni hafi einhver áhrif (nánar tiltekið: hafna tilgátunni um að líkanið í heild sinni hafi engin áhrif á breytileikann í háðu breytu líkansins).

<sup>11</sup> Krítíska gildið fyrir líkan 10 var 14,1 við 5% marktektarkröfu (eða 12 við 10%) og 26 (eða 28,9) í líkani 9.

Tafla 8.5: Niðurstöður aðhvarfsgreininga 2020 teknar saman fyrir innflytjendur.

| Skýribreytur o.fl.      | Laun | Atvinnu-<br>öryggi | Atvinnu-<br>úrval | Atvinnu-<br>rekstur | Tekjur | Hamingja |
|-------------------------|------|--------------------|-------------------|---------------------|--------|----------|
| <b>Bakgrunnsbreytur</b> |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Aldur                  |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Býr ein (-n)           |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Býr ein (-n) með börn  |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Kyn                    |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Starfshlutfall         |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Starfsreynsla          |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Tekjur                 |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Tryggur                |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Innflytjendur          |      |                    |                   |                     |        |          |
| <b>Atvinnugrein</b>     |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Byggingarstarfsemi     |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Ferðaþjónusta          |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Landbúnaður            |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Sérfræði               |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Sjávarútvegur          |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Upplýsingatækni        |      |                    |                   |                     |        |          |
| <b>Starfsgrein</b>      |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Iðnaðarmenn            |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Sérfræðingar           |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Skrifstofufólk         |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Stjórnendur            |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Tæknar                 |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Verka fólk             |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Þjónusta               |      |                    |                   |                     |        |          |
| <b>Staðsetning</b>      |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Akureyri               |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Höfuðborgarsvæðið      |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Dreifbýli              |      |                    |                   |                     |        |          |
| <b>Menntun</b>          |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Starfsnám              |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Iðnpróf                |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Stúdentspróf           |      |                    |                   |                     |        |          |
| -BS-próf                |      |                    |                   |                     |        |          |
| -MS-próf                |      |                    |                   |                     |        |          |



Tafla 8.6: Niðurstöður aðhvarfsgreininga 2020 teknar saman fyrir innfædda.

| Skýribreytur o.fl.      | Laun | Atvinnu-<br>öryggi | Atvinnu-<br>úrval | Atvinnu-<br>rekstur | Tekjur | Hamingja |
|-------------------------|------|--------------------|-------------------|---------------------|--------|----------|
| <b>Bakgrunnsbreytur</b> |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Aldur                  |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Býr ein (-n)           |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Býr ein (-n) með börn  |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Kyn                    |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Starfshlutfall         |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Starfsreynsla          |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Tekjur                 |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Tryggur                |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Innflytjendur          |      |                    |                   |                     |        |          |
| <b>Atvinnugrein</b>     |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Byggingarstarfsemi     |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Ferðaþjónusta          |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Landbúnaður            |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Sérfræði               |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Sjávarútvegur          |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Upplýsingatækni        |      |                    |                   |                     |        |          |
| <b>Starfsgrein</b>      |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Iðnaðarmenn            |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Sérfræðingar           |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Skrifstofufólk         |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Stjórnendur            |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Tæknar                 |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Verka fólk             |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Þjónusta               |      |                    |                   |                     |        |          |
| <b>Staðsetning</b>      |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Akureyri               |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Höfuðborgarsvæðið      |      |                    |                   |                     |        |          |
| - Dreifbýli             |      |                    |                   |                     |        |          |
| <b>Menntun</b>          |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Starfsnám              |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Iðnpróf                |      |                    |                   |                     |        |          |
| -Stúdentspróf           |      |                    |                   |                     |        |          |
| -BS-próf                |      |                    |                   |                     |        |          |
| -MS-próf                |      |                    |                   |                     |        |          |

Athygli vekur að innfæddir í ferðaþjónustu koma verr út en innflytjendur í þessum einfalda samanburði (Tafla 8.5 og Tafla 8.6). Ef tölugildin eru skoðuð sést að sú skoðun heldur fyrir atvinnuöryggi en innflytjendur í ferðaþjónustu eru verr settir hvað varðar atvinnuúrval (Tafla 8.2 til Tafla 8.4). Innfæddir í sjávarútvegi eru hins vegar mun betur settir en innflytjendur og kann það að stafa af fyrrgreindum muni

milli þeirra m.t.t. þess hvort þeir vinna í landi eða á sjó. Báðir hópar eru samt marktækt óhamingjusamari ef þeir starfa í sjávarútvegi og eru innflytjendur í sjávarútvegi mun óhamingjusamari en innfæddir í sjávarútvegi (Tafla 8.4).

Athygli vekur að þeir innflytjendur sem eru meira menntaðir (faglærðir) upplifa meira óöryggi á vinnumarkaði en þeir sem eru minna menntaðir (ófaglærðir). Það á þó eingöngu við um þá sem eru með iðnmenntun og BS-háskólapróf (Tafla 8.5). Þetta ber þó að lesa saman við aðrar niðurstöður eins og það að sérfræðingar telja sig öruggari. Því má kannski ætla að þeir sem hafa meiri menntun en starfa ekki á neinu sérsviði (sérfræðingar) og eru með hærri laun búi við meiri óvissu á vinnumarkaði en þeir sem eru minna menntaðir. Það rímar við það að eingöngu háskólaþólk með BS próf en ekki MS próf búi við óöryggi. Óöryggi þeirra sem eru með iðnpróf er þó erfiðara að útskýra og visst áhyggjuefni.

Innflytjendur voru óánægðari en innfæddir með alla þætti sem tengjast vinnumarkaði nema launin (Tafla 8.6). Þar var munurinn mestur er varðar atvinnuúrval (Tafla 8.3, líkan 5) en ekki munar miklu á þessum þremur þáttum. Marktæknin var hins vegar mikil í öllum tilfellum.

Eins og áður sagði voru innflytjendur ekkert óánægðari með launin sín en þeir innfæddu jafnvel þó óútskýrður munur á tekjum kæmi fram þeim í óhag þegar þeir voru spurðir og beðnir um að gefa upp tekjur sínar. Mismunur á þessu tvennu gæti verið vegna þess að innflytjendur hafi verið að bera saman kjör sín hérlandis við þau sem þeir höfðu erlendis en laun hérlandis eru há í alþjóðlegum samanburði. Launaleynd hérlandis og kannski tungumálið gæti síðan komið í veg fyrir að þeir nái að bera sig saman við innfædda samstarfsmenn sína. Það að innflytjendur skuli vera jafn ánægðir og innfæddir með laun sín þegar þau mælast lægri er óheppilegt og gæti gefið til kynna að munur á tekjum innflytjenda og innfæddra verði þrálátur því margt bendir til að sá sem þrýstir ekki á launin sín sitji eftir. Því til stuðnings eru til gamlar kenningar (A. Smith, 1776, bls. 80) og nýrri greiningarvinna (Block, Millán, Román, & Zhou, 2014; Duncan & Holmlund, 1983; R. S. Smith, 1979) um að sá sem er almennt ánægður í vinnu sinni sé líklegri til að hafa lægri laun en sá sem er óánægður að öllu öðru óbreyttu. Því má segja að ef tveir aðilar eru jafn ánægðir með misjafnlega há laun sé ekki von á að sá munur breytist.

Innflytjendur í sérfræðilegri og vísindalegri starfsemi og sjávarútvegi mældust marktækt óhamingjusamari en þeir sem voru í öðrum atvinnugreinum. Þeir voru samt ekki óánægðir með launin en innflytjendur í sjávarútvegi mældust með marktækt lægri tekjur (Tafla 8.4) jafnvel þó þeir séu ekki óánægðir þar með launin (Tafla 8.2). Athygli vekur að menntunarstig innflytjenda var hvergi lægra en í sjávarútvegi (Mynd 8.13). Starfsreynsla (Mynd 8.11) og starfsaldur (Mynd 8.12) voru hins vegar hvergi meiri. Starfsmenn í sjávarútvegi voru þó einna duglegastir að sækja sér endurmenntun (Mynd 8.14). Þeir voru óánægðastir með launin (Mynd 8.15) þó það mældist ekki marktækt<sup>12</sup>. Þá var atvinnuöryggi í meðallagi í sjávarútvegi (Mynd 8.16) en atvinnuúrval einna minnst (Mynd 8.17) og möguleikar til að ráðast í atvinnurekstur (Mynd 8.18). Óhamingja innflytjenda í sjávarútvegi virtist því ekki stafa af launum en kann að vera tengd öðrum þáttum starfsins því að þeir töldu sig ekki geta sótt í önnur störf m.v. svör þeirra um úrval atvinnu. Hugsanlegt er að það sé skýringin á því að starfsreynsla og starfsaldur voru svona há í ofangreindum samanburði. Í annarri mælingu sem ekki hefur verið lýst hér en gerð var sérstaklega til frekari glöggvunar, kemur fram að innflytjendur sem starfa í sjávarútvegi voru marktækt óánægðari með búsetu sína í samanburði við þá sem starfa í öðrum greinum. Þeir mældust líka líklegri en aðrir hópar til að flytja en á

<sup>12</sup> Ástæða þess er trúlega að óánægjan sem endurspeglast í meðaltalinu (Mynd 8.15) útskýrist af öðrum þáttum en í hvaða starfsgrein menn eru eins og t.d. menntun og kannski frekar starfsgreinum í stað atvinnugreina (Líkan 2, Tafla 8.2).

móti hafa færri búið lengur í því sveitarfélagi sem þeir búa. Þetta gæti bent til að þess þeir séu í aðstæðum sem þeir gætu kosið að koma sér úr. Eitthvað virðist hindra þá.

Í ferðaþjónustu skáru innflytjendur sig úr með óvenju miklum áhyggjum af atvinnuöryggi og litlu atvinnuúrvali (Tafla 8.5). Þetta er frekar skiljanlegt miðað við stöðuna í Covid-faraldrinum sem hefur haft slæm áhrif á þá atvinnugrein en gögnin eru frá árinu 2020. Covid hefur hins vegar afar lítil neikvæð áhrif á sjávarútveg. Jákvæð eru áhrif Covid á sjávarútveg í gegnum gengi íslensku krónunnar en neikvæð í gegnum lakari afkomu matsölustaða víða um heim. Í venjulegu árferði ætti því staða innflytjenda í ferðaþjónustu að vera mjög góð. Galli ferðaþjónustunnar virðist helst vera lítil starfsreynsla og lágur starfsaldur (Mynd 8.11 og Mynd 8.12). Það er að vísu ekki endilega galli fyrir starfsfólkið en vissulega fyrir atvinnugreinina. Þessi atvinnugrein gefur reynslulitlu starfsfólki tækifæri en það virðist ekki ílengjast í starfi. Það gæti verið vísbending um það að starfsfólkið þrífist ekki í atvinnugreininni eða að fólk noti störf þar sem stökkpall í einhver önnur störf. Þá er líka þekkt að ungt fólk í ævintýraleit tekur sér hlé frá námi og fer utan til vinnu í þeirri viðleitni sinni að breyta til og skoða heiminn. Þá verður ferðaþjónusta oft fyrir valinu sem starfsvettvangur.

Aðrar atvinnugreinar skera sig ekki marktækt frá. Við sjáum hins vegar að í byggingariðnaði og sjávarútvegi eru innfæddir marktækt ánægðari með laun sín en fólk í öðrum atvinnugreinum (Tafla 8.2, líkan 1). Sá munur kemur ekki fram varðandi innflytjendur. Það gæti gefið til kynna að munur sé á kjörum innfæddra og innflytjenda – eins og reyndar ein greiningin bendir til (Tafla 8.4, líkan 9). Möguleg skýring hefur verið tíunduð á þessum muni í sjávarútvegi en enga sennilega skýringu er að finna varðandi byggingariðnað. Áhugaverður munur kom fram á starfsreynslu og starfsaldri hjá innflytjendum í byggingariðnaði. Þeir virðast hafa mjög mikla starfsreynslu (Mynd 8.11) en lágan starfsaldur (Mynd 8.12) sem bendir til þess að þeir fari ört á milli vinnuveitenda. Þetta er mun meira áberandi á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni (Tafla 8.1). Það kann að tengjast miklu meiri umsvifum byggingariðnaðarins á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Þá er stór munur hvað þetta varðar á milli innflytjenda og innfæddra. Það kann að útskýra mismun á tekjum að einhverju leyti en samt var leiðrétt fyrir þær breytur og hafði starfsaldur í gegnum breytuna „tryggur“ áhrif á tekjur innfæddra en ekki innflytjenda (Tafla 8.4, líkan 9 og 10). Það kann að vera vegna þess að þeim er ekki umbunað fyrir starfsaldur eða að starfsaldur sé ekki nógu langur hjá innflytjendum í samanburði við innfædda og að ef starfsaldur er ekki nógu langur hjá innflytjendum hafi gögnin ekki numið áhrifin. Vert er að fylgjast með þessu og ýmsu öðru sem innflytjendur fá ekki umbun fyrir eins og innfæddir (eða til jafns við innfædda). Þar má nefna lífaldur, menntun og hlut í velgengni ýmissa atvinnugreina og starfsgreina (Tafla 8.4, líkan 9 og 10).

Það á líka við um ánægju með launin þó svo þar mælist munurinn á milli innfæddra og innflytjenda ekki marktækur (Tafla 8.2, líkan 1 og 2). Nánari rýni leiðir í ljós að óánægja innflytjenda með laun sín eykst ekki með starfshlutfalli eins og í tilfelli innfæddra. Það gæti bent til þess að innflytjendur séu ósérhlífari eða slitviljugri en innfæddir eða að markmið þeirra með dvöl sinni hér sé að þéna sem mest. Þá eru innflytjendur ánægðari með laun sín en innfæddir ef þeir eru stjórnendur og sérfræðingar. Þessi ánægjumunur getur falist í samanburði við kjör þeirra í fjöðurlandinu eins og áður hefur verið fjallað um. Hins vegar virðast þeir ekki njóta kerfisbundinnar velgengni í sumum atvinnugreinum eins og sjávarútvegi og byggingarstarfsemi á sama hátt innfæddir njóta. Þeir njóta ekki heldur velgengni hvað varðar starfsreynslu eða þess að starfa á höfuðborgarsvæðinu sem er öflugasti vinnumarkaður landsins, þó frekar á Akureyri þeim næst stærsta sem innfæddir njóta hins vegar alls ekki. Þeir innflytjendur sem búa einir með börn eru mun óánægðari með laun sín en innfæddir í sömu stöðu. Það er því á ýmsan hátt óheppilegur munur á innflytjendum og innfæddum þegar horft er til þess hversu ánægðir þeir eru með laun sín þó svo ánægjan mælist ekki marktæk á milli hópanna heilt yfir.

Árið 2020 var atvinnuöryggi innflytjenda verra en innfæddra (Tafla 8.2, líkan 3) og hafði versnað frá 2016/2017<sup>13</sup>. Almennt sjást aðstæður og kjör innflytjenda (atvinnuúrval, möguleikar til eigin atvinnurekstrar og tekjur) versna í samanburði við innfædda þegar niðurstöður fyrir árið 2020 eru bornar saman við allt safnið (2020 og 2016/2017). Það er líka í samræmi við ýmsar rannsóknir (sjá kafla 5) en er hins vegar erfitt að fullyrða hvort þetta sé raunveruleg þróun eða það að um tvo ólíka hópa innflytjenda sé að ræða en reynt var að leiðrétta fyrir þá með ýmsum breytum eins og sjá má. Árið 2020 hafði starfsreynsla tilhneigingu til að auka atvinnuöryggi innfæddra en ekki innflytjenda (Tafla 8.2, líkan 3 og 4). Eins var atvinnuöryggi meira (nærri því marktækt) meðal innfæddra í sjávarútvegi en ekki meðal innflytjenda. Sama gildi um innfædda ef þeir voru iðnaðarmenn og ef þeir bjuggu á höfuðborgarsvæðinu, höfðu meiri starfsreynslu og hærri tekjur en slíkt jók ekki atvinnuöryggi innflytjenda. Einnig virtist menntunarstig draga úr atvinnuöryggi innflytjenda en ekki innfæddra. Þá upplifðu innflytjendur í landbúnaði meira atvinnuöryggi en í öðrum atvinnugreinum. Enga slíka fylgni var að finna hjá innfæddum. Einnig upplifðu innflytjendur í þjónustugreinum meira atvinnuöryggi en í flestum öðrum starfsgreinum, ef þeir voru sérfræðingar og ef þeir bjuggu á Akureyri. Það gerðu innfæddir líka en mun vægari. Fylgnin sem mældist marktæk er varðar þá sem búa einir eða einir með börnum er á vissan hátt sitt hvor hliðin á sömu myntinni. Innflytjendur sem bjuggu einir án barna höfðu meira atvinnuöryggi en þeir sem voru með börn en innfæddir sem bjuggu einir með börn upplifðu minna atvinnuöryggi en innfæddir með börn (Tafla 8.2, líkan 3 og 4). Því má segja að það vinni gegn fólki að búa eitt með börnum sínum upp á atvinnuöryggið, hvort sem það eru innfæddir eða innflytjendur. Það er auðvitað sorglegt að fólk í þeirri stöðu þurfi að upplifa slíkt af því það hefur mögulega minni stuðning vinnuveitenda ef eitthvað kemur upp á með börnin eins og t.d. veikindi. Hins vegar kann þessi upplifun að vera huglæg þannig að fólk með börn sé uppteknara af atvinnuöryggi sínu en barnlausir vegna fjárhagslegrar og jafnvel félagslegrar velferðar barna sinna og fjölskyldunnar. Það vill engin þurfa að neita börnum sínum um ýmislegt eins og t.d. uppbyggilega tómstundaiðkun og þess vegna kysi það fólk að hafa meira atvinnuöryggi en þeir sem barnlausir eru. Það er líka miður. Að einhverju leyti er þetta háð efnahagsástandinu 2020 þannig að auknar líkur á atvinnuleysi magni þessar áhyggjur þeirra sem eru með börn og það renna niðurstöður stoðum undir eins og kom fram í tölfræðilegum samanburð á fyrri könnun.

Innflytjendur finna ekki fyrir meira atvinnuöryggi á höfuðborgarsvæðinu en landsbyggðinni eins og innfæddir gera. Það gera þeir hins vegar á Akureyri. Við sjáum hins vegar að formerki stuðlanna fyrir dreifbýli og höfuðborgarsvæðið gagnvart atvinnuöryggi innflytjenda snúast við í samanburði við innfædda, þó að ekki séu þau marktæk; jákvætt í dreifbýli og neikvætt á höfuðborgarsvæðinu. Það sýnir vissa leitni. Því má segja að vísbendingar séu um að atvinnuöryggi innflytjenda sé meira á landsbyggðinni þegar horft er líka til áhrifa Akureyrar á atvinnuöryggi þeirra.

Þegar kemur að því að bera saman atvinnumöguleika (þ.e.a.s. úrval atvinnu) innflytjenda og innfæddra þá virtust innfæddir njóta þess ef þeir höfðu aukna starfsreynslu eða bjuggu á Akureyri (Tafla 8.3, líkan 5). Þessir sömu þættir komu innflytjendum ekki til góða ef marka má fylgnina (Tafla 8.3, líkan 6). Hins vegar vann það með innflytjendum ef þeir bjuggu á höfuðborgarsvæðinu en þó vann miklu meira með innfæddum (Tafla 8.3, líkan 5 og 6). Það er hins vegar athyglisvert að sjá það vinna betur með innflytjendum ef þeir voru iðnaðarmenn, sérfræðingar, stjórnendur eða ef þeir störfuðu við þjónustu. Að vísu var meiri óvissa um matið hjá innflytjendum en innfæddum í tilfelli stjórnenda og þeirra sem unnu við þjónustu en í hinum tveimur tilvikunum voru skýrir yfirburðir. Hins vegar þrengdi það mun meira að möguleikum innflytjenda en innfæddum ef þeir störfuðu í ferðaþjónustu og upplýsingatækni.

---

<sup>13</sup> Slík tölfræðiþróf voru framkvæmd en ekki sýnd í skýrslunni.

Þá virtist það vinna gegn atvinnumöguleikum innfæddra ef þeir voru karlar, en ekki í tilfelli innflytjenda. Ekki er auðvelt að útskýra það.

Fáeinir þættir (af þeim sem voru til skoðunar) virtust standa með innflytjendum þegar kom að möguleikum til eigin atvinnurekstrar (Tafla 8.3, líkan 8). Starfsreynsla, trygglyndi og próf í iðngrein eða stúdentspróf stóðu með innflytjendum að þessu leyti. Þá áttu innflytjendur á Akureyri og þeir sem höfðu hærri tekjur meiri möguleika en þeir sem bjuggu annars staðar. Almenn áttu innflytjendur minni möguleika á að ráðast í eigin atvinnurekstur en innfæddir (Tafla 8.3, líkan 7). Þeir innfæddu sem störfuðu í starfsgrein sem útheimtir menntun eins og sérfræðingar, skrifstofufólk, iðnaðarmenn og stjórnendur áttu meiri möguleika á að ráðast í atvinnurekstur en slíkt hafði engin áhrif á innflytjendur í sömu stöðu. Þá vann það mikið með innfæddum ef þeir bjuggu á höfuðborgarsvæðinu en ekki innflytjendum og það sama gildi um þá sem bjuggu í sveit. Eins ef þeir störfuðu í landbúnaði, byggingastarfsemi eða voru í sérfræðilegri og vísindalegri starfsemi. Innfæddir með hærri tekjur voru líklegri til að eiga meiri möguleika á að hefja eigin atvinnurekstur en innflytjendur. Almenn má segja að þeir sem hafi hærri tekjur eigi auðveldara með að fjármagna verkefni í bankakerfinu og eftir öðrum leiðum. Getur verið að innflytjendur standi höllum fæti í bankakerfinu eða hvað aðrar fjármögnunarleiðir snertir? Það að búa einn með börnum sínum vann meira gegn innflytjendum og síðan vann hátt starfshlutfall gegn innflytjendum að þessu leyti en ekki innfæddum.

Þessi umfjöllun bendir til að innflytjendur fái síður notið þeirra eiginleika eða hæfileika sem innfæddir fá umbun fyrir þó svo undantekningar séu á því. Þá er athyglisvert að sjá að innflytjendur í sjávarútvegi virðast fara halloka í þessum samanburði. Það á einnig við um innflytjendur í ferðaþjónustu en þar eru ástæðurnar nokkuð vel þekktar og skiljanlegri.

## 8.4 NIÐURSTÖÐUR DREGNAR SAMAN

---

Í inngangi skýrslunnar voru markmið hennar reifuð. Rífum það upp:

Markmið verkefnisins er að greina stöðu innflytjenda á vinnumarkaði á Covid-árinu 2020. Það verður gert í nokkrum skrefum. Í fyrsta lagi verður staða innflytjenda borin saman við stöðu Íslendinga á vinnumarkaði ársins 2020. Í öðru lagi verður gerð tilraun til að bera saman stöðu innflytjenda á vinnumarkaði 2020 og 2016-2017. Að lokum verður gerð tilraun til að skoða stöðuna landfræðilega og það í tvennu lagi: 1) Staða innflytjenda á vinnumarkaði á höfuðborgarsvæðinu verður borin saman við stöðu þeirra á restinni af landinu. 2) Staða innflytjenda á vinnumarkaði á Vesturlandi verður borin saman við stöðu þeirra á restinni af landinu.

Gögnin buðu ekki upp á að hægt væri að mæta öllum þessum markmiðum með afgerandi hætti þar sem þátttaka var rýr en samanburðurinn á milli innflytjenda og innfæddra var áreiðanlegur sem og samanburðurinn á milli innflytjenda á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu.

### 8.4.1 INNFLYTJENDUR OG ÍSLENDINGAR 2020

---

Megin niðurstöður eru eftirfarandi: Staða innflytjenda var verri en innfæddra árið 2020. Af þeim sex þáttum sem skoðaðir voru sérstaklega og tengjast vinnumarkaðnum með beinum eða óbeinum hætti töldu innflytjendur sig standa verr en innfæddir er varðar atvinnuöryggi, atvinnuúrval og möguleika til að ráðast í eigin atvinnurekstur. Þá mældust þeir með marktækt lægri tekjur og ekki eins hamingjusamir. Hins vegar voru þeir ekki marktækt óánægðari með laun sín. Síðri hamingja innflytjenda en innfæddra var að mestu leyti útskýrð af vinnumarkaðslegum þáttum.

#### 8.4.2 STAÐA INNFLYTJENDA 2016/2017 OG 2020

Lýsandi greining leiddi í ljós að staða innflytjenda á vinnumarkaði versnaði 2020 í samanburði við 2016/2017 (Mynd 8.5). Það gerði staða innflytjenda í grunnskólum og tónlistarskólum líka. Almenn þjónusta við þá hafði versnað sem og framfærsla þeirra. Þá höfðu nokkrir þættir batnað á milli kannana að mati innflytjenda. Þar má nefna nettengingar, vegakerfið og leiguíbúðir. Það má sennilega rekja til þess að miklar endurbætur voru gerðar á nettengingum í dreifbýli á árunum sem liðu milli kannana. Einnig að minna álag er á vegakerfinu og leigumarkaðnum þegar minna er um ferðamenn.

Taka þarf niðurstöðum þessa kafla með fyrirvara. Hér voru þó eingöngu nefndar þær niðurstöður sem höfundur þóttu áreiðanlegastar m.v. samanburð við aðrar rannsóknir. Meiri óvissa er um þessar niðurstöður af ýmsum ástæðum sem raktar hafa verið áður.

#### 8.4.3 STAÐA INNFLYTJENDA Á LANDSBYGGÐINNI OG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU 2020

Megin niðurstöður eru eftirfarandi: Af þeim sex þáttum sem skoðaðir voru sérstaklega og tengjast vinnumarkaðnum með beinum eða óbeinum hætti töldu innflytjendur á höfuðborgarsvæðinu sig standa betur en innflytjendur á landsbyggðinni er varðar atvinnuúrval (Tafla 8.3, líkan 6) og ánægju með laun sín þegar horft var til einfaldrar greiningar (Mynd 8.15). Hins vegar mældust innflytjendur með marktækt lægri tekjur á höfuðborgarsvæðinu en innflytjendur annars staðar á landinu þegar leiðrétt hafði verið fyrir fjölda annarra mikilvægra skýringarþátta (Tafla 8.4, líkan 10). Nánari rýni á leiddi í ljós að misjafnlega mikla ánægju með launin milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar mátti rekja til þess að á landsbyggðinni bjuggu hlutfallslega fleiri innflytjendur einir með börn sín en á höfuðborgarsvæðinu og svo voru hlutfallslega fleiri sérfræðingar í hópi innflytjenda á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni<sup>14</sup>. Enginn marktækur munur var síðan á milli þessara hópa gagnvart hinum fjórum þáttunum; ánægju með laun, atvinnuöryggi, möguleikum á eigin atvinnurekstri og hamingju (Tafla 8.2, Tafla 8.3 og Tafla 8.4).

Þegar horft var til allra búsetuskilyrðanna 40 sem spurt var um í íbúkönnuninni 2020 þá voru mun færri sem komu betur út á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu (Mynd 8.3). Þeir þættir sem koma betur út á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu eru t.d. þeir sem tengjast framfærslu, umferð og íbúðamarkaði. Þeir sem koma verr út eru helst þeir sem tengjast háskólanámi, afþreyingu og ýmiskonar þjónustu.

#### 8.4.4 STAÐA INNFLYTJENDA Á VESTURLANDI OG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU 2020

Staða innflytjenda á Vesturlandi var almennt betri en staða innflytjenda annars staðar á landsbyggðinni. Sáttastir voru þeir við þætti sem tengjast framfærslu, skóla og umferðarmálum. Ósáttastir við þætti er tengjast menningu og háskóla. Athygli vekur hvað atvinnuöryggið kom vel út í þessum samanburði. Ekki er ljóst í hverju það getur legið. Taka skal þessum samanburði með mikilli varfærni þar sem aðeins um 100 svör lágu fyrir af Vesturlandi.

<sup>14</sup> Þannig var þessi landfræðilegi munur í ánægju með laun aðallega rakinn til landfræðilegs munar á þessu tvennu.

## 9 LOKAORÐ

---

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna stöðu innflytjenda á vinnumarkaði á Covid-kreppuárinu 2020. Tilfnið var ærið því þessi hópur er stór í íslensku samfélagi og erlendar rannsóknir benda til að innflytjendur verði almennt harðar úti í kreppum og samdráttarskeiðum en innfæddir. Ekki síst vegna þess að ferðaþjónustan er sú atvinnugrein sem Covid-kreppan hefur leikið verst og hún hefur verið stærsti vinnuveitandi innflytjenda á Íslandi um nokkurra ára skeið.

Við greiningu staðtalna kom í ljós að innflytjendum hefur fjölgað á Íslandi eftir að Covid-kreppan skall á ólíkt því sem gerðist í kjölfar bankahrunsins 2008 þegar þeim fækkaði lítið eitt. Þetta gerist þrátt fyrir aukið atvinnuleysi í þeirra röðum. Það hefur aukist mikið frá 2018 en fjöldi starfandi innflytjenda dróst eingöngu saman árið 2020 þegar skoðuð var þróunin frá 2012 (Mynd 4.1).

Greining á skoðanakönnunargögnum frá 2020, þar sem tæplega 11.000 tóku þátt, þar af tæplega 1.000 innflytjendur, leiddi í ljós að innflytjendur stóðu höllum fæti á vinnumarkaði árið 2020 samanborið við innfædda í fimm atriðum af þeim sex sem horft var sérstaklega til í þessari rannsókn. Það voru atvinnuöryggi, úrval atvinnu, möguleikar til eigin atvinnureksturs, raunverulegur tekjumunur og hamingja. Munurinn á hamingju innflytjenda og innfæddra var að lang mestu leyti skýrður með aðstæðum þeirra á vinnumarkaði. Hins vegar voru þeir ekki óánægðari með launin sín en innfæddir.

Vísbendingar eru um það að innflytjendur fái ekki umbun á vinnumarkaði fyrir ýmsa þætti til jafns við það sem innfæddir fá eins og t.d. aldur, starfsaldur og menntun.

Niðurstöðurnar eru í nokkru samræmi við þær erlendu rannsóknir sem horft var til en það er áhyggjuefni og full ástæða til að hugleiða aðgerðir til úrbótar. Tvær augljósar leiðir til úrbótar væru aukin tungumálakennsla og betri upplýsingar um þessa stöðu. Íslenskunámskeið fyrir innflytjendur mættu vera ódýrari fyrir þá. Aukin menntun að öðru leyti virðist ekki vera vænleg til árangurs því innflytjendur eru oftast betur menntaðir en innfæddir innan sömu atvinnugreina. Gera mætti upplýsingar um stöðu innflytjenda á Íslandi aðgengilegri (gagnatorg) og hafa þær á íslensku, ensku, pólsku og e.t.v. fleiri tungumálum. Þá þyrfti líka að upplýsa innflytjendur vel um réttindi sín og skyldur. Fleiri aðgerðir mætti eða þyrfti að nefna en hér er látið staðar numið.

Innflytjendur á landsbyggðinni virðast hafa hærri tekjur en innflytjendur á höfuðborgarsvæðinu en minna úrval af atvinnu. Þá voru innflytjendur á höfuðborgarsvæðinu ánægðari með laun en þeir sem bjuggu á landsbyggðinni. Þegar horft var til allra búsetuskilyrða óháð því hvort þau tengdust vinnumarkaðnum var staða innflytjenda betri á höfuðborgarsvæðinu.

Niðurstöðurnar byggja á stóru gagnasafni skoðanakönnunar frá 2020 eins og áður sagði. Einnig var stuðst við sambærileg gögn frá 2016/2017 en varfærni var gætt við túlkun þar sem þátttaka meðal innflytjenda hefði mátt vera betri. Viðurkenndum tölfræðigreiningum fyrir gagnasöfn af þessu tagi var beitt.

### **Þakkir og upplýsingar um fjármögnun**

Höfundur þakkar styrk upp á 2.500.000 kr sem Byggðarannsóknasjóður veitti verkefninu og styrk frá Þróunarsjóði innflytjendamála upp á 1.500.000 kr. Án styrkjanna hefði verkefnið aldrei verið unnið.

- Ballester, R., Velazco, J., & Rigall-I-Torrent, R. (2015). Effects of the Great Recession on Immigrants' Household Consumption in Spain. *Soc Indic Res*, 123(3), 771-797. doi:10.1007/s11205-014-0760-1
- Barbaglia, M. G., Have, M. t., Dorsselaer, S., Alonso, J., & de Graaf, R. (2015). Negative socioeconomic changes and mental disorders: a longitudinal study. *Journal of Epidemiology and Community Health*, 69(1), 55-62. doi:10.1136/jech-2014-204184
- Block, J. H., Millán, J. M., Román, C., & Zhou, H. (2014). Job Satisfaction and Wages of Family Employees. *Entrepreneurship Theory and Practice*, 39(2), 183-207. doi:10.1111/etap.12035
- Briones-Vozmediano, E., Agudelo-Suarez, A. A., Goicolea, I., & Vives-Cases, C. (2014). Economic crisis, immigrant women and changing availability of intimate partner violence services: a qualitative study of professionals' perceptions in Spain. *International Journal for Equity in Health*, 13(1), 79. doi:<http://dx.doi.org/10.1186/s12939-014-0079-1>
- Cachon, L., & Aysa-Lastra, M. (2015). *Immigrant Vulnerability and Resilience* (Vol. 11). Cham: Cham: Springer International Publishing AG.
- Calnan, R., & Painter, G. (2017). The response of Latino immigrants to the Great Recession: Occupational and residential (im)mobility. *Urban Studies*, 54(11), 2561-2591. doi:10.1177/0042098016650567
- Duncan, G. J., & Holmlund, B. (1983). Was Adam Smith Right After All? Another Test of the Theory of Compensating Wage Differentials. *Journal of Labor Economics*, 1(4), 366-379. doi:10.1086/298018
- Florida, R. (2008). *Who's Your City?: How the Creative Economy Is Making Where to Live the Most Important*. New York: Basic Books.
- Fromentin, V., Damette, O., & Zou, B. (2017). The Global Economic Crisis and The Effect of Immigrant Workers on Native-born Employment in Europe. *World economy*, 40(6), 1068-1088. doi:10.1111/twec.12394
- Gassen, N. S., & Penje, O. (2021). *Integrating immigrants into the Nordic labour markets. The impact of the COVID-19 pandemic*. Sótt á: Stockholm: <https://pub.norden.org/nord2021-050/#84897>
- Gotsens, M., Malmusi, D., Villarroel, N., Vives-Cases, C., Garcia-Subirats, I., Hernando, C., & Borrell, C. (2015). Health inequality between immigrants and natives in Spain: the loss of the healthy immigrant effect in times of economic crisis. *European Journal of Public Health*, 25(6), 923-929. doi:10.1093/eurpub/ckv126
- Hagstofa Íslands. (2020) *Innflytjendur 15,2% íbúa landsins*. Sótt á: <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-eftir-bakgrunni-2020/>
- Hjördís Rut Sigurjónsdóttir, Sigvardsson, D., & Oliveira e Costa, S. (2021). *Who is left behind? The impact of place on the possibility to follow Covid-19 restrictions*. Sótt á: <https://nordregio.org/publications/who-is-left-behind-the-impact-of-place-on-the-possibility-to-follow-covid-19-restrictions/>
- Irastorza, N., & Peña-Legazkue, I. (2018). Immigrant Entrepreneurship and Business Survival during Recession: Evidence from a Local Economy. *The Journal of Entrepreneurship*, 27(2), 243-257. doi:10.1177/0971355718781248
- Jóngeir Hjörvar Hlinason. (2022, 3. febrúar) *Atvinnuleysisbótaréttur innflytjenda, búseta þeirra og brottflutningur*/Interviewer: Vífill Karlsson.
- Kuntz, A., Davidov, E., & Semyonov, M. (2017). The dynamic relations between economic conditions and anti-immigrant sentiment: A natural experiment in times of the European economic crisis. *International journal of comparative sociology*, 58(5), 392-415. doi:10.1177/0020715217690434
- Lessem, R., & Nakajima, K. (2019). Immigrant wages and recessions: Evidence from undocumented Mexicans. *European Economic Review*, 114, 92-115. doi:<https://doi.org/10.1016/j.eurocorev.2019.02.004>
- Magnús Heimir Jónasson. (2017, 05.07.). Sterk króna lemur á ferðaðjónustunni. *Morgunblaðið*. Sótt á: [https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/07/05/sterk\\_krona\\_lemur\\_a\\_ferdathjonustu/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/07/05/sterk_krona_lemur_a_ferdathjonustu/)
- Marketa, R. (2012). Responses to the Economic Crisis among Immigrants in the Czech Republic: Impeding and Inhibiting Factors for Staying. *Comparative population studies*, 37(1-2).



- Nielsen, S. S., & Krasnik, A. (2010). Poorer self-perceived health among migrants and ethnic minorities versus the majority population in Europe: a systematic review. *International Journal of Public Health*, 55(5), 357-371. doi:10.1007/s00038-010-0145-4
- Oddný Þóra Óladóttir. (2020). *Erlendir ferðamenn á Íslandi 2019: Lýðfræði, ferðahegðun og viðhorf*. Sótt á: <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2021/juni/lokaskýrsla-2019-2a.pdf>
- Petrelli, A., Di Napoli, A., Rossi, A., Costanzo, G., Mirisola, C., & Gargiulo, L. (2017). The variation in the health status of immigrants and Italians during the global crisis and the role of socioeconomic factors. *International Journal for Equity in Health*, 16(1), 98. doi:10.1186/s12939-017-0596-9
- Porthé, V., Vargas, I., Ronda, E., Malmusi, D., Bosch, L., & Vázquez, M. L. (2017). Has the quality of health care for the immigrant population changed during the economic crisis in Catalonia (Spain)? Opinions of health professionals and immigrant users. *Gac Sanit*, 32(5), 425-432. doi:10.1016/j.gaceta.2017.03.010
- Seðlabanki Íslands. (2021). Hagvísar. *Hagvísar*, (4), 1-42. Sótt á: [https://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn/Hagvisar/HV-2021/HV-Desember-2021/HV\\_desember\\_2021.pdf](https://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn/Hagvisar/HV-2021/HV-Desember-2021/HV_desember_2021.pdf)
- Sjaastad, L. A. (1962). The costs and returns of human migration. *The Journal of Political Economy*, 70(5), 80-93.
- Smith, A. (1776). *Auðlegð þjóðanna* (Þ. Þórsson, Trans.). Reykjavík: Bókafélagið.
- Smith, R. S. (1979). Compensating Wage Differentials and Public Policy: A Review. *ILR Review*, 32(3), 339-352. doi:10.1177/001979397903200304
- Spallek, J., Zeeb, H., & Razum, O. (2011). What do we have to know from migrants' past exposures to understand their health status? a life course approach. *Emerging Themes in Epidemiology*, 8(1), 6. doi:10.1186/1742-7622-8-6
- Subedi, R. P., & Rosenberg, M. W. (2014). Determinants of the variations in self-reported health status among recent and more established immigrants in Canada. *Social Science & Medicine*, 115, 103-110. doi:<https://doi.org/10.1016/j.socscimed.2014.06.021>
- Takenoshita, H. (2017). The Impact of the Recent Economic Crisis on Unemployment Among Immigrants in Japan. *Journal of international migration and integration*, 18(2), 563-585. doi:10.1007/s12134-016-0481-1
- UN. (2009). *International migrant stock: The 2008 revision*. Retrieved from <http://esa.un.org/migration/>
- Violeta Tolo, T. (2013). *The implication of the economic crisis on the Filipino community in Iceland and why families in the Philippines are affected*. (MSc MSc), Háskólinn á Bifröst, Bifröst.
- Vífill Karlsson. (2015). Interregional Migration and Transportation Improvements in Iceland. *International Regional Science Review*, 38(3), 292-315. doi:10.1177/0160017613496631
- Vífill Karlsson. (2018). *Íbúakönnun á Íslandi: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða 19 landsvæða á landsbyggðunum frá Hornafirði í austri að Skagafirði í norðri*. Sótt á: [http://ssv.is/wp-content/uploads/2018/05/Ibuakonnun\\_2016\\_Allir-landshlutar\\_lokaeintak-2.pdf](http://ssv.is/wp-content/uploads/2018/05/Ibuakonnun_2016_Allir-landshlutar_lokaeintak-2.pdf)
- Vífill Karlsson. (2020). *The darkest hour is just before the dawn: What are the residential preferences of new rural in-migrants in Iceland and do they differ from those of the traditional farmer?* Sótt á: <http://ssv.is/wp-content/uploads/2020/01/Oll-el-birtir-lokaeintak.pdf>
- Vífill Karlsson. (2021). Íbúakönnun landshlutanna 2020: Gögn og aðferðir. *Deigla*, 2(2), 1-25. Sótt á: ssv.is
- Vífill Karlsson. (2021). *Ísland ljóstengt: Samfélagsleg ahrif af verkefninu 2016-2021*. Sótt á: ssv.is
- Vífill Karlsson., & Hannesdóttir, S. K. (2021). *Sínum augum lítur hver á silfrið: Búsetuskilyrði og blæbrigði þeirra ía hugum íbúanna*. Sótt á: ssv.is
- Vífill Karlsson., & Pétursdóttir, H. M. (2021). Íbúakönnun landshlutanna 2020: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða. *Deigla*, 1(1), 1-114. Sótt á: ssv.is
- Zhu, P., Liu, C. Y., & Painter, G. (2014). Does residence in an ethnic community help immigrants in a recession? *Regional Science and Urban Economics*, 47, 112-127. doi:<https://doi.org/10.1016/j.regsciurbeco.2013.09.014>
- Orrenius, P. M., & Madeline, Z. (2009). *Tied to the business cycle: How immigrants fare in good and bad economic times*. Retrieved from Washington, DC: <https://www.migrationpolicy.org/pubs/orrenius-Nov09.pdf>